

Margur heldur mig sig
**FJÖLDI FÓLKS DEILIR EFTIR-
LÆTISMÁLSHÆTTINUM SÍNUM**



40

MAX
RAFTAKI
AUKABLAÐ Í DAG
Velkomin í Holtagarða og Kaupþún

Fullar búðir af vörum
á gamla genginu!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. mars 2008 – 80. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGAVEGINN



**UPPRISA MARÍU
MAGDALENU**


Þórhallur Heimisson
birtir nýja sýn á eina
áhrifamestu konuna í
lífi Jesú Krists.

VIÐTAL 28-29



STÍLL 56

VEÐRIÐ Í DAG



Milt og rólegt Í dag er milt og rólegt veður og verður um páska, á öðrum degi páska má þó búast við talsverðri úrkomu víða um land. Á morgun verður úrkoman bundin við suðurhelling landsins.

VEÐUR 4

Lithái sem sló lögregluþjón handtekinn með e-töflur

Götuþúpur fíkniefnadeildarinnar tók tvo menn með e-töflur á miðvikudagskvöld. Þessir tveir menn voru í hópnum sem réðst á götuþúpin í janúar og stórslasaði tvo lögreglumenn.

LÖGREGLUMÁL Götuþúpur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók tvo litháiska karlmenn með nokkurt magn af e-töflum í fórum sínum á miðvikudagskvöld. Annar manna var fyrir skömmu dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir að ráðast á meðlimi götuþúpsins á Laugaveginum í janúar. Hinn maðurinn var sýknaður í því máli ásamt öðrum landa sínum. Tveir lögreglumenn slösuðust alvarlega í árásinni. Mikil óánægja varð meðal lögreglumanna þegar Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp dóminn yfir mönnum.

Götuþúpurinn var á miðvikudagskvöldið við hefðbundnið eftirlit með sölu og dreifingu fíkniefna á skemmtistöðum þegar mennirnir voru teknir. Samtals komu upp

fimm mál, þar sem fólk var með neysluskammta fíkniefna í vörslu sinni, amfetamín, kannabis og e-töflur.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, staðfesti við Fréttablaðið að fimm fíkniefnamál hefðu komið upp en vildi ekki tjá sig um einstaka þætti þeirra.

Árásin í janúar átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Monte Carlo á Laugavegi. Fjórir óeinkennisklæddir lögreglumenn voru þá við fíkniefnaeftirlit og höfðu afskipti af tveimur körlum og einni konu. Á sama tíma komu mennirnir þrír, litháískir ríkisborgarar, akandi niður Laugavegin ásamt tveimur löndum sínum og íslenskrari konu.

Mennirnir sögðust hafa haldið að lögreglumennirnir, sem voru óeinkennisklæddir, hefðu

ætlað að ráðast á fólkið. Þeir hefðu viljað koma fólkinu til hjálpar. Einn Litháanna fór út úr bílnum og kýldi tvo af lögreglumönnum.

Mönnum þremur var svo öllum gefið að sök að hafa ráðist á annan lögregluþjón, slegið hann ítrekað, meðal annars í höfuðið, og sparkað tvisvar í höfuð hans eftir að þeir höfðu felld hann. Lögreglumaðurinn hlaut heilahristing og marga aðra áverka. Lögreglumennirnir þurftu áfallahjálp eftir árásina.

Samkvæmt dómnum fékkst ekki fullsannað hver hefði ráðist á lögreglumanninn, enda hefðu fleiri en ákærðu verið á staðnum. Voru þeir því allir sýknaðir. Ríkissaksóknari hefur nú dóminn yfir árásarmönnum undir höndum og mun ákvarða hvort honum verði áfrýjað til Hæstaréttar. Sú ákvörðun liggur fyrir eftir páska.



FJÖR Í BLÁFJÖLLUM Fjöldi fólks lagði leið sína í Bláfjöll í gær enda skíðaferið gott og veður með besta móti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Landsmenn nýta páskablíðuna til að renna sér í snævi þöktum brekkum:

Metfjöldi í Hlíðarfjalli í gær

ÚTIVIST Þúsundir Íslendinga nutu veðurblíðunnar í gær á skíðasvæðunum í Bláfjöllum og Hlíðarfjalli á Akureyri. Tæplega fjögur þúsund manns slektu sólina í snjónum í Hlíðarfjalli, sem er metfjöldi að sögn Guðmundar Karls Jónssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins.

„Við höfum aldrei selt eins

marga miða í lyfturnar,“ segir Guðmundur. „Auk þess var mikill fjöldi kominn bara til þess að sýna sig og sjá aðra.“ Guðmundur býst við viðlíka aðsókn nú um helgina.

Í Bláfjöllum voru um sex þúsund manns, að sögn Magnúsar Árnasonar, framkvæmdastjóra skíðasvæðisins. „Þetta er stórkostlegur dagur,“ sagði hann

þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Sá næststærsti hjá okkur þetta árið.“

Á morgun verður gestum boðið upp á tónleika í Bláfjallaskála. Þeir hefjast klukkan eitt þegar plötusnúðar þeyta skífum og liðsmenn Benna Hemm Hemm munu síðan stíga á svið klukkan þrjú.

- sh

Ökumaður slapp naumlega: Sjórinntók mótörhjólíð

LÖGREGLUMÁL Ökumaður torfæru-mótörhjólslapp naumlega þegar hann missti hjólið í sjóinn við ósa árinna Klifanda á Sólheimasandi laust fyrir klukkan ellefu í gærmorgun.

Hugðist maðurinn ásamt þremur öðrum félögum sínum þvera ána Klifanda á mótörhjólum við ósinn. Hafði mótörhjólmannsins stöðvast í ósnum og var hann að rétta það af þegar undiralda reif í hjólið og ákvað maðurinn að sleppa taki á því til að bjarga sjálfum sér. Komst hann með aðstoða félaga síns blautur, kaldur og hrakinn aftur á land en hjólið hvarf í sjóinn og sást ekki meira.

Lögreglan á Hvolsvelli vill koma því á framfæri að sjórinntök getur verið varhugaverður á söndunum við suðurströndina þar sem útsög er oft mjög öflugt.

- ovd

Opið 10-18 í dag
Kringlan

NÆSTUM NÝIR BÍLAR
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

STRUMPALEGA PÁSKA
NÓI SÍRÍUS



Herbert, eru Breiðhyltingar á nálum?

„Nei nei, við höldum ró okkar. Það er gott að búa í Breiðholti.“

Breiðhyltingurinn Herbert Guðmundsson er hvergi banginn þrátt fyrir fregnir af þremur ránum í hverfinu þar sem sprautunálum var beitt sem vopnum.

Sveitarstjóri Norðurbings telur kærur Landverndar ekki hefja undirbúning fyrir álver:

Landvernd fer offari í kærurum

UMHVERFISMÁL Landvernd fer offari með því að kærur ákvörðun Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðs álvers og virkjana við Húsa-vík, segir Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurbings. Kærur Landverndar muni þó ekki hefja undirbúning fyrir álver á Bakka.



BERGUR ELÍAS ÁGÚSTSSON Sveitarstjóri Norðurbings segist ekki hafa skilning á kærur Landverndar vegna Bakka.

það sé allt kært, óháð því hvornig málin eru unnin. Þetta er liður í því, og það er miður,“ segir Bergur. Þarna fari Landvernd augljóslega offari.

„Allt sem viðkemur þessu verkefni hefur verið unnið í mikilli sátt og samlyndi milli sveitarfélaga og aðila,“ segir Bergur.

„Við látum þessa kærur ekki hafa nein áhrif á þetta verkefni. Ég á ekki von á því að þetta muni hefja eitthvað neitt,“ segir hann.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur fram að sveitarfélög á svæðinu leggi áherslu á að sameina umfjöllun um tengdar framkvæmdir eins og kostur er.

Bergur segir þá skoðun óbreyttu, en augljóslega sé ekki hægt að fjalla saman um framkvæmdir sem koma þar á eftir mjög misjafnlega langt. - bj

Willie Green er frjálstur maður:

Sat saklaus í fangelsi í 25 ár

SAKAMÁL Bandarískur maður sem hafði dúsað í næstum 25 ár í fangelsi hefur verið látinn laus eftir að hafa verið ranglega sakaður um að hafa brotist inn í eiturlyfjabæli og myrt 25 ára konu sem þar dvaldi.

„Þetta er yndislegur dagur,“ sagði maðurinn sem heitir Willie Earl Green. „Ég gafst aldrei upp því ég vissi að þessi dagur myndi renna upp. Ég bað aldrei um miskunn heldur aðeins um að réttlæti næði fram að ganga.“ Green var sleppt úr haldi eftir að í ljós kom að aðalvitnið í málflutningi saksóknarans hafði logið við réttarhöldin yfir honum. - fb

Lést í umferðarslysi

Konan sem lést í bílslysi í Hafnarfirði á miðvikudaginn hét Anna Guðrún Antonsdóttir. Hún var 72 ára að aldri, til heimilis að Álfaskeiði 64 í Hafnarfirði.

Ók hún fólksbíl sem lenti í árekstri við jeppabifreið á gatnamótum Reykjavíkurvegjar og Stakkahrauns.

Hafna hugmyndum um mismislag gatnamót

Íbúar í Hlíðahverfi eru mótfallnir hugmynd borgaryfirvalda um mismislag gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Vilja umferðina neðanjarðar. Engin lausn er fullkomin, segir formaður umhverfisráðs borgarinnar.

SKIPULAGSMÁL Íbúasamtök í Hlíðahverfi eru andsnún þeim hugmyndum um mismislag gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar sem borgaryfirvöld hafa kynnt. Þau vilja aðra útfærslu á mismislagum gatnamótum þar.



GATNAMÓT Áætlanir borgaryfirvalda gera ráð fyrir því að hringtorg verði í um 2,5 metra hæð yfir núverandi gatnamótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar, en brautirnar sjálfar fari undir hringtorgið.

„Núverandi ástand er algerlega óviðunandi og alveg ljóst að eitthvað verður að gera mjög fljótt,“ segir Hilmar Sigurðsson, formaður Íbúasamtaka 3. hverfis. Hann segir íbúa vilja nýjar hugmyndir upp á borðið.

„Við viljum láta skoða hvort hægt sé að vinna að lausn sem sættir þá umferð sem þarf að fara hér í gegn, og okkar kröfu um það að lífsgæði okkar verði svipuð og það sem almennt þekktist í íbúðahverfum í borginni,“ segir Hilmar.

Borgaryfirvöld hafa kynnt lausn í þremur áföngum. Í þeim fyrsta á að gera mismislag gatnamót á mótum Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar og leggja Kringlumýrarbraut í stökk til suðurs. Í öðrum áfanga er ráðgert að leggja Miklubraut í opinn stökk milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar. Í síðasta áfanganum á að leggja Miklubrautina í stökk að Rauðarárstíg.

Þó það verður til opins borgarfundar um hugmyndir borgaryfirvalda fljótlega eftir páska.

Hilmar segir íbúa í hverfinu vilja koma umferðaræðunum í lokaða stökka og að mismislag gatnamót við Kringlumýrarbraut verði grafin niður í stað þess að hækka þau upp í 2,5 metra hæð.

Reiknað er með að framkvæmd-

irnar muni kosta um 14 milljarða króna. Sá kostnaður mun aukast nái hugmyndir íbúa fram að ganga.

„Þetta er rosaleg fjárfesting sem á að fara í og hvers vegna þá ekki að fara alla leið með þetta og uppfylla kröfur íbúa og vegfaranda?“, segir Hilmar.

„Engin lausn er fullkomin,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs borgarinnar. Hann segir sjónarmið íbúa fara að miklu leyti saman við sjónarmið borgar-

yfirvalda, allir vilji breytingu á því ástandi sem nú sé uppi.

Markmiðið með þeirri útfærslu sem nú er kynnt er að auka öryggi vegfarenda og draga úr svifryksmengun og hljóðmengun.

„Það eina sem vakir fyrir okkur er að gera sem besta lausn fyrir alla. Við viljum lágmarka umferð á yfirborði og hámarka lífsgæðin. Okkur finnst þessi leið gera það best, en erum auðvitað tilbún til að hlusta á allar athugasemdir,“ segir Gísli Marteinn. - bjann@frettabladid.is

Sarkozy Frakklandsforseti: Ætlar að fækka kjarnaoddu

FRAKKLAND, AP Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, ætlar að fækka kjarnaoddu landsins um



NICOLAS SARKOZY

þriðjung, þannig að þeir verði innan við þrjú hundruð talsins. Hvatti hann jafnframt Kínverja og Bandaríkjamenn til að hætta öllum tilraunum á kjarnavopnum.

Sarkozy tók fram í ræðu sem hann hélt að kjarnavopn væru ennþá mikilvægur hluti af varnarmálum Frakka. „Þau eru líftrygging þjóðarinnar,“ sagði hann. Bætti hann því við að þrátt fyrir að Frakkar sjái ekki fram á innrás í landið séu aðrar hættur fyrir hendi. Nefndi hann eldflaugar írana í því sambandi og þær grunsemdir sem fylgdu kjarnorkuáætlun landsins. - fb

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fjöldi hraðakstursbrota

Lögreglan á Hvossvelli tók nítján ökumenn fyrir of hraðan akstur í umdæmi sínu í gær. Margir þeirra voru á um eða yfir 120 kílómetra hraða á klukkustund þar sem hámarkshraði er 90.

Alþjóðasamfélagið þarf að samræma betur starfið í Afganistan segir ráðherra:

Þarf að hlusta á heimamenn

UTANRÍKISMÁL Gagnrýna má alþjóðasamfélagið fyrir að hlusta ekki nægilega mikið á heimamenn í Afganistan segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

Hún er nú nýkomin heim frá heimsókn sinni til Afganistan. Hún segir heimsóknina hafa skilað sér betri tilfinningu fyrir því sem sé að gerast í landinu.

„Við höfum verið að vinna að mjög merkilegum verkefnum í Afganistan og ég efast um að fólk viti hvað hefur verið gert,“ segir Ingibjörg. Hún nefnir sem dæmi að um tuttugu litlar vatnsaflsvirkjanir hafi verið settar upp, munaðarleysingjahæli byggð og konum veitt lögfræðiaðstoð.

Nú stendur til að íslenskir friðargæsluliðar taki þátt í verkefni með Norðmönnum, sem hafa þegar byggt yfir hundruð barnaskóla í norðurhluta landsins og þjálfað yfir 1.000 kennara.

„Það skiptir miklu þegar verkefni eru valin að hlusta vel á það sem samfélagið á staðnum setur í forgang. Það má kannski að einhverju leyti gagnrýna alþjóðasamfélagið fyrir að hafa ekki hlustað nægilega vel eftir þörfum og óskum Afgana sjálfra,“ segir Ingibjörg Sólrún. Hún segir miklu skipta að samræma betur



PINGKONUR Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hitti meðal annars afganskar þingkonur, sem lágu síður en svo á skoðunum sínum um ástandið í landinu.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

aðgerðir alþjóðasamfélagsins í Afganistan og að meira af uppbyggingarstarfinu verði undir stjórn Sameinuðu þjóðanna.

- bj

Bestir í kjöti

Úr Kjötborði Noatúns

SPRENGIVERÐ

899 kr. kg.

Lambalæri af nýslátruðu

Þú sparar 400 kr.

NÓATÚN

www.noatun.is

LÉTTUR ÞÉR LÍF



10 stk.
Páskaliljur
499 kr



Páskagreinar
599 kr



2 fyrir 1
Páskaliljur í potti
299 kr

Verðsprenngja á páskaliljum

Allt páskaskraut
30%
afsláttur



ÍS á
10 kr
í Skútuvogi

Blómaval um land allt
er opið í dag, laugardag

Blómaval Skútuvogi
og Blómaval Akureyri
eru opin á annan í páskum

Sjá nánar á blomaval.is

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	77,65 78,03
Sterlingspund	155,36 156,12
Eura	122,17 122,85
Dönsk króna	16,377 16,473
Norsk króna	15,182 15,272
Sænsk króna	12,946 13,022
Japanskt jen	0,7863 0,7909
SDR	127,62 128,38

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,5528
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Seðlabankinn þarf að auka gjaldeyrisforðann líkt og seðlabankar G-10 ríkjanna:

Teppa á gjaldeyrismarkaði

EFNAHAGSMÁL Seðlabankinn á ekki einungis að tryggja aðgengi að íslenskum krónum heldur ætti hann einnig að tryggja aðgengi að lausu fé í erlendri mynt, segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans. „Það er brestur á gjaldeyris-skiptamarkaði. Markaðurinn höktir verulega í dag, sem ýkir sveiflur á gengi íslensku krónunnar.“ segir Edda Rós. Líkja megi ástandi á gjaldeyris-skiptamarkaði við umferðarteppu á þjóðvegi þegar aðeins ein akrein er opin og öku-menn eru farnir að keyra utanveg-ar til að komast leiðar sinnar. Tvær leiðir eru færar til að



EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

bæta virkni gjaldeyrismarkaðar-ins hér á landi. Annars vegar getur Seðlabankinn notað hluta gjaldeyrisforðans til að gera

gjaldeyris-skiptasamninga við við-skiptabankana og liðka þannig fyrir flæði fjármagns til og frá landinu.

Hins vegar mætti heimila við-skiptabönkunum að leggja fram íslensk veð gegn erlendri mynt í endurhverfum viðskiptum við Seðlabankann, þegar bankinn lánar reiðufé í viku gegn tryggu veði.

Edda Rós segir báðar leiðirnar krefjast þess að Seðlabankinn auki gjaldeyrisforða sinn talsvert frá því sem nú er. Auk þess sé æskilegt að bankinn geri gjaldeyris-skipta-samninga við erlenda seðlabanka, eins og seðlabankar G-10 ríkjanna hafa gert sín á milli.

Danskur blaðberi myrtur:

Þrír piltar handteknir

KAUPMANNAHÖFN Þrír piltar á aldrinum fimmán til sautján ára hafa verið handteknir í Kaupmannahöfn grunaðir um að hafa barið sextán ára blaðburðardreng til bana með hafnaboltakylfu á miðvikudag. Hafa þeir verið úrskurðaðir í 27 daga gæsluvarð-hald.

Drengurinn var laminn með einu kylfuhöggi í höfuðið eftir að hafa verið í matarhléi með vini sínum sem einnig var að bera út blöð. Dönsku lögreglunni er ekki kunnugt um ástæðuna fyrir morðinu og telur einna helst að árasin hafi verið með öllu tilefnislaus.

Tveir ríkisstarfsmenn reknir: Skoðuðu skrár frambjóðenda

WASHINGTON, AP Tveir starfsmenn bandaríska utanríkisráðuneytisins hafa verið reknir og einn áminntur eftir að þeir brutu lög með því að skoða vega-bréfsúmsóknir forsetaframbjóðendanna Baracks Obama, Hillary Clinton og Johns McCain.



BARACK OBAMA

Hefur málið vakið upp grunsemdir um að upplýsingarnar hafi verið nýttar í pólitískum tilgangi.

Sami aðilinn og skoðaði vegabréfsúmsókn Obama fyrir skömmu skoðaði úmsókn McCain fyrir á árinu. Í tilfalli Hillary þá var brotist inn í hennar skrá síðasta sumar og komst strax upp um brotið. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur þegar beðið Obama afsökunar á málinu og ætlar að rannsaka það til fullnustu.



VERSLANIRNAR ÞRÍJAR Í öllum ránunum þremur, sem og ránstírauninni á miðvikudagskvöld, var fólki hótáð með sprautunál. Engan sakaði þó í ránunum og ekki liggur fyrir hvort nálin eða nálarnar hafi í raun og veru borið lifrabólgu-smit.

Sprauturæningjar úrskurðaðir í vikulangt varðhald

Þrír menn hafa verið úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald grunaðir um aðild að þremur ránum í Breiðholti. Í öllum ránunum var fólki hótáð lifrabólgu-smiti með sprautunál. Yngsti maðurinn er sautján ára.

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók síðdegis í gær þrjá menn sem grunaðir eru um aðild að þremur ránum og einni ránstíraun í Breiðholti síðustu daga. Þeir voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald í gærkvöldi til 28. mars. Sá yngsti er sautján ára, hinir á þrítugs- og fertugsaldri. Þeir hafa allir komið við sögu lögreglu áður.

Fyrsta ránið var framið um klukkan níu á miðvikudagskvöld. Þá ruddist maður inn í söluturninn King Kong við Eddufell og ógnaði tvítugri afgreiðslustúlkun með sprautunál. Hann sagði henni að sprautan bæri smit af lifrabólgu C og að hann myndi stinga hana rétti hún honum ekki peninga.

Hann komst á brott með einhverja fjármuni. Skömmu áður hafði verið reynt að ræna konu á fimmtugsaldri við hraðbanka hjá verslun Select í Suðurfelli á sama hátt. Konan varðist manninum, sem hraktist undan.

Annað ránið var framið um hádegisbil á fimmtudag. Þá réðst maður inn í Leifasjoppu við Íðufell og bar sig eins að og gert var í ráninu kvöldið áður.

Um klukkan ellefu í gærmorgun var þriðja ránið framið í verslun Select við Suðurfell. Þar ógnaði ræninginn starfsfólki með sprautunál á sama hátt og í hinum tveimur ránunum og komst á brott með peninga og

sígarettur. Vitni eltu ræningjann og tvo vitorðsmenn hans sem flúðu á hlaupum þar til þeir hurfu við Æsufell.

Lögregla handtók þrjá menn síðar í gær. Þeir voru í annarlegu ástandi og því reyndist örðugt að yfirheyra þá en að sögn Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns er talið ljóst að um sé að ræða mennina þrjá frá því í ráninu í gærmorgun. Þá sé ýmislegt sem bendi til þess að þeir hafi einnig komið nærri hinum ránunum.

Ránsfengurinn nam samtals nokkrum tugum þúsunda, auk vindlinganna, og mun stór hluti hans vera fundinn eftir húsleitir.

stigur@frettabladid.is

LÖGREGLUFRÉTTIR

Óku undir áhrifum fíkniefna

Lögreglan á Suðurnesjum tók fimm ökumenn aðfaranótt föstudagsins fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Af þeim voru tveir einnig undir áhrifum áfengis. Það sem af er marsmánuði hefur 31 ökumaður verið kærður á Suðurnesjum fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna.

Prisvar ekið undir áhrifum

Lögreglan á Akureyri tók ökumann aðfaranótt föstudagsins fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. Er þetta í þriðja sinn á skömmum tíma sem sami maður er tekinn fyrir slíkt brot. Þá var ökumaður tekinn í gærmorgun fyrir ölvunarakstur. Báðir voru þeir teknir við reglubundið eftirlit og var sleppt eftir skýrslu- og sýnatöku.

Kjöt & Fiskskottorgið

Alltaf ferskt

Lambahryggur nýslátrað

1.349 kr/kg

Verð áður 1.641.-

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

VEÐURSPÁ

MILT OG RÓLEGT
Það verður rólegt veður um allt land í dag, þó ekki verði jafn sólríkt og í gær. Með skýjabykkunni má búast við úrkomu fyrripartinn bæði norðanlands og suðvestantil. Svipað veður verður á morgun, páskadag.

Á MORGUN
Hæg breytileg átt um allt land

MÁNUDAGUR
Róleg austanátt víðast hvar

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	2°
Billund	-2°
Ósló	-5°
Stokkhólmur	-2°
Gautaborg	-4°
London	4°
Paris	6°
Frankfurt	4°
Friedrichshafen	1°
Berlín	5°
Alicante	19°
Mallorca	22°
Bassel	4°
Eindhoven	9°
Las Palmas	29°
New York	17°
Orlando	13°
San Francisco	15°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

FJÖLSKYLDUSKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM

FJÁRÖFLUN TIL STYRKAR BLÁTT ÁFRAM

Dagskrá

- Bjarni töframaður leikur listir sínar
- Kraftasýning með sterkustu mönnum Íslands
- BMX stökksýning í anda X-Games
- Taekwondo, fimleika- og boxsýning
- Nylon, Brain Police og DJ Stef spila

Húsið opnað kl. 14.30 og sýningin hefst kl. 15.00
Miðaverð: fullorðnir 1.000 kr. og börn 500 kr.

Allur ágóði af sýningunni rennur til Blátt áfram.
Forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.

BLÁTT ÁFRAM!

GJAFAKORT Í FERMINGARGJÖF

Stundum getur verið vandamt að velja réttu gjöfina handa fermingar barninu. Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því þá getur unglingurinn sjálfur valið það sem hann langar í.

Þú færð kortið á þjónustuborði Smáralindar.

OPIÐ Í DAG
11-18

VILTU VINNA FERÐ TIL TYRKLANDS?

Komdu í Smáralind og taktu þátt í skemmtilegum páskaleik Smáralindar, Úrvals-Útsýnar og Nóa Síríusar. Það eina sem þú þarft að gera er að festa kassakvittun frá verslun eða þjónustaðila í Smáralind við þátttökuseðil og skila í kassann við þjónustuborðið á 2. hæð.

Þú gætir unnið ferð fyrir fjóra til Tyrklands, rafrænt gjafakort eða eitt af 80 páskaeggjum frá Nóa Síríusi.

NÓI SÍRÍUS



AFGREIÐSLUTÍMI UM PÁSKANA

Laugardagur 22. mars
OPIÐ kl. 11-18

Páskadagur 23. mars
LOKAÐ
Smárabíó opið

Annar í páskum 24. mars
LOKAÐ
Smárabíó opið
Hagkaup opið 13-18
Nóatún opið 11-20
Pizza Hut opið kl. 11.30-21
Friday's opið frá kl. 15

LITRÍK PÁSKASTEMNING Í SMÁRALIND

Í Smáralind færðu allt sem þig vantar fyrir páskana. Frábært úrval af veislumat, páskaskrauti, páskaeggjum og páskaliljum. Þú getur líka nýtt tækifærið og verslað allt fyrir ferminguna í leiðinni.

Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000





Finnur þú fyrir hækkandi verðlagi á vörum og þjónustu?

Já	91,6%
Nei	8,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að lífsgæði þín muni versna á næstu mánuðum?

Segðu þína skoðun á visir.is



Viðræður hafnar um sameiningu gríska og tyrkneska hluta Kýpur:

Vilja enda áratuga aðskilnað

KÝPUR, AP Demetris Christofias, nýkjörinn forseti Kýpur, hóf í gær viðræður um sameiningu gríska og tyrkneska hluta eyjarinnar við Mehemt Ali Talat, leiðtoga tyrkneska hlutans.

Vonast þeir til að binda enda á aðskilnað hlutanna tveggja sem hófst 1974 þegar íbúar gríska hlutans vildu sameinast Grikklandi. „Nýr tími hefur runnið upp. Við ætlum að leysa vandamál Kýpur,“ sagði Talat. Á fundi sínum samþykktu þeir að opna fyrir verslunargötuna Ledra Street þannig að fólk á báðum hluum eyjarinnar geti gengið að henni vísri. Hefur gatan löngum þótt táknræn fyrir

skiptingu eyjarinnar.

„Við ætlum að reyna allt sem við getum til að ná samkomulagi með hag allra Kýpurbúa að leiðarljósi eins fljótt og hægt er,“ sagði Christofias. Ætla leiðtogarnir tveir að hittast aftur eftir þrjá mánuði til að ræða málin enn frekar.

Friðarviðræður á milli fylkinganna tveggja hafa legið niðri frá 2004 þegar íbúar gríska hlutans vildu ekki samþykkja friðaráætlun Sameinuðu þjóðanna sem tyrkneski hlutinn studdi.

DEMETRIS CHRISTOFIAS Christofias vonast til að ljúka þriggja áratuga aðskilnaði gríska og tyrkneska hluta Kýpur.

NORDICPHOTOS/AFP




Skotárás í Gautaborg: Einn dó og annar særðist

SAKAMÁL Einn maður var skotin til bana og annar særðist alvarlega í árás sem átti sér stað við sporvagnastöð í Gautaborg. Umfangsmikil leit stóð í gær yfir að áráðarmanninum sem talið er að sé á þrítugsaldri. Vitni sáu manninn hlaupa af vettvangi með skammyssu í hönd.

Að sögn lögreglu er talið að mennirnir þrír hafi ferðast með sama sporvagninum áður en skotunum var hleypt af á biðstöðinni. Ekkert er vitað um ástæðuna fyrir árásinni. Um fimmtíu til hundrað manns voru á torginu þegar skothríðin braust út.

- fb

Hjartastopp – PAD hjartastartari



Fljótverkara og einfaldara verður það varla

Nú þegar eru fjöldi Íslendinga í fullu fjöri sem startað hefur verið í gang með hjartastörturum frá Donnu. Vertu viðbúinn og fáðu þér strax Samaritan PAD hjartastartara.



Donna
Sími 555 3100

Sýnikennsla á www.donna.is

Renna stoðum undir þróunarsamvinnu

Stjórnvöld á Íslandi og Barbados standa sameiginlega að ráðstefnu fyrir ríki í Karíbahafinu. Rætt verður um mögulega þróunarsamvinnu Íslands á svæðinu, til dæmis á sviði jarðhita. Einnig rætt um framboð Íslands til öryggisráðs SP.

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mun leiða fjölmenna íslenska sendinefnd til eyjunnar Barbados á morgun. Þar munu íslensk stjórnvöld ásamt öðrum standa fyrir ráðstefnu fulltrúa eyríkja í Karíbahafinu um þróunarmál. Ingibjörg Sólrún mun meðal annars funda með Christopher Sinckler, utanríkisráðherra Barbados.

„Við munu eiga samræður við ríki til að kynna Ísland og undirbyggja framboð Íslands til öryggisráðsins. En við erum líka að fara til að renna stoðum undir þróunarsamvinnu á nýjum svæðum og til að styðja við útflutning á íslenskri þekkingu,“ segir Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands til öryggisráðs SP.

„Það þarf að horfa í auknum mæli til þessara ríkja og við höfum ekki dulið þau þess að við erum í framboði,“ segir Kristín.

Ráðstefnan hefst á þriðjudag og stendur í þrjá daga. Að henni standa, auk Íslands, stjórnvöld á Barbados og Efnahags- og félagsmálaskrifstofa Sameinuðu þjóðanna. Markmið ráðstefnunnar er að leggja grunn að þróunarsamvinnu og samstarfi við sextán eyríki á svæðinu. Með í för verða meðal annars fulltrúar Þróunarsamvinnustofnunar (ÞSSÍ), Hafnansóknastofnunar, Landhelgisgæslunnar, Sjávarútvegsskóla og Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu



FUNDAD Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra mun meðal annars ræða framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á fundum með ráðamönnum eyríkja í Karíbahafi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það þarf að horfa í auknum mæli til þessara ríkja og við höfum ekki dulið þau þess að við erum í framboði.“

KRISTÍN ÁRNADÓTTIR
KOSNINGASTJÓRI FRAMBOÐS ÍSLANDS

þjóðanna og orkufyrirtækja.

„Einhver ríkjanna hafa þegar lýst áhuga á því að ræða aðkomu Íslands að ákveðnum málaflokkum, yfirleitt tengdum jarðhita-verkefnum eða fiskveiðistjórnun og landhelgisgæslu,“ segir Kristín.

Í ferðinni verður meðal annars skrifað undir samning um þjálfun starfsmanna milli Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna, sem starfar á Íslandi, og

svæðasamtaka um fiskveiðistjórnun í Karíbahafinu.

ÞSSÍ er í dag með sex samstarfsríki og ekki stendur til að fjölga þeim um sextán. Leið stofnunarinnar til að koma að þróunarsamvinnu á svæðinu yrði því líklega í gegnum svæðasamtök en ekki með beinu samstarfi við ríkin sextán.

„Okkar fólk fer eingöngu til Barbados til að kynna sér málin,“ segir Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ. Hann segir skýrt að engin ákvörðun hafi verið tekin um að fara í þróunarsamstarf á svæðinu. Ekki hefur verið þrýst á ÞSSÍ að taka að sér verkefni vegna framboðs Íslands til öryggisráðsins. „Það hefur aldrei verið nefnt við mig að gera slíkt,“ segir Sighvatur. brjann@frettabladid.is



Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín

Aðalfundur VR

verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica mánudaginn 31. mars nk. og hefst kl. 19:30. Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

Beiðni ráðherra um aðgang að skjölum FBI um Halldór Laxness:

Neikvæð skilaboð frá sendiráðinu

UTANRÍKISMÁL Óformleg skilaboð hafa borist utanríkisráðuneytinu vegna beiðni þess um að fjölskyldu Halldórs Laxness verði veittur aðgangur að skjölum bandarísku alríkislögreglunnar um hann. Skilaboðin eru ekki jákvæð, að sögn Urðar Gunnarsdóttur fjölmiðlafulltrúa.



GUÐNÝ HALLDÓRSDÓTTIR

Beiðnin fór frá utanríkisráðuneytinu til bandaríska utanríkisráðuneytisins um miðjan janúar, í gegnum bandaríska sendiráðið. Áður höfðu upplýsingarnar um

Laxness verið skilgreindar þannig að þær fælu í sér ógn við þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Síðastliðið haust ákvað nefnd sjóðra stjórnarereindreka að skjölin skyldu áfram vera hulin sjónum almennings, eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu.

Guðný, dóttir Halldórs, telur þetta líklega gert til að vernda íslenska bandamenn Bandaríkjanna úr kalda stríðinu.

Skrifstofa forsetaframbjóðandans Baracks Obama hafði einnig athugað með aðgang að skjölunum fyrir hönd bandarísks fræðimanns en ekki orðið kápan úr því klæðinu.

Ráðherra hyggst bíða formlegs svars frá Bandaríkjunum áður en hann aðhefst frekar.

- kóp



HALLDÓR LAXNESS AÐ STÖRFUM Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra bað um að fjölskylda Halldórs fengi að skoða áratugagömul skjöl FBI um hann. Henni hafa borist óformleg viðbrögð og neikvæð. MYND/UR SAFNI



Gleðilega páska



Parf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

Besti hryggurinn

að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum kokkalandliðið til að taka út hamborgarhrygg Hagkaupa. Dómar landsliðsins eru einróma - þetta er besti hryggur sem landsliðið hefur smakkað!

HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr nýju hráefni

SALT MINNI

Tilbúinn beint frá innviðum þarf ekki að sjóða

Við viljum segja stuðning okkar við Hagkaup og þau hlífðarmenn þessa vortíðar. Þetta er einn af bestu hráefnum sem Hagkaup hefur notað til að búa til þessa hringlausa. Þetta er einn af bestu hráefnum sem Hagkaup hefur notað til að búa til þessa hringlausa. Þetta er einn af bestu hráefnum sem Hagkaup hefur notað til að búa til þessa hringlausa.

HAGKAUP



15% afsláttur við kassa

Páskalamb marinerað í ólífufílu, sítrónu, fersku rósmaríni og hvítlauk



Kalkúnaskip smjörsproutað - spennandi um páskana



20% afsláttur við kassa

Andabringur - frá Frakklandi



Kjöt & Fisktorgið Alltaf ferakt

Lambahryggur - ný slátrað

ferskt með flugi



Bláber



Rífsber



Kiwiber



Blæjuber



Hindber



Brómber



Coke og Coke light - í gleri 6 pk.



Jói Fel brauðrúllur - tilbúnar beint í ofninn



Páskaöl - þetta eina sanna!

OPID
tíll 20
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

TVÖFALDIR VILDAR- PUNKTAR TIL 1. APRÍL

HJÁ VILDARFYRIRTÆKJUM VISA OG ICELANDAIR

Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair safna Vildarpunktum hraðar með því að beina viðskiptum sínum til Vildarfyrirtækja Vildarklúbbsins. Frá 17. mars til 1. apríl fá þeir tvöfaldan afslátt í formi Vildarpunkta þegar þeir greiða með kortinu sínu.

Meðal Vildarfyrirtækjanna eru:

JÓN & ÓSKAR, úr- og skartgripaverslun, Laugavegi 61
JÓN & ÓSKAR, úr- og skartgripaverslun, Kringlunni
JÓN & ÓSKAR, úr- og skartgripaverslun, Smáralind
GULL & SILFUR, skartgripaverslun, Laugavegi 52
BÚSÁHÖLD, Kringlunni



VISA



Vildarklúbbur

WWW.VILDARKLUBBUR.IS

Reykjavíkurborg lofar lóðum:

600 íbúðir fyrir stúdenta

SKIPULAGSMÁL Sex hundruð nýjar stúdentaíbúðir verða byggðar á næstu fjórum árum. Reykjavíkurborg undirritaði á miðvikudag samning við Félagsstofnun stúdenta og Stúdentaráð Háskóla Íslands, um að útvega Félagsstofnun lóðir undir íbúðirnar.

Íbúðirnar verða aðallega í miðborginni eða í nágrenni hennar. Sérstaklega eru til athugunar svokallað Hlemmur plús-svæði, nágrenni Hverfisgötu, nágrenni hafnarsvæðisins og Vatnsmýrin. Sérstaklega verður tekið mið af þörfum stúdenta með fjölskyldur og samráð haft við fulltrúa stúdenta.



EFTIR UNDIRRITUNINA Björg Magnúsdóttir, formaður SHÍ, Ólafur F. Magnússon borgarstjóri, Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður skipulagsráðs, og Guðrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri FS.



Í HEIMSÓKN Nancy Pelosi ræddi við Dalai Lama í höfuðstöðvum hans á Indlandi þar sem hann hefur verið í útlegð.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Vill aðgerðir gegn Kína

Nancy Pelosi gagnrýnir Kínverja fyrir harkalegar aðgerðir þeirra gegn tíbeskum mótmælendum. Hvetur hún almenning til að fordæma atburðina.

INDLAND, AP Nancy Pelosi, forseti fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, hitti Dalai Lama, andlegan leiðtoga Tíbetbúa, í höfuðstöðvum hans á Indlandi í gær. Varð hún þar með fyrsti háttsetti erlendi embættismaðurinn til að heimsækja hann síðan átökin í Tíbet brutust út í síðustu viku. „Ef friðarsinnar úti um allan heim mótmæla ekki framgangi Kínverja í Kína og Tíbet getum við alveg eins sleppt því að berjast fyrir mannréttindum annars staðar í heiminum,“ sagði Pelosi fyrir framfar þúsundir Tíbeta sem fögnuðu henni ákaft. „Ástandið í Tíbet er áskorun fyrir samvisku heimsbyggðarinnar.“ Tók Pelosi fram að hún væri eingöngu að koma sinni eigin skoðun á framfæri en ekki skoðun Bandaríkjustjórnar.

Vill alþjóðlega rannsókn

Pelosi vill að alþjóðleg rannsókn verði gerð á atburðinum og vísar því á bug að Dalai Lama sé maðurinn á bak við átökin eins og Kínverjar hafa haldið fram. Telja þeir að Lama og stuðningsmenn hans hafi skipulagt atburðina til þess að varpa skugga á Ólympíuleikana í Peking í sumar og til að

berjast fyrir sjálfstæði í leiðinni. „Ofbeldi kínversku ríkisstjórnarinnar kemur mér síður en svo á óvart,“ sagði Pelosi, sem hafði ákveðið að hitta Lama löngu áður en átökin brutust út.

Lama var vitaskuld ánægður með stuðning Pelosi. „Ég bið fyrir talsmanni svo mikill þjóðar, sem telst vera fremst í baráttunni fyrir frelsi, lýðræði og bræðralagi,“ sagði hann.

Margir hafa fallið

Mikið ofbeldi braust út í Lhasa, fornri höfuðborg Tíbeta, í síðustu viku. Þúsundir kínverskra hermanna söfnuðust þar saman til að stemma stigu við frekari átökum. Tíbetar segja að 99 manns hafi látist síðan mótmælin hófust en Kínverjar telja að aðeins sextán hafi fallið og yfir þrjú hundruð særst. Mótmæli hafa einnig átt sér stað víðar um heiminn, þar á meðal við hin ýmsu sendiráð Kínverja.

Sú varð einmitt raunin hérlendis þegar mótmælandi skvetti rauðri málningu á tröppur kínverska sendiráðsins við Víðimel í Reykjavík á dögunum.

frey@frettabladid.is

Brestir komnir í stjórnarsamstarfið í Austurríki:

Samstarf í gjörgæslu

AUSTURRÍKI, AP Brestir eru komnir í stjórnarsamstarfið í Austurríki. Leiðtogar stjórnarflokksins og Þjóðarflokksins, áttu á miðvikudag með sér það sem austurrískir fjölmiðlar kölluðu neyðarfund, ætlaðan til að bjarga stjórnarsamstarfinu frá því að springa. Jafnaðarmaðurinn



ALFRED GUSENBAUER

Alfred Gusenbauer kanslari og íhaldsmaðurinn Wilhelm Molterer varakanslari sögðu viðræðurnar hafa farið vel fram og þær myndu halda áfram eftir páska.

Samskipti stjórnarflokksanna hafa spiltst vegna ágreinings um ýmis mál að undanfögnu, ekki síst hvenær áformaðar skattalækkanir skulu taka gildi.

- aa

**20% afsláttur af
bílaleigubílum erlendis!**



**Bókaðu bílaleigubíl fyrir sumarfríð
hjá Avis í mars og þú færð 20% afslátt
í formi safnkortspunkta hjá N1.**



Bókaðu strax bíl á avis.is og safnaðu punktum!

Sæktu um Safnkort N1 á avis.is. Einn punktur jafngildir einni krónu.



Meira í leiðinni

AVIS

We try harder.

Knarrarvogi 2 • Sími 591 4000 • avis.is

Tónlist beint í símann

Milljón lög til eignar í Vodafone tónlistarsímann þinn



vodafone


Skráðu þig í tónlistarklúbbinn og fáðu tónlist á betra verði.

Tilboðspakki

**Sony Ericsson W910i
og þráðlaus móttakari**

Fullkominn Walkman tónlistarsími. Örpunnur sleðasími. 3G, EDGE, 1 GB minniskort. Fer á Netið með Vodafone live! Fæst í „Havana gold“ og svörtu.


Tengdu móttakarann við hljómflutningstækin þín – heima eða í bílnum – og spilaðu tónlistina þráðlaust úr símanum í fullkomnum hljómgæðum!



44.900 kr.

Komdu í næstu Vodafone verslun og kynntu þér tónlist í símann.

Gríptu augnablikið og lifðu núna





PÁSKAPRÍMATI Górilla í dýragarðinum í Cincinatti í Bandaríkjunum heldur á körfu fullri af páskaeggjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grunur um að mansal hafi tengst rekstri veitingastaðarins The Great Wall:

Lögreglan rannsakar meint brot

VINNUMARKAÐUR Þórður Eric Hilmarsson, lögreglumaður hjá Útlendingaeftirliti lögreglunnar, segir að Kínverjar hafi víða um heim verið staðnir að því að koma sér fyrir í einhverju landi og nota síðan aðra Kínverja sem ódýrt vinnuafli og jafnvel þræla frá heimalandi sínu. „Fjölskyldan í Kína selur fólkið sitt í ánaud og fær greiðslur eða umbun þegar viðkomandi er kominn með stöðu í viðkomandi landi,“ segir hann. „Oft er fólk í ánaud vegna skulda í Kína,“ segir Þórður Eric.

Lögreglan rannsakar nú meint lögbrot í tengslum við rekstur veitingastaðarins The Great Wall



Í RANNSÓKN Lögreglan rannsakar málefni erlendra starfsmanna á The Great Wall. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARDUR

við Vesturgötu í Reykjavík og ætlar að taka sér tíma til þess. Þórður Eric segir að verið sé að skoða málið í samvinnu við Vinnu-málastofnun og Matvís en verst að

öðru leyti allra fréttu af gangi mála.

Fréttablaðið greindi frá því nýlega að Matvís hefði tekið tvo af fimm kínverskum starfsmönnum The Great Wall undir sinn verndarvæng þar sem starfsmönnum staðarins hefði ekki verið greitt samkvæmt íslenskum kjarasamningum.

Grunur léki á að starfsmennirnir hefðu verið látnir sofa á veitingastaðnum og að þeir hefðu komið til Íslands í gegnum mansal, að þeir hefðu greitt fyrir að fá að koma hingað til vinnu og að laun þeirra rynnu til vinnuveitenda og eða milligöngumanns. - ghs

Morð á Svía í Taílandi:
Morðingi biðst fyrirgefningar

SVÍÞIÓÐ Morðingi sænsku konunnar Hönnu Bäcklund, sem fannst myrt á strönd í Phuket í Taílandi, hefur viðurkennt að hafa framið ódæðið. Hann stakk hana margsinns með hnífi og er morðvopnið fundið.

Morðinginn ætlaði að reyna að nauðga Hönnu en þar sem hún veitti svo kröftuga mótspyrnu stakk hann hana með hnífi, hefur sænska blaðið Aftonbladet eftir lögreglunni í Taílandi. Akkradej Tankae, morðingi Hönnu, hefur beðið fjölskyldu hennar og sænsku þjóðina um fyrirgefningu. - ghs

- ghs

ISLENSKA SJÁLIS ICE 11530 03/08



WWW.ICELANDAIR.IS

GJAFABRÉFIÐ GILDIR SEM GREIÐSLA UPP Í FLUGFAR MEÐ ICELANDAIR

ÞÚ VELUR UPPHÆÐINA

FERÐALAG ER ÞROSKANDI FERMINGARGJÖF

+ Pantaðu fermingargjöfina á icelandair.is/gjafabref

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Gjafabréf gildir í tvö ár frá útgáfudegi.



HASSPLÖNTUR Í HÖFÐATÚNI Lögreglan fann umtalsvert magn af hassplöntum í Höfðatúni fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Verð á fíkniefnum samkvæmt könnun SÁÁ:

Fíkniefnaverð lítið breyst á átta árum

FÍKNIEFNI Verð á fíkniefnum hefur lítið breyst undanfarin átta ár. Samkvæmt verðkönnun Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann, SÁÁ, hefur gramm af kókaíni hækkað um rúm tvö prósent síðan árið 2000 og grammíð af amfetamíni um sautján prósent. Hass hefur hækkað mest í verði, eða um 26 prósent. E-píllan er hins vegar um það bil helmingi ódýrari nú en hún var fyrir átta árum.

Til samanburðar hefur vísitala

neysluverðs hækkað um 44 prósent frá janúar árið 2000 til dagsins í dag. Verðlagsþróun fíkniefna hefur því verið nokkuð undir þróun vísitölu neysluverðs.

Verðkönnun SÁÁ er af augljós- um ástæðum framkvæmd á óformlegan hátt. Þar eru innritaðir sjúklingar spurðir hvort þeir hafi keypt einhver fíkniefni síðastliðnar tvær vikur og hvað þeir greiddu fyrir efnin. Allir sjúklingar sem hafa heilsu til taka þátt í könnuninni. - sþs

Þú slærð í gegn með Siemens



ATARNA




SIEMENS

Eldunartæki, kælitæki, og uppvottavél í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

VIKA 7

DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Ferrier:
VONAR AÐ KRÓNAN
STYRKIST

„Það hefur verið nóg að gera hjá mér undanfarna daga. Ég er til dæmis tvísvar búin að fara á tónleika með hljómsveitinni Shadow Parade. Kærastinn minn spilar í þeirri hljómsveit. Í vikunni sá ég leikritið Kommúnán sem Vesturport sýnir í Borgarleikhúsinu. Á mánudaginn fékk ég gómsætt heimalagað sushi heima hjá vini mínum og svo hittumst við í stúdentafélaginu Kozmó á Kaffibarnum á miðvikudaginn. Ég þarf að vinna um páskana en hlakka til að fara til Ameríku snemma í apríl. Ég vona bara að krónan styrkist því það er nú algert brjálæði að hafa ástandið eins og það er í dag.“

Algirdas Slapikas:
LISTAVERK Á EGGI

„Páskafríð er kærkomið enda hefur verið nóg að gera í vinnu og námi,“ segir Algirdas sem vinnur hjá Trefjum og nemur einnig heimasiðugerð. „Auðvitað sakna ég



fjölskyldunnar í Litháen um allar stórhátíðir en það er ekkert við því að gera. Í Litháen á súkkulaði ekki jafn mikið upp á pallborðið og hér á Íslandi. Þar er

venjan að mála á venjuleg hænuegg og það er með ólíkindum hvað sumir eru lagnir við það, það verða jafnvel til heil listaverk á eggjunum. Svo tekur hver sitt egg og skellir því í lófanum á egg náungans og sá sem er með sterkara egg, sem brotnar minna, hann á heppnina vísa. En hvað sem því liður þá erum við á Íslandi núna og því fáum við okkur súkkulaðiegg með börmunum.“

Junphen Sriyoha:
MIKIL VINNA

„Ég hef svo sem ekki mikið aðhafst síðustu daga enda er mikið að gera í vinnunni þar sem páskarnir eru að nálgast,“ segir Junphen. „Ég er því alveg dauðþreytt þegar ég kem heim á kvöldin og hef ekki einu sinni hreyft við saumavélinni,“ bætir hún við en undanfarnar vikur hefur hún verið að þreifa fyrir sér með fatahönnun.



„Ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að gera um páskana nema hvað ég ætla að slaka á. Um síðustu helgi fór ég í bíltúr til Hveragerðis og fékk mér ís. Ég hafði sagt félögum mínum að mér þætti ís góður og var þá jafnan viðkvæðið að ég ætti að fara til Hveragerðis og smakka hann þar svo ég gerði það bara.“

Filipe Figueiredo:
Í HEITUM POTTI
Á REYKJARNESI

„Ég er í frí með kærustunni minni og við erum á Reykjarnesi á Vestfjörðum. Við ætlum að vera hérna í eina nótt, slaka á og fara í heitu pottana. Þetta er í fyrsta



skipti sem ég kem á Reykjarnes en vinnufélagi minn mælti með því að við kæmum hingað til að slaka á. Ég vildi sýna kærustunni minni eitthvað af

Vestfjörðum en margir vegir eru lokaðir svo þetta varð úr. Kærasta mín fer heim á sunnudaginn svo við verðum í Reykjavík um helgina. Við missum því miður af tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður.“

Íbúum Akranesi fjölgaði um 400 á síðasta ári og þegar hafa bæst við 70 íbúar það sem af er þessu ári:

Undirbúa byggingu nýs skóla á Skaganum

BYGGÐAMÁL Bæjaryfirvöld á Akranesi hyggjast byggja nýjan grunnskóla og leikskóla í bænum.



GÍSLI S. EINARSSON

Hinn 8. apríl verður sett á laggirnar teymi sem mun hafa umsjón með byggingunni.

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri segir að grunnskólinn muni rúma um 450 til 500 nemendur. Fyrir eru tveir grunnskólar í bænum. Hann vonast til að fyrsti áfangi skólabygginganna verði tilbúinn haustið 2009. Þar að auki er nú verið að ljúka við byggingu annars leikskóla fyrir um 25 börn og mun hann opna nú í haust.

„Hér hefur orðið alveg gríðarleg fjölskyldu-“

un,“ segir hann. „Á síðasta ári fjölgaði okkur um 400 manns og bara á þessu ári hefur okkur fjölgað um 75 manns.“ Hann segir þó þann fyrirvara vera á hugmyndum um nýjar skólabyggingar að í þær verður ráðist ef fjölskyldugunin verði með svipuðu móti og verið hefur. Hann segir flesta þeirra sem flytja upp á Skaga vera fjölskyldufólk með nokkur börn og því sé þörfin fyrir nýju skólana verulega brýn.

„Hér eru einnig mörg ný sprotafyrirtæki að hasla sér völl. Má þar nefna Kjarnafisk en ef ég væri ekki að vestan myndi ég þora að segja að þeir framleiddu besta harðfisk í heimi,“ segir bæjarstjórinn glettinn.

- jse

AKRANES Bæjarstjóri segir fjölskyldugun á Akranesi gríðarlega svo þörf fyrir nýja grunn- og leikskóla sé orðin verulega brýn.



VIÐTÆKARI VEGAVERND

ÓKEYPIS AÐSTOÐ VIÐ
GERÐ TJÓNASKÝRSLU

Ítarlegri og öruggari tjónaskýrslur



Viðtækari Vegavernd tryggir viðskiptavinum Sjóvá ókeypís aðstoð við gerð tjónaskýrslu, lendi þeir í umferðaróhappi á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfðir, en jafnframt hlutlausir starfsmenn taka ljósmyndir af vettvangi, skrá nákvæma atvikalýsingu og senda skýrsluna að lokum rafrænt til tryggingafélagsins. Þjónustan er í boði milli kl. 7:00-18:30 alla virka daga.

VEGAVERND – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ



**Komdu
nordur!**



Matur



Menning



Verslun



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

Rose Bruford College
www.bruford.ac.uk

Staðsettur í London, einn af fremstu leiklistaskólum í Evrópu, býður upp á nám á öllum greinum leiklistar

Faglegt leikhúslístanám í virtum leiklistarskóla í London

BA Tónlist og tækni	BA Leiklist
BA Leikhústræði	BA Svíðumyndahönnun
BA Ljósforritun	BA Tónlist leikara
BA Evrópska leikhúsið	BA Ljósahönnun
BA Bandaríska leikhúsið	BA Svíðalistir
BA Leikstjórn	BA Svíðsstjórn
BA Ópera - fjarnám	BA Búningahönnun

BA Sýningar, "performance" og hljóð
BA Sýningar, "performance" og video
F&A - Stjórnun og undirbúningur (Organising Live Arts)
1 árs alþjóðlegt grunn nám
Fullt nám og fjarnám á MA-stigi

Hæfnispróf og viðtöl fyrir allar greinar sem kenndar verða á haustönn, fara fram í Hínu Húslinu í Reykjavík þann 5. og 6. Apríl, fyrir inngöngu í september 2008

Nánari upplýsingar og bókun á viðtalstímum í síma 0044 208 308 2612 eða í tölvupósti á sue.widdows@bruford.ac.uk

Háskólastofnun og meðlimur í The Conference of Drama Schools

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"



Ráðstefna um sveitarstjórnarrétt

verður haldin á Hótel KEA, Akureyri 11. apríl, kl. 13.15

Ráðstefnustjóri: Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður

Dagskrá:

Kl. 13.15 Setning ráðstefnu. Kristján Möller samgönguráðherra

Kl. 13.30 Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis: Stjórnsýslueftirlit með sveitarfélögum - réttaröryggi eða ógn við sjálfstæði sveitarfélaga?

Kl. 14.00 Sesselja Árnadóttir, lögfræðingur KPMG og höfundur skýringarrits um sveitarstjórnarlögin: Ábyrgð sveitarstjórnarmanna, réttindi og skyldur, hefur aukin dreifstýring hjá sveitarfélögum áhrif?

Kl. 14.30 Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands sveitarfélaga: "Er rammalöggjöf betri en miðstýring? - Sjálfsstjórnarsvið sveitarfélaga skv. 4. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga"

Kl. 15.00 Kaffihlé

Kl. 15.30 Trausti Fannar Valsson, lögfræðingur og doktorsnemi í sveitarstjórnarrétti: Heimild sveitarfélaga til að ákveða sér afrakstur af fyrirtækjum sínum og stofnunum.

Kl. 16.00 Inga Þóll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður: Hver á að bera kostnað við rekstur máls fyrir stjórnvöldum?

Kl. 16.30 Ráðstefnuslit

Aðgangur án endurgjalds - allir velkomnir

Ráðstefnan er styrkt af Verkefnasjóði Háskólans á Akureyri og EYBING - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum

ASPARENT



Háskólinn á Akureyri



EYBING

MAÐUR VIKUNNAR

Félagsvera með ríka réttlætiskennnd

Birgitta Jónsdóttir er nafn sem flestir eru farnir að þekkja, enda hefur hún

staðið fyrir áberandi mótmælaaðgerðum undanfarin ár, bæði vegna virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka og nú í vikunni við sendiráð Kína í Reykjavík, vegna mannréttindabrotu í Kínastjórnar í Tíbet. Birgitta er í senn hörkutól og mjúk sál. Hún á þrjú börn og eyðir sínum bestu stundum með þeim. Þá er Birgitta mikið náttúrubarn og hefur það sett mark sitt á baráttumál hennar undanfarin ár enda hefur hún staðið í stafni í mótmælum gegn framkvæmdum sem raska óspilltri náttúru Íslands.

Vinir og samstarfsmenn Birgittu sem Fréttablaðið ræddi við voru allir sammála um að hún væri mikil hugsjóna-manneskja og legði sig alla í að berjast fyrir réttindum þeirra sem hefðu orðið fyrir óréttlæti, enda væri hún með stórt hjarta.

„Birgittu Jónsdóttur þekki ég fyrst og fremst sem félagsveru. Hún býr yfir mikilli og ríkri réttlætiskennnd og er nær á fegurð, bæði í náttúrunni og mannlífinu. Þegar hún telur fegurðinni ógnað er henni að mæta,“ segir Ögmundur Jónasson, alþingismaður og formaður BSRB, um Birgittu Jónsdóttur vinkonu sína.

„Birgitta er mjög opin og ótrúlega lífsglöd manneskja. Ef það er eitthvað sem vekur með henni reiði þá er það óréttlæti heimsins,“ segir Drífa Snædal, framkvæmdastýra Vinstri grænna, en hún vann um tíma með Birgittu. Bæði Drífa og Ögmundur eru sammála um að Birgitta sé manneskja sem leggi lykkju á leið sína til að hjálpa öðrum og til að berjast gegn óréttlæti.

„Ef barist er fyrir góðum málstað er Birgitta Jónsdóttir skammt undan. Hún lætur sér ekki nægja að sitja á áhorfendabekk heldur tekur hún frumkvæði. Ágætt dæmi þar um eru mótmæli til varnar mannréttindum í Tíbet sem hún skipulagði í vikunni. Þar voru engin stór

félagasamtök á ferð heldur ein manneskja. Það væri óskandi að fleiri hennar líkar væru til,“ segir Ögmundur.

Vinir Birgittu segja hana hafa gott hjartalag og að hún sé ein þeirra sem lifi eftir eigin lífsskoðunum. Haft er á orði að lítið rusl falli til frá heimili Birgittu þar sem hún nýti og endurnýti allt til fullnustu. Þetta segir Ögmundur að aðrir mættu taka sér til fyrirmyndar, enda finnst vart umhverfissvænni einstaklingur.

„Birgitta hefur varðveitt aðgerðasinnann í sér. Meðan aðrir láta sér nægja að blogga um hlutina fer Birgitta út á götu og talar við fólk. Hún hefur trú á því sem hún tekur sér fyrir hendur og lætur mótvind ekki stöðva sig,“ segir Sigurður Harðarson, vinur Birgittu, oftast nefndur Siggí pönk. Hann segir Birgittu hafa ríkan húmor fyrir sjálfri sér. „Hún er ein þeirra sem vill gera heiminn að betri stað en veit að hún getur bara gert ákveðið mikið sjálf. Og það gerir hún.“

Siggí segir Birgittu ekki mjög skipulagða manneskju, enda séu skáld það sjaldnast. Hins vegar nýti hún tíma sinn vel og afkasti ótrúlega miklu.

Helga G. Óskarsdóttir, myndlistarmaður og vinkona Birgittu, segir að þar sé á ferðinni kona sem er falleg, jafnt utan sem innan.

„Hún er alveg gullfalleg og einstaklega myndræn. Ef ég ætti að lýsa henni í einni setningu þá myndi ég segja að hún sé skapandi hugsjónamanneskja. Oft hefur blásið á móti en Birgitta hefur alltaf komið niður á báða fætur. Hún er ótrúlega sterk og traust manneskja og hefur einstakt lag á að vinna úr erfiðum málum.“

Ögmundur segir að Birgittu sé margt til lista lagt. „Hún er skáldkona og henni er einstaklega vel lagið að hrifa aðra með sér.“ Hún hefur sent frá sér eina skáldsögu auk þess sem hún hefur fengist við þýðingar á erlendum ritverkum. Birgitta hefur mikla unun af því að sitja við skriftir og rímar það vel við þá miklu sköpunarþörf sem vinir hennar vitna um.

BIRGITTA JÓNSDÓTTIR



ÆVIÁGRIP

Birgitta Jónsdóttir fæddist í Reykjavík 17. apríl 1967. Hún ólst upp bæði í Þorlákshöfn og í Reykjavík. Móðir Birgittu var Bergþóra Árnadóttir trúbador. Birgitta útskrifaðist sem stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og gaf í kjölfarið út sína fyrstu ljóðabók, rétt tvítug. Hún hefur búið víða um heim, meðal annars í Ástralíu, Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi, Englandi og í Hollandi. Auk þess hefur hún búið víða á Norðurlöndunum. Hún hefur tekið þátt í og stjórnað fjölmörgum list- og menningarviðburðum, þar á meðal margmiðlunarhátíðinni Drápu sem var á dagskrá Listahátíðar 1996 en þar var í fyrsta sinn myndefni sent beint út á vefinn á Íslandi. Birgitta hefur unnið ýmis störf, til dæmis í plötubúð, í frystihúsi, við umbrot og hönnun og starfar nú sem blaðamaður og grafískur hönnuður meðfram ritstörfum og útgáfu. Árið 2005 sendi Birgitta frá sér bókina Dagbók kameljónsins sem er skáldsaga í dagbókarformi og byggir á minningum hennar. Hún hefur einnig fengist við ljóðagerð og þýðingar svo fátt eitt sé nefnt.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Birgitta hefur staðið framfarlega í ýmsum mótmælaaðgerðum, meðal annars vegna framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun. Í vikunni skipulagði hún mótmæli við kínverska sendiráðið til að stöðja frelsisbaráttu Tíbeta og vöktu þau mótmæli mikla athygli.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Utanríkisnefnd ætti að koma tafarlaust saman og krefjast þess að mannréttindasamtökum verði hleypt inn í Tíbet og að tafalausri rannsókn verði komið á um hlutskipti þessa fólks sem var handtekið. Kínversk stjórnvöld hafa hótað þeim miskunnarleysi og við vitum öll hvað það þýðir: Limlestingar, pyntingar og dauði.“

VISSIR PÚ...

Að Birgitta orti fyrsta ljóðið sitt með augnblyanti á bréfpoka í rútu á leið frá Reykjavík til Hveragerðis. Hún var þá í grunnskóla og bekkur hennar nýkominn úr starfskynningu í Vífelli. Hún fann engin teikn um framtíð sína í hinum vélræna heimi iðnaðarins en hefur verið óstöðvandi í ljóðaskrifum allar götur síðan.

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

El Caudillo stígur niður

UMRÆÐAN

Fidel Kastró

Fidel hefur ákveðið að gefa frá sér háseti sitt á Kúbu eftir 49 ára feril. Búist er við að bróðir hans Raúl taki við völdum hans fyrst um sinn, uns samstaða næst um nýjan leiðtoga til framtíðar. Fyrst þá mun framtíð Kúbu verða mótuð.

Fidel hefur alltaf verið klókur stjórnmálaleiðtogi. Hann veit að tími hans er kominn. Í stað þess að bíða þess að geispa glönni og láta framtíð eyjunnar í óþekktar hendur, kys hann að standa upp, láta viðráðanlegan litla bróður sinn taka við og eiga þátt í að velja framtíðarleiðtogann og móta framtíðina áfram. Samþærilegur atburður varð á Íslandi þegar Davíð dró sig í hlé vegna veikinda en færði sig yfir í Seðlabankann en hætti ekki að fullu.

Fidel ekki kommúnisti

Nú hafa ýmsir pennar hægri manna, síðast Hannes sjálfur Hólmsteinn frjálshyggjupáfi, mokað skít á Kastró. Þeir eiga allir eitt sameiginlegt: Þeir skilja ekki forn og ný völd Kastrós. Vissulega ríkti einræði og miðstýring undir stjórnarháttum Fídels. Þótt Fidel hafi boðað nýjan sósíalisma, eins konar rómanskan-amerískan sósíalisma, sem átti að breiðast um alla Rómönsku-Ameríku en mistókst, aðallega fyrir íhlutun CIA og bandarískra stjórnvalda, var Kastró ekki fyrst og fremst kommúnískur leiðtogi.

Eftir viðskiptabann Bandaríkjamanna 1960 hrakti Kennedy forseti Kúbumenn í fang Sovétmanna. Því miður var það eina leiðin svo þjóðin kæmist lífs af.

BRÉF TIL BLAÐSINS

Álft segir skilið við hjólabát

Reynir Vilhjálmsson eðlisfræðingur skrifar:

Íslendingar eru slakir í landafræði. Meira að segja Fréttablaðið er þar engin undantekning. Hinn 19. mars er grein um svarta svaninn Petru sem hefur fengið sér annan elskhuga í staðinn fyrir hjólabátinn sem hún hefur verið með síðustu tvö árin. Gallinn við fréttina er að þessi saga átti sér ekki stað í Berlín, eins og sagt er í blaðinu, heldur í Münster í Westfalen. Heimaborg mín, Münster, er falleg borg vestast í Þýskalandi, nálægt landamærum Hollands. Íbúar í Münster eru álíka margir og á Íslandi öllu og borgin stærir sig af þriðja stærsta háskóla Þýskalands og af stórum dýragarði þar sem gestir geta gengið um allan garðinn undir þaki svo að þeir blotna ekki í regni. Þetta er mikilvægt því að í Münster rignir næstum jafn oft og í Reykjavík. Ástarsagan um svaninn og hjólabátinn fór um allan heim fyrir tveim árum. Fyrst héldu menn reyndar að svanurinn væri karl og nefndu hann Pétur. Þegar hið rétta kyn kom á daginn var nafninu breytt og þá þurfti báturinn náttúrulega að skipta um kyn líka. Ég er ekki frá því að margir hafi orðið fyrir vonbrigðum við þessa breytingu. Forstöðumaður dýragarðsins er afbragðs fagmaður en líka klókur í markaðssetningu. Sagan um svaninn Petru er ekki bara hugljúf heldur hefur hún fjölgað gestum dýragarðsins umtalsvert. Hvernig væri að við Reykvíkingar færum á stúfana og fyndum einhverja undurfagra sögu um fuglalífið á Reykjavíkurtjörn?

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni liðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



INGÓLFUR MARGEIRSSON

Um þá leið Fídels tókust menn mjög á um í forystuliði valdhafa á Kúbu. Að venju varð stefna Fídels ofan á. Fidel var ekki kommúnistaleiðtogi þótt hann væri sósíalisti sem hrakti spillta strengja-brúðustjórn Bandaríkjamanna frá völdum. Flestallir Kúbumenn fögnuðu falli Batista.

Fidel var miklu heldur gamaldags El Caudillo; héraðsforingi sem gerir uppreisn gegn ríkjandi valdhafa (-höfum) – einkum útlenskum – sem hafa sýnt alþýðunni yfiringang og miskunnarleysi. Dæmin um Caudillos í Rómönsku-Ameríku eru mörg;

Sancho Panza, Zapata í Mexíkó, Juan F. Quiraga og Juan Manuel de Rosas í Argentínu. Í Paragvæ má nefna José Gaspar Rodric de Francia. Þá má bæta við Gabriel García Morena í Ekvador og Rafael Truillo í Dóminíska lýðveldinu. Allt voru þetta 19. aldar menn. Kastró var hins vegar uppi á 20. öld. Hann tók upp hefð sem hvergi var gleymd.

Kúbverjar elskuðu Fidel

El Caudillo er einn af alþýðunni, eins konar föðurmynd, fyrst og fremst þjóðernissinnaður alþýðforingi en pólitískur leiðtogi. Það var engin tilviljun að Fidel kaus að skarta herbúningi sínum og grænni húfu mest alla ævina.

Hann þúaði líka kúbanska vindla og sýndi þar með samstöðu með hinum kúbverska alþýðumanni. El Caudillo er yfirleitt dáður og elskaður leiðtogi. Það var Fidel. Kúbverjar elskuðu og dáðu Fidel. Hann var faðir þjóðarinnar. Um leið bar hann neikvæðar hliðar El Caudillo: Einræðisherra og spilltur á margan hátt. Hann uppfyllti formúlu fyrir El Caudillo á allan hátt. Los Caudillos fyrri tíma voru yfirleitt stjórnleysingar sem hugsuðu um eigin hag. Fidel var hugsjónamaður sem bar hag þjóðar sinnar fyrir brjósti. Hann var ekki stjórnleysingi heldur hneigðist til sósíalisma. Og hann var elskaður af þjóð sinni sem faðir Kúbu.

Ég var á Kúbu fyrir rúmum tveimur árum og talaði við marga

Kúbverja. Nær allir voru ósáttir við kerfið og hlutskipti sitt á eyjinni. En allir sem einn elskuðu þeir Fidel. „Hann barðist með okkur, hann henti Batista og Ameríkönunum út. Hann gaf okkur þjóðarstolt og sjálfstæði.“ Þegar ég spurði fólkio hvað tæki við eftir dauða Fídels var svarið: „Fidel vencerá!“ – „Fidel mun lifa!“ Dauði foringjans var óhugsandi. Þetta skilja íslenskir frjálshyggjumenn ekki. Fullir af Ameríkuást og kaldastríðsgalli hrækja þeir á eftir Fidel Kastró sem nú gengur frá valdastól sínum. En þeir átta sig ekki á því, að með því að hrækja á eftir El Caudillo, hrækja þeir á kúbönsku þjóðina.

Höfundur er rithöfundur.



kartöflu kanilkaka

4 egg
100g sykur
100g púðursykur
1 tsk vanilla
300g rifnar hráar kartöflur (rauðar ísl.)
240g hveiti
2 tsk matarsódi
½ tsk salt
1 msk kanill
2 ½ dl matarolía

Krem:

400g rjómaostur
1/2 dós sýrður rjómi
80g flórsykur
1 tsk vanillusykur

Hindberjasósa með

jarðarberjum:
100g hindber
100g jarðarber
30g sykur

Þeytið saman egg, sykur, púðursykur og vanilludropa í hrærivél þar til blandan verður létt og ljós. Rífið kartöflurnar og blandið saman við, sigtið saman hveiti, matarsóda, salt og kanil og látið út í ásamt matarolíu. Bakað í 2 smurðum formum við 175 gráður í ½ klst. (eða nokkrum litlum formum eins og á myndinni).

Krem: Hrærið rjómaostinn í hrærivél þar til hann er mjúkur og sléttur. Hrærið sýrðan rjóma út í ásamt flórsykri og vanillusyfri. Hrærið þar til kremið verður létt. Setjið á milli botnanna og ofan á kökuna, eða smyrjið ofan á litlu formin.

Sósa: Hindber, jarðarber og sykur sett í pott og soðið í um 10 mínútur. Sósan borin fram annað hvort heit eða köld með kökunni.

Fróðleikur: Þessi kaka er mjög mjúk og er góð í viku frá því hún er gerð. Gott er að hafa ýmist hindber, jarðarber, bláber, rífsber, kókosflögur eða ristaðar hnetuflögur ofan á henni.

íslenskar
kartöflur

SPOTTIÐ



Sprungnar perur

UMRÆÐAN

Heilbrigðismál

Tæpar tuttugu þúsund daglega kostar umönnun fólks með Alzheimer-sjúkdóm á stofnun. Alzheimer er afbrigði elliglapa sem langt gengið gerir sjúklinginn ósjálfbjarga líkamlega og andlega. Útboðum til reksturs svona deildir var nýlega hafnað vegna kostnaðarauka miðað við gildandi fjárlög um 40 milljónir á ári.

Verð að spyrja: Hvaða heilvita fólki dettur í hug þessi verðlagning? 20 þúsund á dag! Þessi þjónusta er ekki endilega hátækni en knýjandi nauðsyn og á henni vaxandi þörf. Fyrir milljarð á ári væri hægt að reka almennilega einingu

Það liggur í augum uppi að x milljarðar í órekandi hátækni sjúkrahús hefti verulega framgang annarrar aðkallandi þjónustu og reki hana jafnvel á gat.

fyrir þetta fólk og aðstandendur, Grímseyjarferja og Laugavegur 4 og 6. Aðrar borðliggjandi vantar eru athvarf fyrir geðsjúka, rými fyrir aldraða og afkastameiri hjartaþræðingar. Ýmislegt fleira má nefna en þetta liggur fyrir.

Í nýju hátækni sjúkrahúsi er gert ráð fyrir einmannsherbergjum, nettengingu, skjám og aðstöðu fyrir aðstandendur, allt í samræmi við kröfur nútímans. Þó er vart gert ráð fyrir langlegum í svo dýru rými, eða hvað? Nokkurra daga legu á að breyta í lúxus en fólk sem dvelja þarf langdvölum eða ævilangt á vist eða stofn-



LÝÐUR ÁRNASON

un er áfram gert að hirst á fleirimannsherbergjum, án salernisaðstöðu eða jafnvel úti. Hverskonar flónska er í gangi? Hvers vegna segir enginn neitt? Það liggur í augum uppi að x milljarðar í órekandi hátækni sjúkrahús hefti verulega framgang annarrar aðkallandi

þjónustu og reki hana jafnvel á gat. Einfalt væri að lyfta grettistaki strax með sértækum aðgerðum og setja upp perur í myrkvöðu herbergin en flóðlýsa ekki endurtekið þau sem ljómuð eru fyrir.

Einn grunnvandi heilbrigðisþjónustu er launakjör aðhlyningarstétta og ljóst að nýtt gildismat þarf að koma til. Þegar núllframlög flokksbarna með þingmenn í maganum er verðmetið á hálf milljón á mánuði, samanborið við ekki einu sinni kvartmilljón á fulla vinnu aðhlyningarfólks, er ljóst að einhver er í myrkri.

Stjórnmalamenn verða að endurnýja perur sínar, kveikja og lesa eigin vinnulýsingu. Þið eruð í umboði almennings og eigið að vinna að hans heill, þið eruð kosin í tiltekinn tíma og megið ekki gefa eða ráðskast með eigin þjóðarinnar að vild og ótimabundið.

Gumað er af sterki stöðu ríkissjóðs. Því er lag að endurmeta grunnþörf heilbrigðisþjónustunnar, einnig framlag þeirra sem þar starfa. Samhliða taka svo til hendinni og hrista af herðum ríkisins þá hluti sem einkaframtakið gerir betur. Og einkaframtakið þarf ekki að hræðast nema náttúrulega hið opinbera leggi áfram allan sinn þunga í nýtt hátækni sjúkrahús. Þá mun skilja á milli Jóna.

Höfundur er heilbrigðisstarfsmaður á Isafirði.

Samfylkingin um land allt

Ráðherrar og þingmenn Samfylkingarinnar efna til funda í öllum kjördæmum landsins um helstu verkefni stjórnmalanna á næstunni. Við hvetjum alla til að mæta og taka þátt í líflegum og uppbyggilegum umræðum.



ÞRIÐJUDAGUR 25. MARS

Seyðisfjörður - Ferjuhúsið kl. 20

Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Lúðvík Bergvínsson þingflokksformaður
Einar Már Sigurðarson þingmaður
Katrín Júlíusdóttir þingmaður

Garðabær -

Garðaberg, Garðatorgi 7 kl. 20

Frummælendur:
Gunnar Svavarsson þingmaður
Árni Páll Árnason þingmaður
Helgi Hjörvar þingmaður
Valgerður Bjarnadóttir varaþingmaður

Akranes -

Fjölbrotaskóli Vesturlands kl. 20

Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Guðbjartur Hannesson þingmaður
Karl V. Matthíasson þingmaður
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður
Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna

MIÐVIKUDAGUR 26. MARS

Seltjarnarnes -

Félagsheimili Seltjarnarnes kl. 20

Frummælendur:
Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Árni Páll Árnason þingmaður
Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna
Á fundinum verður m.a. rætt um hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi

Grundarfjörður - Hótel Framnes kl. 20

Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Guðbjartur Hannesson þingmaður
Karl V. Matthíasson þingmaður
Anna Kristín Gunnarsdóttir varaþingmaður

Reykjavík - Grand Hótel kl. 20

Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi
Helgi Hjörvar þingmaður
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður
Guðlaugur Kr. Jörundsson - Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík

FIMMTUDAGUR 27. MARS

Reykjavík - Hallveigarstíg 1 kl. 20

Konur og loftslagsbreytingar

- týndi hlekkurinn?

Frummælendur:
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra
Helgi Hjörvar þingmaður
Katrín Júlíusdóttir þingmaður

Siglufjörður - Biókafl kl. 20

Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Einar Már Sigurðarson þingmaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Lára Stefánsdóttir varaþingmaður

Hvolsvöllur - Hliðarenda kl. 20

Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Lúðvík Bergvínsson þingflokksformaður
Gunnar Svavarsson þingmaður
Guðný Hrunn Karlsdóttir varaþingmaður

SUNNUDAGUR 30. MARS

Flokkstjórnarfundur Samfylkingarinnar

á Hótel Sögu kl. 13-16.

Málefnanefndir og verkalyðsmálaráð fundu á Hótel Sögu Súlnasal frá kl. 10-12.

Allir velkomnir!

Hriplek rök gegn inngöngu í ESB

UMRÆÐAN

Evrópumál

Andstæðingar ESB-inngöngu hamast margir hverjir á þeirri röksemd að Íslendingar muni glata sjálfstæðinu við inngöngu í ESB. En hvernig útskýra ESB-andstæðingar þá staðreynd að þau lönd í Mið- og Austur-Evrópu sem losnuðu undan járnhæl kommúnismans létu það verða forgangsverkefni að sækja um aðild að ESB? Pólland, Rúmenía, Búlgaría, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakía eru nú öll aðildarríki ESB.

Fengu þessi nýfrjálsu ríki frelsið bara til þess eins að kasta því í burtu, „augnabliki“ síðar? Þessi lönd hafa sjaldan eða aldrei verið frjálsari en einmitt nú. Gott dæmi: Slóvenía, sem nú fer með formennsku í ESB, var árið 1991 aðeins lýðveldi í Júgóslavíu kommúnismans, áður en það sagði sig úr ríkjasambandinu sama ár. Þá réðist Alþýðuhér Júgóslavíu inn í Slóveníu og stóð þar yfir stríð í tíu daga. Því lauk með að Alþýðuhérinn hraktist þaðan. Frá þeim tímupunkti hefur Slóvenía markvisst unnið sig inn í innsta kjarna ESB, en árið 2004 gekk landið með formlegum hætti í ESB og NATO. Slóvenar gegna nú, eins og áður sagði, formennsku í ESB. Þessi árangur á aðeins fjórum árum frá gildistöku aðildar! Íbúar Slóveníu eru um 2 milljónir og gjaldmiðill landsins er Evra.

Annað dæmi: Eystrasaltslöndin, sem öll voru undir járnhæl Sovétríkjanna. Eftir að þau fengu frelsi frá þeim var stefnan sett á ESB. Eistland, Lettland og Litháen gengu öll í NATO og ESB sama ár, þ.e. 2004. Hagvöxtur og framþró-



GUNNAR HÓLMSTEINN ÁRSÆLLSSON

un í þessum löndum er með mesta móti nú um stundir, þau einfaldlega blómstra.

Í Svíþjóð, sem gekk í ESB árið 1995, er það nánast aðeins í Vinstriflokknum (sem er arftaki Kommúnistaflokksins) þar sem raddir, sem tala um miðstýringu frá Brussel, heyrast. Nú heyrast einnig raddir frá sænska Umhverfislöngum (til vinstri á hinum pólitíska skala) sem vilja kasta fyrir röða þeirri fyrri skoðun sinni að Svíþjóð beri að segja sig úr ESB. María Wetterstrand, annar leiðtoga flokksins, tilkynnti það fyrir skömmu að henni fyndist vænlegra til árangurs að vera með í ESB.

Á komandi áratugum verða umhverfismál einn mikilvægasti málaflokkurinn sem mannkynið glímir við. Hvaða áhrif og HVERNIG vilja Íslendingar og íslensk stjórnvöld hafa í þeim málaflokki (sem er þó aðeins einn af mörgum)? Er ekki sjálfstæði einmitt falíð í því að geta valið að vera með í ESB sem fullgilt aðildarríki, sem hlustað er á og hefur eitthvað til málanna að leggja á réttum stöðum? Eða er betra að velja að vera nánast áhrifalaus í útjaðrinum? Og hvað „sjálfstæðisrök“ andstæðinga ESB-aðildar varðar, þá tel ég þau vera hriplek. Ísland hættir ekki að vera sjálfstætt land við inngöngu í ESB.

Veröldin hefur breyst og það allverulega síðan Ísland fékk sjálfstæði. Aðstæður í alþjóðamálum eru gjörbreyttar, ekki síst eftir að Kalda stríðinu lauk. Er hægt að horfa framhjá þeim breytingum þegar fjallað er um stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna og hvert skuli stefna?

Höfundur er stjórnmalafraeðingur.



24

Það er opið allan sólarhringinn alla páskahelgina

Reykjavík:
Arnarbakka
Austurstræti
Barónsstíg
Borgartúni
Hjarðarhaga
Langarima
Laugalæk
Lágmúla
Seljavegi
Sporhömrum


Kópavogi:
Dalvegi
Engihjalla
Hjallabrekku

Garðabæ:
Lyngási

Hafnarfirði:
Melabraut
Staðarbergi

Keflavík:
Hafnargötu
Leifsstöð komusal

Akureyri:
Hafnarstræti
Kaupangi



...alltaf opið!

www.10-11.is

Tryggðu þér gott

Nú er rétti tíminn til að tryggja gott sumarfrí á góðum kjörum!

Fjöldi brottfara
að seljast upp!

2008 Sumar & sérferðir

Þú getur skoðað sumar- og
sérferðabæklinginn 2008 á
www.heimsferdir.is



Beint flug með íslensku
flugfélagi í allt sumar.
Betri þjónusta og betri flugtímar
– fyrir þig!

Costa del Sol
Mallorca
Króatía
Rhodos
Fuerteventura
Barcelona
Montreal & Kanada
París & Frakkland
Búdapest
Sérferðir
Siglingar
Róm – Sorrento



Kynntu þér glæsilegt ferðaúrval Heimsferða í sumar, sumarleyfisferðir til vinsælustu sólaráfangastaðanna og spennandi sérferðir, gönguferðir og glæsi-siglingar. Við bjóðum þér spennandi valkosti þar sem saman fara nýjar upplifanir, slökun, skemmtun, sól og sumarskap.

Frábærar ferðir til fjölbreyttra áfangastaða á hreint ótrúlegu verði.

Starfsfólk Heimsferða óskar þér og þínum gleðilegs ferðasumars!

- Glæsilegar og spennandi sérferðir og lúxussiglingar
- Frábærar gönguferðir
- Sumarferð til Búdapest
- Vorferðir til Costa del Sol

www.heimsferdir.is

sumarfrí!

Bókaðu núna
og tryggðu þér lægsta
verðið og bestu gististaðina!

Vinsælasti sólarstaður Evrópu!
20 ára reynsla á Costa del Sol



Margar brottfarir uppseldar
– aukaflog í júní og júlí.

Costa del Sol
frá 45.545 kr.

Gríska perlan – eyja sólarinnar



Beint morgunflug

Rhodos
frá 59.503 kr.

Perla Miðjarðarhafsins



Beint morgunflug

Mallorca
frá 49.060 kr.

Hvíta ströndin



Benidorm
frá 29.440 kr.

Heitasti áfangastaður Evrópu!



Beint morgunflug

Króatía
frá 57.224 kr.


Fegurstu strendur heims!



Beint morgunflug

Fuerteventura
frá 48.847 kr.

Borg elskenda



París & Frakkland
frá 27.610 kr.

Borgin sem allir elska!



Beint morgunflug

Barcelona
frá 29.875 kr.

Sló í gegn í fyrra!



Montreal & Kanada
frá 37.317 kr.

Bókaðu beint á www.heimsferdir.is



Mummi átti íslenska konu og íslensk börn og talaði góða íslensku og hrafl í nokkrum öðrum tungumálum eins og ensku, þýsku, spænsku og frönsku sem hann hafði lagt sig eftir að læra til að geta betur sinn starfi sínu og viðskiptavinum.

Móðurmál sitt, arabísku, notaði hann sjaldan, en þegar hann sá blossann út um bílgluggann varð honum að orði: Naron mina essama! Eldur af himnum! Og svo varð honum á að blóta: „Naron hamraa! Hvert í sótrautt helvíti?“ Naron merkir nefnilega bæði eldur og víti á arabísku.

Hvaðan af himnum eldurinn kom nákvæmlega gat hann ekki sagt til um því að hann sat vinstra megin í bílnum og var að fylgjast með farþegum sínum nálgast út um hægri hliðargugga. Klukkan 11.21 hafði verið beðið um leigubíl að Sjávarkjallaranum neðst á Vesturgötunni. Mohamet Ben Salah Khelifi kallaður Mummi var að skila af sér farþega á Bárugötu 3 og var kominn á staðinn kl. 11.23.

Hann lagði bílnum við gangstéttina og setti parkljósin á svo að aðrir ökumenn hefðu rænu á að sveigja fram hjá honum í stað þess að mynda heiladauda bíðrauð fyrir aftan hann. Annars var lítil umferð og heiladaudu bílstjórnarnir flestir komnir heim til sínu fyrir löngu og farnir að horfa á sjónvarpið eða gera það sem heiladautt fólk gerir þegar það er ekki að þvælast fyrir í umferðinni.

Það var fimmtudagskvöld og fremur lítið að gera. Eftir þennan túr var Mummi að hugsa um að drífa sig heim og hætta í kvöldharkinu í þessum dauða bæ sem leit út eins og liðið lík á virkum dögum en breyttist í ærsladraug um helgar.

Ennþá snjóaði.

Mummi setti gjaldmælinn í gang. Hann var mættur eins og um hafði verið beðið og það var ekki hans mál þótt farþegar geti verið lengi að kveðja og þakka fyrir eða gera upp reikninga áður en einhver man eftir því að fyrir utan stendur leigubíll og bíður eftir manni.

Hann þurfti þó ekki að bíða lengi að þessu sinni.

Glerdyrnar á Sjávarkjallaranum opnuðust og út komu þrjár manneskjur. Tveir karlar og ein kona. Virtust vera lítið drukkin. Sennilega viðskiptakvöldverður á kostnað einhvers fyrirtæki.

Reykjavík er ekki stór borg og Mummi var mannglögur og hafði áhuga á fólki. Hann rýndi út í kafaldið og reyndi að bera kennsl á farþegana.

Þetta voru tveir karlar og ein kona.

Annar karlmaðurinn fór fyrir hópnum, veifaði til Mumma, þegar hann sá bílinn og benti félögum sínum á að þarna væri leigubifreiðin mætt og biði.

Mummi sem var glöggur að sjá út aðstæður ályktaði svo að staki maðurinn væri gestur eða gestgjafi hinna tveggja sem væru hjón og væru nú upp á kant að hætti hjóna sem hafa gert drykkjarföngum ótæpileg skil.

Gestgjafinn sneri sér að hjónunum og talaði eitthvað við þau. Mummi heyrði ekki orðaskil en þau nálguðust bílinn. Það var komið að Mumma að taka ákvörðun um hvort hann ætlaði að stíga út úr bílnum og opna dyrnar fyrir farþegana.

Þétt hundslappadrífan var ekki árennileg. Þar að auk sýndist honum um Íslendinga að ræða og þar með takmarkaða von um þjóðfé nema þeir væru þeim mun drukknari. Honum sýndist þetta fólk ekki nógu mikið ölvað til að vera örlátt. Hann sat sem fastast.

Fólk verður bara að skilja að maður rýkur ekki léttklæddur út úr upphituum bíl út í kafaldsbyl og sex stiga frosti til að sýna góða þjónustu.

Kraftaverkið kom þegar sá sem gekk afturábak á undan hinum tveimur átti svo sem fjóra, fimm metra ófarna.

Fyrst fann Mohamet að eitthvað eins og vindhviða skall á bílnum. Svo varð allt bjart. Stór logandi eldhöttur umlukti fólkið sem gekk í áttina til hans. Eldhötturinn dróst saman og hvarf og eftir stóðu þrjár manneskjur í ljósum logum. Konan sneri sér við, hélt hugsanlega að sprenging hefði orðið í veitingahúsinu en þar var allt með kyrrum kjörum. Á sömu andrá kom önnur eldsúla að ofan og umlukti konuna,

lengi, lengi, og hann sá rétt móta fyrir henni inni í skjannabirtunni.

Maður konunnar henti sér niður í snjóinn og tók að velta sér. Hann hljóðaði ákaft og veinin í honum skáru í eyrun svo að Mummi skrúfði upp rúðuna eins og ósjálfrátt. Þar sem maðurinn lá á bakinu og jós yfir sig snjó með höndunum myndaðist skyndilega þykk eldsúla yfir honum og dugði til að binda enda á hreyfingar hans. Fætur hans hættu að kippast til.

Sá sem fremstur fór stóð í ljósum loga og sneri baki að bílnum og horfði á eldinn gleypa félagu sína. Skyndilega sá Mummi út um bílgluggann að hinn væntanlegi farþegi hafði snúist á hæli og stefndi nú í áttina að leigubílnum. Hann fór hægt yfir. Föt hans og hár stóðu í ljósum logum og þegar hann kom nær bílnum sá Mummi að andlit mannsins logaði líka.

Mummi var skelfingu lostinn og studdi með fingri á hnapp sem læsti

hurðum bílsins. Það mátti ekki seinna vera því að nú kastaði þessi brennandi mannslíkami sér á bílinn og tók að fálma eftir hurðarhúningum um leið og eldhöttur kom af himnum og umlukti hann og bílinn sem Mummi hafði fengið úr þrjú hundruð þúsund króna sprautun fyrir tæpum mánuði frá kunningja sínum á Eyrarbakka og skuldaði ennþá fimmtíu þúsund.

Það var þó ekki lakkið á bílnum sem Mummi hafði mestar áhyggjur af á þessari stundu heldur sú hugsun að umlukinn þessu eldhafi myndi bíllinn springa í loft upp innan fárra augnablika.

„Inni saamout nuna!“ hugsaði hann. „Ya, Ilahi. Hérna dey ég. Guð minn góður!“

Hann aftengdi því læsingarnar og dró djúpt að sér andann. Opnaði síðan bílstjórahurðina og lét sig falla út úr bílnum. Hann var feitlaginn og kom illa niður á vinstri handlegg en lét sársaukann ekki á sig fá

heldur velti sér eftir blautum og skífugum krapasnjó á götunni í átt frá bílnum.

Hann sá að enn einn eldhöttur var á leiðinni af himnum og virtist stefna á hann. Mummi lagðist á grúfu í snjóinn og kreisti aftur augun. Hann fann heitan gust leika um sig og sneri höfðinu og leit til baka. Nú var sjónsviðið víðara en út um farþegagluggann á bílnum.

Uppi á Geysishúsinu stóð svört vera, engill eða djöfull, með framréttar hendur og fram af höndunum gengu eldhnettir og logar. Á bakinu hafði þessi vera svarta vængi og Mummi var viss um að hún mundi á hverri stundu hefja sig til flugs og koma sér í betra færi til að ljúka þeirri tortímingu sem hún hafði byrjað á fyrir fáeinum sekúndum.

Hann kreisti aftur augun og tautaði á íslensku „Guð, Guð, Guð“ og „Ya, Ilahi“ og reyndi að rifja upp einhverja bæn á íslensku eða arabísku en mundi ekkert nema byrjun-

ina á þjóðsöngnum „Ó, Guð vors lands, Ó, lands vors Guð,“ sem hann hafði aldrei skilið en endurtók í belg og biðu þar sem hann lá og beið dauða síns.

Mummi mundi ekki ýkjarmargt úr Kóraninum en hann rámaði þó í það að Guð hefði látið eldi rigna yfir borgirnar Sódomu og Gómorru einhvern tímann endur fyrir löngu því að íbúarnir tilbáðu marga guði og neituðu því að samkynhneigð væri viðurstyggð.

Nú fannst Mumma nokkuð augljóst að Reykvíkingum hefði tekist að ganga ennþá lengra fram af Guði en hinum gjálifu íbúum Sódomu og Gómorru tókst á sinni tíð.

Það heyrðist í sírenum í fjarska. Einhver hafði greinilega hringt í lögreglu og slökkvilið.

Það var ekkert minnst á lögreglu og slökkvilið í Kóraninum en svo ógnvekjandi voru sírenuhljóðin að Svarti engillinn hafði látið sig hverfa.



Háskóli Íslands býður flesta möguleika!



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

Valið er auðvelt – Tökum við umsóknum núna

83% framhaldsskólanema telja að í Háskóla Íslands bjóðist fjölbreyttara námsval en í nokkrum öðrum háskóla hérlendis.*

Þetta er hvatning öllum sem hyggja á háskólanám. Enginn íslenskur háskóli býður meiri fjölbreytni og framtíðarmöguleika.

Umsóknir um nám á haustmisseri 2008

- » Tekið er við umsóknum um grunnám til 5. júní nk. Sótt er um rafrænt á www.hi.is
- » Umsóknarfrestur um framhaldsnám er breytilegur milli deilda. Sótt er um á vefsíðum deilda. Sjávar nánar á www.hi.is
- » Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi á þjónustuborði Háskólatorgs alla virka daga.

*M.v. niðurstöðu í könnun Gallup.

SKÁLDIÐ GÖTHE
ANDADIST PENNAN DAG ÁRIÐ 1832.
„Þegar þú hefur öðlast trú á
mátt þinn og megin eru þér allir
vegir færir í lífinu. „

Johann Wolfgang von Göthe var
þýskur rithöfundur, vísindamaður
og heimspekingur. Hann skrifaði
meðal annars leikritið Fást.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 22. MARS 2007

Alþjóðlegur dagur vatnsins

Pennan dag fyrir ári síðan höfðu Sameinuðu þjóðirnar ákveðið að baráttan gegn vatnsskortri í heiminum yrði þema dagsins. Þar með fylgdu samtökin eftir þúsaldarmarkmiðum sínum um að auka lífsgæði íbúa í verst settu ríkjum heims, meðal annars með auknu aðgengi að hreinu vatni. Þessi dagur í fyrra var helgaður þessum göfugu áformum víða um heim og meðal annars hér á landi. Samorka stóð fyrir ráðstefnu í Orkuveituhúsinu í samstarfi við íslenska aðila í þróunaraðstoð og Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri



Hreint neysluvatn er munaður í Afríku.

Samorku afhenti Jónasi P. Þórisssyni framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar styrk sem nam kostnaði við gerð fjögurra brunna. Þeir munu auðvelda allt að fjögur þúsund manns í Afríku aðgengi að hreinu neysluvatni.

Íslendingar eru ríkir af hreinu vatni og hafa síst yfir nokkru að kvarta í þeim efnum. Íslensk þróunaraðstoð hefur líka oft beinst að fjársöfnun fyrir brunnum í Afríku og er skemmt að minnast framgöngu Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir síðustu jóli.

MERKISATBURÐIR

- 1867 Borgarnes við Brákarpoll verður löggiltur verslunarsaður.
- 1882 Bandaríkjaþing bannar fjölkvæni.
- 1888 Enska knattspyrnudeildin er stofnuð.
- 1962 Frystihúsið við Fífuhvamsveg í Kópavogi brennur ásamt vélakosti.
- 1963 Rafgeymverksmiðjan Pólar í Reykjavík skemmist af eldi.
- 1972 Áhöfn vélbátsins Venusar uppgötvar að Geirfugla-drangur er horfinn. Hann var um 10 metra hárg og einn grunnlínupunkta landhelginna.
- 1993 Intel setur fyrsta Pentium-örgjörvinn á markað.

AFMÆLI



Páll Hersteins-son prófessor er fimmtíu og sjö ára í dag.



Helga Jónsdóttir sveitarstjóri er fimmtíu og fimm ára í dag.



Bruno Ganz leikari er sextíu og sjö ára í dag.



Andrew Lloyd Webber tónskáld er sextugur í dag.

Fríðrik Rafnsson. „Allir eru velkomnir sem eru í stuði fyrir franska veislu og músík,“ segir hann um lokakvöldið á Le Rendez-Vous.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Pálsson

fyrirverandi sveitarstjóri, Laufskógum 31, Hveragerði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 14. mars, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 26. mars kl. 15.00.

Sigrún Sigfúsdóttir
Ingvar Sigurðsson
Sævar Sigurðsson
Sigmar Sigurðsson
afa- og langafabörn.

Fay Castle
Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Björg Jónsdóttir

Lækjarsmára 6, Kópavogi, áður búsett á Akureyri,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, föstudaginn 14. mars. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju í Reykjavík þriðjudaginn 25. mars kl. 15.00.

Sigríður Dóra Jóhannsdóttir
Egill T. Jóhannsson
Örn Jóhannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur H. Torfason
Kristín Gunnarsdóttir
Ane Mette Sørensen



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, tengdadóttir og mágkona,

Ásta Ingvarsdóttir

skrifstofustjóri, Leiðhömrum 44, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 13. mars. Hún verður jarðsöngin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 13.00.

Brynjólfur Eyvindsson
Auður Brynjólfsson
Inga Lilly Brynjólfsson
Bjarni Brynjólfsson
Ingvar Þorsteinsson
Bergljót Ingvarsdóttir
Þorsteinn Ingvarsson
Geir Örn Ingvarsson
Bjarnís Bjarnadóttir
Einar Á. Kristinsson
Camilla Ása Eyvindsdóttir

Haraldur Ágúst Sigurðsson
Þorsteinn Gunnarsson
Sigrún Ívarsdóttir
Steinunn G. Geirsdóttir
Bjarni Eyvindsson
Ragna Gústafsdóttir
Hallveig Ragnarsdóttir

Pétur Óli Pétursson

ALLIANCE FRANÇAISE OG FLEIRI: HÁTÍÐ FRANSKRAR TUNGU Á ÍSLANDI

Staða frönsku sterkari í nútímanum en margan grunar

Hátíð franskar tungu hefst í dag í Reykjavík og sendur í heila viku. Fríðrik Rafnsson ritstjóri er forseti Alliance française sem stendur að hátíðinni ásamt sendiráðum Frakklands og Kanada á Íslandi. Fríðrik hlakka greinilega til frönsku vikunnar og er beðinn að lýsa dagskránni sem framundan er.

„Við byrjum með að sýna fimm myndir eftir franska kvikmyndajöfurrinn François Truffaut um helgina í Tjarnarbiói í samstarfi við Fjalaköttinn. Í næstu viku verða tveir fyrirlestur með Julie Barlow, merkilegum kanadískum blaðamanni. Sá fyrri verður um helstu hitamálin í franskri þjóðfélagsmæðu og fer fram á miðvikudag á franska veitingastaðnum Le Rendez-Vous á Klapparstíg. Þar ræðir hún meðal annars óeirðirnar í úthverfi Parísar og hvers vegna Frakkar banna

trúartákn í opinberum skólum, áberandi krossa, slæður múslimakvænna og annað slíkt. Nokkuð sem Norðurlandabúar og enskumælandi þjóðir eiga erfitt með að skilja. Á fimmtudaginn verður Julie svo með erindi í háskólanum sem fjallar um stöðu frönskunnar í nútímanum sem er mun sterkari en margan grunar. Sá fyrirlestur verður fluttur á ensku þó það teljist kannski þverstæðukennt. Hugmyndin er að opna aðgengi sem flestra að þessum fróðleik.

Svo erum að örva frönskunema til dáða með því að efna til smá samkeppni í framhaldsskólunum um að fá að taka þátt í masterklass námskeiði í frönskum ljóðaflutningi. Æfingar verða í Alliance française fyrir krakka-ana og svo verður ljóðaupplesturinn í Iðni á föstudagskvöldi undir stjórn

franskur söngkonu sem heitir Catherine Dagois og manns hennar Edgars Teufel sem er þýskur píanisti. Þarna fær unga fólkið úrvals fagfólk til leiðsagnar.

Hátíðinni lýkur svo næsta laugardag, 29. mars, með ekta franskri veislu á veitingastaðnum Le Rendez-Vous og þar flytja Catherine Dagois og Edgar Teufel frönsk Edit Piaff-lög. Þang-að eru allir velkomnir sem eru í stuði fyrir franska veislu með músík og þetta verður ægilega huggulegt.“

Franska er töluð af 200 milljónum manna, sem fyrsta tungumál, að sögn Fríðriks og hann segir hátíð franskur tungu haldna í 68 löndum um heim allan þessa viku. Hér á landi er franska kennd í öllum menntaskólum sem þriðja mál og nú gefst fólki kostur á að skerpa á kunnáttunni. gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

Hjálmar Ágústsson

frá Bildudal, Hvassaleiti 58, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Grensáskirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 11.00.

Svandís Ásmundsdóttir
Hera Hjálmarsson
Martha Ásdís Hjálmarsson
Jakob Ágúst Hjálmarsson
og barnabörn.

Þorsteinn Arnór Jónsson
Auður Danielsdóttir

Til hamingju með
50 ára brúðkaupsafmælið.

Edgar y Julia

Papá y Mamá en esta fecha tan especial para todos le damos gracias a Dios por darnos unos padres como ustedes.

Felicidades en esta día, son los deseos de sus hijos y familiares.



Nú er tækifærið
Rýmingarsala
 úlpur og barnaúlpusettt
 í Skútuvogi og Grafarholti

aðeins
 eitt verð

2.999

VORIÐ KALLAR

í Húsasmíðjunni



Keðjusög, Texas
 Rafmagn, 2000W, 40 sm blað
 5083575

9.995



Hekklippur, Hipoint
 5084667

1.149

~~1.895~~



Hekklippur, Texas
 Tvígengismótor, 22,6 CC,
 60 sm blað, klippigeta
 25 mm.
 5083584

16.995



Gasgrill
 Outback Omega 200EX
 Grillflötur 50x36 sm, tvískiptur brennari.
 Flame tamer hlíf yfir brennurum.
 3000235


13.590

~~10.990~~



Gasgrill Weber Spirit E310 73.990

- 3 ryðfrír brennarar
- Þykk álsteypa í botni og hliðum í loki.
 - Skápur með ryðfríum hurðum.
 - Grillflötur: 61 x 44 cm
 - Efri grind: 61cm x 12 cm. / + 58 x 8 cm.
 - H: 160 cm B: 137 cm D: 76 cm.
 - Afhent ósamsett.
- 3000256



Greinaklippur
 HiPoint.
 5084660

799

~~1.345~~



Gasgrill Weber Q120

- Frábært í ferðalagið eða heima við.
- Grillflötur: 42 x 32 cm
- Þyngd: 10 kg
- Ryðfrír brennari

3000247

24.290



HÚSASMÍÐJAN
 ...ekkert mál

NÓATÚN

Gleðilega páska

Úr
Kjötborði
Nóatúns



SPRENGIVERÐ

899 kr. kg.

Þú sparar 700 kr.kg.

Lambalæri
af nýslátruðu



**Páskablaðið
er komið út!**

SPRENGIVERÐ

1.198 kr. kg.

Þú sparar 600 kr.kg.

Lambhryggur
af nýslátruðu



Úr
Kjötborði
Nóatúns

Ungnauta Rib Eye **2.498** kr. kg.



Móa veislufugl
með fyllingu **799** kr. kg.



Úr
Kjötborði
Nóatúns

Piri Piri
Grísakótilettur **1.498** kr. kg.

Verslanir Nóatúns

Austurvegur Furugrund Grafarholt Hafnarfjörður Hamraborg Hringbraut Hverafold Nóatún Rofabær Selfoss Smáralind





Matfugl maískjúklingur séralinn

799 kr. kg.

20% afsláttur




Úr Kjötborði Noatúns

Noatúns grísa-hamborgarhryggur


1.189 kr. kg.

30% afsláttur



Sólfugl kalkúnabringa fersk eða fyllt

25% afsláttur



Labeyrie franskar andabringur

2.798 kr. kg.



Úr Fiskborði Noatúns

Beinhreinsuð laxaflök

998 kr. kg.



Lamba Rib Eye

1.998 kr. kg.



Lambalærissneiðar Las Vegas

1.953 kr. kg.



Lambafille með fiturönd

2.698 kr. kg.

Opið laugardag 10-21 (Smáralind 11-20)
Annar í póskum 11-21 (Smáralind 11-20)

www.noatun.is
LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

Upprisa Maríu Magdalenu

María Magdalena er umdeildasta kona frumkristninnar. Saga hennar er samofin sögu Jesú kristis og kristinnar trúar og eins og séra **Pórhallur Heimisson** reifar í væntanlegri bók sinni, María Magdalena - vegastjarna og vændiskona, er allsendis ekki óvíst að samband þeirra hafi verið nánara en margan hefur grunað. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við Pórhall um nýja sýn á konuna.



AFDRIF MARÍU „Samkvæmt vesturkirkjunni flúði María ofsóknir á hendur kristinni í Jerúsalem og settist að í Marseille þar sem nú er Frakkland, ásamt Lazarusi, sem er samkvæmt þessari sögu álitinn bróðir hennar, og lærisveininum Maximin,“ segir Pórhallur Heimisson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Pórhallur hefur um árabil verið landsmönnum innan handar í leit þeirra að raunverulegum sagnfræðilegum fróðleik á bak við metsölubækur og -myndir eins og Da Vinci lykilinn eftir Dan Brown. Hann hefur staðið fyrir fjölda námskeiða um innihald bókarinnar sem yfir þúsund manns hafa sótt. María Magdalena kemur þar talsvert við sögu enda rauður þráður bókarinnar sá að Jesús og María hafi eignast erfingja sem er best varðveitta leyndarmál mannkynssögunnar.

María var efnuð kona

Að sögn Pórhalls hefst saga Maríu líklega um svipað leyti og saga Jesú. María er frá bænum Magdala sem er nálægt Nasaret þar sem Jesús ólst upp, en lítið er til af heimildum um fortíð hennar, æsku og unglingsár. Þó er vitað að íbúar Magdala voru stöndugir, enda bærin verslunarmiðstöð og fiskverksmiðstöð. Þeir voru líka fullir af frelsisþrá og börðust til dæmis til síðasta manns gegn Rómverjum í Gyðingastríðinu árið 67. Því má fastlega gera ráð fyrir að María hafi smitast af þessari óbilandi þrá sveitunga sinna og gefið ekkert eftir fyrr en í fulla hnefana.

Pórhallur bendir á að María hafi þjáðst af geðkvillum og að það hafi verið Jesús sem læknaði hana. Uppfrá því hafi tekist með þeim góð og nán kynni og María hafi fylgt frelsaranum allt til síðasta dags. „Ef marká má frumheimildir er ljóst að María var mjög efnuð og hafði úr nægu fé að spila, eitthvað sem var ekki algengt að konur hefðu. Hún sá meðal annars um að klæða lærisveinana, fæða þá og sá þeim fyrir húsaskjól,“ segir Pórhallur. Jafnframt er augljóst að Jesús sjálfur binst Maríu miklum tryggðaböndum, hún er til að mynda aldrei langt undan þegar minnst er á móður Jesú, Maríu. „María Magdalena er yfirleitt önnur konan sem er nefnd ef María mey er nálægt en alltaf fyrst ef hennar nýtur ekki við,“ bendir Pórhallur á.

Og það sem gerir sjálfstæði Maríu enn merkilegra og staðfestir það er að María er ein af fáum konum Nýja testamentisins sem er ekki nefnd eftir eiginmanni sínum, föður eða sonum. „Hún er kennd við bæinn sinn, Magdala, sem gefur sterklega til kynna að María hefur mjög sterkan og frjálsan vilja og er engum háð,“ útskýrir Pórhallur.

Leiðtogar kirkjunnar hræddust tengslin

En þótt María hafi verið gerð að dýrtingi jafnt í kaþólsku kirkjunni og grísku kirkjunni stóð leiðtogum

kirkjunnar einhver stuggur af henni og ekki síst tengslum Maríu við Jesú. Kirkjufaðirinn Hippolytos líkir þannig Maríu Magdalenu við Maríu af Betaníu í skrifum sínum um Ljóðaljóðin á þriðju öld og Gregor páfi telur hana vera hinna syndugu konu sem segir frá í 7. kafla Lúkasarguðspjalls, í predikun árið 591. Fljótlega eftir þá ræðu páfans festist vændiskonustimpillinn á Maríu og eins og Pórhallur bendir á hefur ekki reynt auðvelt að má þann stimpil af. „Ætli það sé til verk á 20. öldinni sem sýnir Maríu í einhverju öðru ljósi en sem vændiskonu?“ segir Pórhallur og telur meðal annars að í söngleiknum Jesus Christ Superstar kristallist þetta hvað best.

EKKI liggur fyrir hvað býr að baki þessum kenningum frumkirkjunnar og Pórhallur segir enga eina skýringu betri en aðra. „Að öllum líkindum hefur kirkjunnar mönnum ekki líkað hversu veigamiklu hlutverki kona gegnir í sögu kristninnar og því reynt að draga úr vægi hennar með þessum hætti,“ útskýrir Pórhallur sem vísar því alfarið á bug að María hafi verið vændiskona. Hvergi sé María til að mynda kölluð vændiskona í ritum Nýja testamentisins.

Átti María að leiða söfnuðinn?

Mikil togstreita skapaðist meðal lærisveinanna um hver ætti að stýra hinum kristna söfnuði eftir upprisu Jesú. Pórhallur segir þetta koma vel fram í bókum Nýja testamentisins. Væntanlega hafa lærisveinarnir líka verið á báðum áttum hvort fela ætti konu það hlutverk að leiða söfnuðinn. María gat vissulega gert tilkall til leiðtogahlutverksins, að sögn Pórhalls, en varð að lúta í lægra haldi fyrir karlaveldinu. Þar fór fremstur í flokki Páll postuli sem minnst ekki einu orði á Maríu Magdalenu. Í skrifum hans er hún er jafnvel ekki í hópi þeirra sem sáu Jesú upprisin. Skýringin á því er ekki einföld en endurspeglast líka hjá Lúkasi, eina guðspjallamanninum sem menn telja sig vita með nokkurri vissu hver hafi verið. „Lúkas gerir ekki mikið úr þætti Maríu í sínu guðspjalli en hann var sá sem ferðaðist með Páli postula í kristniboðsferðum hans. Páll gerði líka heldur lítið úr þætti kvenna og vildi hafa þær til hliðar,“ segir Pórhallur. „Þó viðurkennir hann það grundvallaratriði að konur og karlar séu jöfn í Kristi.“

Fyrstu postulinn

Jóhannesarguðspjall gerir hins vegar mikið úr þætti Maríu í upprisu Jesú og bæði Markús og Matteus taka í sama streng. Pórhallur bendir á að ekki verði lítið fram

NÝTTU ÞÉR VE STIGHÆKKANDI VE

*Ársvextir skv. vaxtatöflu 21.03.08: Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu. Grunnþrep 0–250 þús. = 9,75%. 1. þrep 250–1.000 þús. = 12,35%. 2. þrep 1.000–2.000 þús. = 14,00%. 3. þrep 2.000–5.000 þús. = 14,50%. 4. þrep 20–75 millj. = 14,00%. 5. þrep 75 millj.+ = 14,50%.

99

Að öllum líkindum hefur kirkjunnar mönnum ekki líkað hversu veigamiklu hlutverki kona gegnir í sögu kristinnar og því reynt að draga úr vægi hennar með þessum hætti.



Umdeild: María Magdalena var gerð að vændiskonu á sjöttu öld og sá stimpill hefur fylgt henni alla tíð.

hjá þeirri staðreynd að María var hjá Jesú allt til síðasta andardráttar þegar aðrir höfðu yfirgefið hann – allir nema María móðir hans og móðursystir. Og það var María Magdalena sem fékk þær fréttir fyrst frá englum Guðs að Jesús væri upprisinn. Það var einnig hún sem Jesús velur að birtast fyrst eftir upprisuna. Frásögn Jóhannesar er mjög merkileg því þar kemur fram að María hafi farið með Símoni Pétri og öðrum lærisveini sem var Jesús kær, til að sýna þeim hina tómu gröf Jesús sem hún hafði komið að fyrr um morguninn. Þar hafi þau fundið línklæðin sem Jesús var klæddur í eftir dauða sinn. Þórhallur segir að í framhaldinu sé að finna mjög merkilegan vitnisburð um náð samband Maríu og Jesú. „Því þegar lærisveinarnir eru farnir og María liggur og grætur yfir því að líkið skuli hafa verið numið á brott birtist Jesús. Hún trúir því ekki að þetta sé hann í fyrstu en þegar hann kallar nafnið hennar svarar hún honum strax.“ Þórhallur bendir jafnframt á að Jóhannes greini frá því að Jesús hafi falið Maríu það hlutverk að segja öðrum lærisveinum frá upprisinni. Hún sé því fyrsti postulinn.

Örlög Maríu Magdalenu

Samband Maríu og Jesú er náð. Þórhallur tekur á þeim kenningum í bók

Saga af því af hverju páskaegg eru gefin

Ein slík saga, sem reyndar birtist ekki í Legenda Aurea, segir til dæmis frá því að María Magdalena hafi farið fljótlega eftir upprisuna til Rómars þar sem hún á að hafa hitt að máli páverandi keisara, Tiberíus. Þar þessi ferð til tíðinda áður en hin meinta útleigð hófst frá Ísrael. Tiberíusi á hún að hafa boðað kristna trú eða alla vega sagt honum frá upprisunni. Samkvæmt þessari hefð tók María Magdalena með sér egg til að sýna keisaranum, en eggdið ætlaði hún að nota sem dæmi um upprisuna, til að skýra mál sitt. Þegar hún kom fram fyrir keisarann sagði hún honum frá því að að í Júdeu hefði maður nokkur að nafni Jesús Kristur verið tekinn af lífi fyrir ákærur æðsta prestsins, ákærur sem Pontíus Pílatus síðan staðfesti. Þetta var heilagur maður og kraftaverkamaður sagði hún keisaranum, öflugur í augum Guðs. Þessi maður var nú risinn upp frá dauðum. Tiberíusi á að hafa hlegið og svarað því til að enginn maður gæti risið upp frá dauðum, ekki frekar en að egg gætu breytt um lit og orðið rauð. Eins og fyrir kraftaverk umbreyttust eggin hennar Maríu Magdalenu þá og urðu rauð til að staðfesta sögu hennar. Tiberíusi brá nú í brún og lét hann kalla Pontíus Pílatus frá Jerúsalem fyrir áeggjan Maríu Magdalenu. Þaðan var Pílatus sendur til Gallíu, núverandi Frakklands þar sem hann síðar veiktist af hræðilegum sjúkdómi og endaði sína illu æfi í kvöl og pínu. Þannig tók hann út maklega refsingu...segir sagan!

(Úr bók Þórhalls Heimissonar)



sinni um Maríu hvort samband þeirra hafi náð lengra en samband meistara og lærlings. Hann vill ekki gefa upp sína eigin niðurstöðu nú, hún birtist í bók hans í haust, en ljóst er að samsæriskeningasmíðar hafa lengi nærst á þessari hugmynd. Sumir segja líka að til sé ættbogi Jesús Krists á jörðinni. Þórhallur telur að þær kenningar sem hann viðri í bókinni eigi vafalítið eftir að reynast mörgum umhugsunarefni.

En stóra spurningin er vafalítið sú hver urðu örlög Maríu Magdalenu. Þórhallur segir að í raun séu tveir sagnabálkar til um afdrif hennar. Samkvæmt vesturkirkjunni flúði María ofsóknir á hendur kristinni í Jerúsalem og settist að í Marseille þar sem nú er Frakkland, ásamt Lazarusi, sem er samkvæmt þessari sögu álitinn bróðir hennar, og lærisveininum Maximin. María sat ekki með hendur í skauti heldur kristnaði allt Provence-héraðið þar til hún dró sig í hlé og dó í helli í héraðinu.

Austurkirkjan telur hins vegar að Maríu Magdalenu hafi verið falið það hlutverk að fylgja Maríu, móður Jesú, og þær hafi farið til Litlu-Asíu, þar sem nú er Tyrkland, ásamt Jóhannesi. Þar settust þau að í borginni Smyrnu eða Ismir og bjuggu þar til dauðadags. Samkvæmt austurkirkjunni voru líkamsleifar hennar síðan fluttar til Konstantínópel árið 886 og eru þar enn.

Áhrif í seinni tíð

Þórhallur er ekki í nokkrum vafa um að margt væri öðruvísi ef María og hennar söguhefð hefði fengið að njóta sín meir í sögu kristinnar. María hafi til að mynda á síðari öldum verið sýnd sem milligöngumanneskja og alltaf verið fyrst til að miðla málum. „Í Mariuguðspjallinu er það til dæmis hún sem stappar stálinu í lærisveinana þegar á móti blæs og hvetur þá til dáða,“ segir Þórhallur og bendir reyndar á að þessi sýn á Maríu hafi oft komið upp á yfirborðið í gegnum aldirnar, á tólfstu og þrettánda öld séu til dæmis til myndir af henni predikandi. „Og ég hef rekið á skrif biskupa og kennimanna frá þessum sama tíma sem hampa henni í hlutverki leiðtoga en alltaf virðist karlaveldið hafi barið þessar kenningar og hugmyndir niður. Vonandi er hins vegar umræðan upphafið að upprisun Maríu Magdalenu, konunnar sem Jesús bar svona mikið traust og mikinn kærleika til.“

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á háa og örugga ávöxtun.

ALLT AÐ
14,5%*
VEXTIR

Kynntu þér málið á www.glitnir.is, í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma 440 4000.

LÁTTU
PENINGANA
ÞÍNA VINNA

ÖRUGG OG GÓÐ
ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI
VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR
MÁNAÐARLEGA

GLITNIR

X T I

þrep 1–5 millj. = 13,00%. 3. þrep 5–20 millj. = 13,50%.

ÚTÍGARÐIA

OUTBACK

Vnr. 50630102

Gasgrill

OUTBACK TROOPER PLUS gasgrill með 2 ryðfríum brennurum. Pottjárn á grillgrind. 7,8kW. Grillflötur 47x42 cm. Neistakveikjari, hitamælir, efri grind og fitubakki. Mjög auðvelt að hreinsa. Kveikja í hverjum hnapp, hitaplata. Þrýstijafnari og slanga fylgir.

59.900

**NÝTT Í
BYKO**

Vnr. 50632136

Gashitari

Gashitari 65x220 cm, 25kg. Hitari sem hitar og lýsir upp nánasta umhverfi. 9 KW.

34.900

99.900

OUTBACK

Vnr. 50630101

Gasgrill

OUTBACK LEGEND gasgrill úr burstuðu stáli. Með 4 ryðfríum brennurum, bakbrennara og hliðarhellu. Grillflötur 67x50cm, grillgrind úr burstuðu stáli, hitamælir, neistakveikjari, efri grind, snúningssteinn og yfirbreiðsla fylgir. 17 KW.

24.900

Vnr. 50632108

ELEGANT UNION gasgrill með tveimur brennurum. Grillflötur 49x46 cm. Neistakveikjari, hitamælir og efri grind. Niðurleggjanleg hliðarborð. Yfirbreiðsla fylgir. 8,2KW. Þrýstijafnari og slanga fylgir.

OPIÐ Í ÖLLUM VERLSUNUM BYKO Í DAG LAUGARDAG OG BYKO HRINGBRAUT ANNAN Í PÁSKUM KL.11:00-17:00

LLA HELGINA

Vnr. 0058325

Pallaefni

Fura, alhefluð, 27x120 mm, A-gagnvarin.

Pallaefni

229 kr.
lm

Fullt verð: 397

Fullt verð: 352

Vnr. 0058504

Pallaefni

264 kr.
lm

Fura, alhefluð, 45x95 mm, A-gagnvarin.

Fullt verð: 662

Vnr. 0059954

Pallaefni

498 kr.
lm

Fura, alhefluð, 95x95 mm, A-gagnvarin.

Fullt verð: 181

Vnr. 0058254

Pallaefni

137 kr.
lm

Fura, alhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarin.

Fullt verð: 523

Vnr. 0058506

Pallaefni

392 kr.
lm

Fura, alhefluð, 45x145 mm, A-gagnvarin.

Vnr. 55900035

Greinaklippa

Greinaklippa með trefjaplast handfangi.

990

Fullt verð: 1.463



Nú er rétti tíminn til að klippa

5.990



BOSCH

Vnr. 74890004

Hekklippur

BOSCH hekkklippur AHS 4-16. Sverðlengd 42 cm, 390W.

11.900

BOSCH

Vnr. 74890039

Keðjusög

BOSCH keðjusög AKE 30-175, 1600W, sverðlengd 30 cm.



BYKO

Brýnt að opna umræðuna

Árlega greinast hátt í 200 íslenskir karlmenn með krabbamein í blöðruhálskirtli. Þótt tíðni sjúkdómsins fari vaxandi er hann enn mikið feimnismál auk þess sem þekkingu og fræðslu hefur verið ábótavant. **Oddur Benediktsson, Skúli Jón Sigurðsson og Þráinn Þorvaldsson** hafa allir glímt við krabbamein í blöðruhálskirtli. **Pórgunnur Oddsdóttir** ræddi við þá yfir kaffibrauði og sojamjólk.

Víð viljum hjálpa öðrum og það er þess vegna sem við erum svona duglegir að tala um þetta," segir Oddur um leið og hann býður blaðamanni sæti við dekkad borðstofuborðið á heimili sínu ásamt Skúla og Þráni. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og hafa allir kosið að tala opinskátt um reynslu sína. „Karlmenn eru ekki nógu fúsir til að ræða þessa hluti. Konurnar hafa verið duglegri og ef til vill er það þess vegna sem umræða um brjóst- og leghálskrabbamein er komin á allt annað stig en umræðan um krabbamein í körlum," segir Þráinn og Skúli bætir því við að karlmenn fresti því oft að leita sér hjálpar. Ekki bara vegna þess að þeir séu hræddir heldur einnig vegna þess að það sé þeim ekki eins eðlilegt að ræða við aðra um veikindi sín.

Allir eru þeir sammála um að átakið Karlmenn og krabbamein sem Krabbameinsfélagið ýtti úr vör á dögnum sé af hinu góða. „Þetta hlýtur að hafa áhrif. Það hefur verið ákveðið þagnargildi um blöðruhálskirtilskrabbamein. Til að mynda hefur það ekki verið rannsakað nálægt því eins mikið og brjóstakrabbamein þótt það sé jafn algengt," segir Oddur sem er einmitt formaður krabbameinsfélagsins Framfarar sem vinnur að því að efla rannsóknir á krabbameini í blöðruhálskirtli og styðja baráttuna gegn því.



FÚSIR AÐ RÆÐA MÁLIN Þráinn, Oddur og Skúli völdu ólíkar leiðir til að glíma við krabbameinið. Þeir segja mikilvægt að auka fræðslu og hvetja karlmenn til að huga að heilsunni.

Mikilvægt að mæla PSA

Skúli er nýorðinn sjötugur en var 55 ára gamall þegar hann greindist með krabbamein. „Ég hafði verið lystarlaus og óeðlilega þreyttur um nokkurt skeið og var farinn að þurfa að fara oft á salernið. Læknirinn sagði mér að hætta að drekka kaffi. Síðar var ég sendur til sérfræðings og þá kom í ljós hraðvaxandi krabbamein í blöðruhálskirtli sem var komið út fyrir kirtilinn," segir Skúli sem ákvað strax að fara í skurðaðgerð.

„Ég hafði horft upp á vinnufélagi minn deyja úr þessum sjúkdómi en vissi satt að segja ekki mikið um hann. Ég hafði því litlar forsendur til að til að meta stöðuna en ég vissi að ég vildi þetta í burt. Ég var skorinn í október 1993 og kirtillinn var fjarlægður. Ég hef aldrei séð eftir þeirri ákvörðun enda náði ég fullum þata án lyfja- eða eftirmeðferðar. Ég var einn af þessum heppnu," útskýrir Skúli sem fer þó til læknis einu sinni á ári og lætur mæla PSA-gildi í blóði. PSA-mælingar gefa ákveðið forspárgildi um krabbamein og víða er mælt er með því að karlmenn sem komnir eru yfir fimmtugt fari í slíka mælingu árlega. „Það er of lítið gert af því að hvetja menn í til þess að fara í PSA-mælingu. Þótt þetta sé ekki óskekult tæki til að finna krabbamein þá gefur það ákveðnar vísbendingar," segir Skúli. Þráinn og Oddur taka undir það.

Breyttur lífsstíll

Oddur greindist með krabbamein í lok ársins 2006, 69 ára gamall. „Það var konan sem sendi mig til læknis. Ég var feitur og allur orðinn þrúttinn og ómögulegur," segir hann. Í ljós kom að Oddur var með krabbamein í blöðruhálskirtlinum sem var farið að dreifa sér út fyrir kirtilinn. Honum var ráðlagt að gangast undir hormónameðferð sem getur haft leiðinlegar aukaverkanir. „Það er of lítið talað um aukaverkanirnar. Með hormónameðferð er skrúfað fyrir karlhormónin og auðvitað hefur það áhrif," segir Oddur sem breytti

→ KÖRLUM FINNST ÞEIR HAFU VERIÐ AFSKIPTIR

„Markmiðið er að koma umræðunni á það stig að krabbamein sé eins og hver annar sjúkdómur sem hægt er að hafa áhrif á," segir Sigurður Björnsson, yfirlæknir á lyflækningadeild krabbameina á Landspítalanum og formaður Krabbameinsfélags Íslands. Hann segir að átakið „Karlmenn og krabbamein" sé þegar farið að skila sér í auknum fjölda fyrirspurna.

„Körlum finnst þeir hafa verið afskiptir. Okkur þótti mikilvægt að reyna að ná betur til karlanna enda eru þeir oft tregari við að leita til læknis en konur," segir Sigurður. Hann segir ástæður þess að ekki sé farið út í kerfisbundna leit að krabbameini í blöðruhálskirtli, líkt og gert er með brjóst- og leghálskrabbamein, margþættar. „Þegar brjóstakrabbamein er annars vegar eru allir sérfræðingar sammála um að bregðast eigi við. Slíkur samhljómur er ekki fyrir hendi varðandi krabbamein í blöðruhálskirtli. Eins er ekki sjálfgefið að bregðast þurfi við. Um 80 prósent allra karlanna sem komnir eru yfir áttrett eru með krabba í blöðruhálskirtlinum og það gengi ekki að senda þá alla í meðferð," útskýrir Sigurður. Hann segir mikilvægast að fræða fólk, kenna því að



BRÝNT AÐ ÞEKKJA LÍKAMA SINN Sigurður Björnsson, formaður Krabbameinsfélagsins, segir átakið „Karlmenn og krabbamein" hafa heppnast vel.

þekkja einkennin og hvetja það til að leita sér aðstoðar verði það vart við einhverjar breytingar.

STADREYNDIR UM KARLA OG KRABBAMEIN

Á hverju ári greinast 630 karlar með krabbamein á Íslandi. Flestir fá krabbamein í blöðruhálskirtli.

Um 180 karlmenn greinast árlega með krabbamein í blöðruhálskirtli. Flestir eru komnir yfir sjötugt.

Líkur á að fá krabbameinið geta tvöfaldast ef faðir eða bróðir hefur meinið.

Horfur þeirra sem greinast með krabbamein á Íslandi eru almennt góðar en miklu skiptir að bregðast sem fyrst við einkennum.

Krabbamein í eistum er eitt algengasta krabbamein karla á aldrinum 20–50 ára. Árlega greinast um 10 karlar en flestir þeirra ná fullum bata.

einn kostur í stöðunni væri sá að gera ekki neitt," segir Þráinn sem ákvað að fara óhefðbundnar leiðir. „Maður verður að gera

eithvað og ég valdi að nota náttúruylf. Ég nota náttúruleg fæðubótarefni sem unnin eru úr ætihvönn og borða auðvitað hollan mat með. Þannig hefur mér tekist að halda þessu niðri. Sumir halda að ég hafi læknað mig sjálfur en það er alrangt. Ég er ekkert læknaður."

Skortur á umræðu

Þráinn, Oddur og Skúli segja mikilvægt að auka fræðslu um krabbamein. „Þegar ég greindist vissi ég ekkert um krabbamein í blöðruhálskirtli og menn sem eru að greinast í dag vita oft ekki neitt heldur," segir Oddur og bendir á að fræðsla sé skilyrði fyrir því að sjúklingar geti tekið ákvörðun um meðferð sína.

Þráinn telur lækna einnig standa frammi fyrir erfiðleikum því margir sjúklingar vilji bara láta fjarlægja meinið strax og ekkert af því vita. „Óttinn er svo mikill," útskýrir hann.

„Það er mikilvægt að opna þessa umræðu," segir Skúli sem er einn af forsvarsmönnum stuðningshópsins Góðra hálsa. „Margir hafa engan til að tala við

Pað hefur verið ákveðið þagnargildi um blöðruhálskirtilskrabbamein. Til að mynda hefur það ekki verið rannsakað nálægt því eins mikið og brjóstakrabbamein þótt það sé jafn algengt.

og hika við að leita sér hjálpar. Þetta er misjafnt eftir mönnum en fyrir mörgum er þessi sjúkdómur mikið feimnismál, líklega vegna þess að þetta er líkams hluti sem mörgum finnst erfið að tala um," segir Skúli. Allir kannast þeir við karlmenn sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli en engum sagt frá því. Menn deili því jafnvel ekki með bræðrum sínum jafnvel þótt vitað sé að sjúkdómurinn er ætttengur.

Lífið breytist

Skúli gekk á Hvannadalshnjúk tveimur árum eftir að hann var skorinn upp. Þráinn hélt upp á fjörutíu ára brúðkaupsafmælið sitt með þriggja vikna ferðalagi um Spán í fyrra og Oddur er á leiðinni í siglingu við strendur Tyrklands. Allir eru þeir á einu máli um það að krabbameinið hafi breytt gildismati þeirra og kennt þeim að njóta lífsins.

„Þetta er spurning um lífsviðhorf. Maður fer ekki í gegnum lífið án erfiðleika og erfiðleikar eru ekkert annað en verkefni til að takast á við," útskýrir Þráinn og bætir því við að mikilvægast af öllu sé að safna gleðistundum og láta draumana rætast.



1.698 kr/kg.
Kryddaður lambahryggur



30% afsláttur
Þú sparar 569 kr/kg

1.329 kr/kg. áður 1.898 kr/kg.
Gourmet lambalæri villikryddað



30% afsláttur
Þú sparar 833 kr/kg

1.945 kr/kg. áður 2.778 kr/kg.
Roast Beef kryddað



30% afsláttur

398 kr/stk. áður 568 kr/stk.
Alvöru hamborgarar 170 gr.



25% afsláttur
Þú sparar 446 kr/kg

1.339 kr/kg. áður 1.785 kr/kg.
Hunangs grísakótilettur



30% afsláttur
Þú sparar 1.109 kr/kg

2.589 kr/kg. áður 3.698 kr/kg.
Lambafille kryddað



Take away tilboð

499 kr/pk. áður 659 kr/pk.
Freschetta brick oven Italiano classico



2.990 kr/pk.
Hornafjarðar humar askja 2 kg.



Nýtt í Nettó
Vita geymsluflát undir mat



Lækkað verð!

Páskaegg - frá Nóa, Góu og Freyju

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 19. mars til 23. mars eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

Pálmasunnudagur 12 - 18
Skírdagur 10 - 18

Föstud. langi Lokað
Páskadagur Lokað

Annar í páskum 12 - 18

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Grátur og gleði í Gíneu-Bissá

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra brá sér í viðburðarríka ferð til Afríku á dögnum. Í þessari stuttu frásögn lýsir Björgvin upplifun sinni af dvölinni í Gíneu-Bissá. Landið sem áður var hluti af hinu portúgalska veldi fékk sjálfstæði sitt fyrir hartnær 35 árum og hefur síðan þá verið eitt af fátækustu ríkjum heims. Með honum í för var meðal annars *Erna Hreinsdóttir* sem tók myndir í ferðinni.

Pó að himnarnir breyttust í pappír og hafið í blek gæti ég ekki með neinu móti lýst hrotta-skap þrælasögunnar.“ Þessi tilvitnun frá árinu 1701 í sjónarvott af látlausu arð- og mannráni Evrópubúa í Afríku í 400 ár, frá 1464-1864, tekur á móti ferðamönnum í anddyri Húss þrælanna á Gorée-eyju úti fyrir Dakar í Senegal. Gorée-eyja var ein af alræmdum miðstöðvum þrælasögunnar þessar fjórar myrku aldir grimmdar og miskunnarleysis. Hundrað og tuttugu milljónum Afríkubúa var rænt og þeir fluttir eins og skynlausar skepnur til þrælkunar í Evrópu, Suður-Ameríku og Bandaríkja Norður Ameríku.

Dollar á dag

Þar með og á þeirri stundu í Húsi þrælanna var ferðalag okkar Jón Þórs Sturlusonar hagfræðidoktors til Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku orðið að lifandi veruleika. Sá sláandi vitnisburður um hörmulega afleiki sögunnar sem þrælaeyjan er laðar nú að hundruð þúsunda ár hvert. Ekki síst bandaríska afkomendur þrælanna sem koma á slóðir blóðbaðsins til að votta forfeðrunum virðingu sína og draga strik undir syndir Evrópumanna öldum saman. Að kveldi þessa sama dags vorum við félagar komnir á áfangastað; Gíneu-Bissá. Eins af fátækustu ríkjum heimsins þar sem ríkir neyðarástand að mati Sameinuðu þjóðanna. Á lífskjalaristanum, sem við Íslendingar leiðum, vermir Gínea-Bissá þriðja neðsta sætið. Sæti 177. Enda er allsleysið allt um kring og blasir nakið við. Hvert sem komið er. Alls staðar og alltaf er von um betri tíma. Einnig og ekki síður í Gíneu-Bissá frekar en hér heima. „Kreppan“ íslenska virkar reyndar ansi mildilega á mann eftir heimsókn til Gíneu-Bissá þar sem fólkið dregur fram lífið á dollara á dag. Það er eins og með annað í lífinu. Hver hefur sín eigin viðmið á örbirgð og allsnægtir.

Tugum þúsunda barna rænt


Í landinu býr um ein og hálf milljón manna. Þriðjungurinn í höfuðborginni Bissá þar sem við dvöldum. Eftir borgarastyrjöld í landinu árið 1998 er þjóðfélagið meira og minna án rafmagns fyrir utan nokkra misöflugra ljósarokka sem mala hér og hvar um borgina. Önnur grunngerð samfélagsins er vart til staðar eða undurveik. Fer vissulega batnandi og stjórnfræðilegur stöðugleiki er kominn á í landinu eftir síðustu kosningar til þings sem myndaði þjóðstjórn allra flokkanna. Bandalag til tíu ára til að koma böndum á hlutina og skapa skilyrði fyrir endurreisn landsins og þjóðarinnar.

Þá er landið í myntbandalagi við sjö önnur Afríkuríki og skipan fulltrúa í dómsskerfið þykir standa framar fyrirkomulagi margra vest-rænna ríkja. Þannig að leiðin til framfara og betri lífskjara er hafin og henni miðar áfram. Með aðstoð góðra manna. Barnadauði er hrikalegt vandamál í landinu þar sem tíunda hvert barn deyr fyrir fimm ára aldur. Tíu börn af hverjum hundrað verða ekki eldri en fimm ára og meðalaldurinn í landinu er einungis 47 ár. Annað yfirþyrmandi vandamál er umskurður stúlkna hjá hinum múslimska hluta landsmanna en um helmingur landsmanna er múslimar og þar á eftir er stærsti trúarhópurinn sá sem aðhyllist andatrú. Barnsrán eru veruleiki þar sem tugum þúsunda barna er rænt ár hvert og komið til Senegal til ómurllegs vídurværis og hlutskiptis.

Lífskjör þau verstu

Rafmagn, menntun og heilsugæsla, þetta eru stóru málin. Flestir hafa sér til matar þó að skortur og eins-

VIÐSKIPTARÁÐHERRAR Á SIGLINGU Viðskiptaráðherra Íslands og viðskiptaráðherra Gíneu-Bissá silgdu til Bijagós-eyja.



KÁTT Á HJALLA Gleði skín úr augum barnanna enda þótt þau búi við kröpp kjör og búi við miklu minni lífsgæði en jafnaldrar þeirra á Íslandi.

leitni einkenni kostinn hjá þorra fólks. Af 29 ráðherrum ríkisstjórnarinnar hittum við félagarnir tólf þeirra á föstudeginum í formlegum heimsóknnum í sjö ráðuneyti. Auk þess hittum við og áttum fund með sögufrægum forseta landsins sem formlega lýsti yfir sjálfstæði landsins frá Portúgal árið 1974. Portúgalar, eins og aðrar nýlendubjóðir, skildu einkar illa við. Eftir blóðuga baráttu Bissáa fyrir sjálfstæði landsins hefur samfélagið á margan hátt verið ein rjúkandi rúst og er nú það land veraldar sem verst er stadd á mælikvarða lífskjara.

Því var ákvörðun íslenskra hugsjónamanna um að leggja mikinn þunga í að hjálpa þessu litla ríki til sjálfbjarga einkar jákvæð. Samstillt átak Íslandsdeildar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (Unicef) og nokkurra íslenskra athafnamanna fyrir fáum misserum er nú byrjað að blómstra. Skólar rísa og tíðni malaríu er að ganga niður. Allt í kjölfar þess að Baugur Group, FL Group og Fons ákváðu í samvinnu við Unicef að verja



ALLIR SAMAN Íslenska sendinefndin stillti sér upp með þorpsbúum fyrir myndatöku.

miklu fé til að byggja upp á annað hundrað skóla og gefa 250.000 moskitónet inn á heimili í landinu. Til allra barna undir ákveðnum aldri.

Jóhannes Jónsson, kaupmaður í Bónus, hlýtur að hafa upplifað sterk hughrif í ferðinni þar sem hann sá með eigin augum þá krafta sem af stað hafa farið í landinu við

að byggja upp grunngerð þess fyrir tilstuðlan þeirra peninga sem hann og hans félagar hafa lagt til. Jóhannes var með í för ásamt Guðrúnu Þórsdóttur, sambýliskonu sinni, og voru þau að koma til landsins í fyrsta sinn til að kynna sér afrakstur og áframhald hjálparstarfsins sem þau hafa lagt upp í með fyrirtækjum sínum. Einstakt framtak hjá þeim og gott dæmi um hverju umsvifamikið athafnafólk getur áorkað með góðum vilja og ásetningi um að láta gott af sér leiða. Hvatinn að þessu einstæða starfi er kominn frá hjónunum Geir Gunnlaugssyni og Jónínu Einarssdóttur. Þau bjuggu árum saman í landinu. Geir starfaði sem lækni og Jónína sem mannfræðingur. Þar skrifaði hún t.d. meistaralega doktorsritgerð sína „Tired of Weeping, child death and mourning among papel mothers in Guinea-Bissau“. Bók sem Jónína var svo rausnarleg að gefa mér að skilnaði í Bissá.

Heimamenn ánægðir með Íslendinga

Einnig voru í förinni þau Þorlákur Karlsson og Margrét Jónsdóttir frá Háskólanum í Reykjavík en skólinn hyggst á landvinninga þar ytra, Helgi Ágústsson, sendiherra og heiðursmaður, Hreinn Loftsson, hæstaréttarlögmaður og stjórnarmaður í Baugi Group, Ingibjörg Kjartansdóttir, kona hans, og ljósmyndarinn Erna, dóttir þeirra hjóna. Þá eru ótalir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri Unicef, Katrín Júlíusdóttir alþingismaður, Hjálmar Blöndal viðskiptalögfræðingur og Egill Ólafsson tónlistarmaður. Fyrir hópnum fór Hólmfríður Anna Baldursdóttir, starfsmaður Unicef á Íslandi sem starfar nú um nokkurra mánaða skeið í Gíneu-Bissá. Undir öllu saman hljómaði síðan taktföst tónlist Super Mama Djombo og Egill Ólafsson tónlistarmaður. Fyrir hópnum fór Hólmfríður Anna Baldursdóttir, starfsmaður Unicef á Íslandi sem starfar nú um nokkurra mánaða skeið í Gíneu-Bissá. Undir öllu saman hljómaði síðan taktföst tónlist Super Mama Djombo og Egill Ólafsson tónlistarmaður. Fyrir hópnum fór Hólmfríður Anna Baldursdóttir, starfsmaður Unicef á Íslandi sem starfar nú um nokkurra mánaða skeið í Gíneu-Bissá. Undir öllu saman hljómaði síðan taktföst tónlist Super Mama Djombo og Egill Ólafsson tónlistarmaður. Fyrir hópnum fór Hólmfríður Anna Baldursdóttir, starfsmaður Unicef á Íslandi sem starfar nú um nokkurra mánaða skeið í Gíneu-Bissá. Undir öllu saman hljómaði síðan taktföst tónlist Super Mama Djombo og Egill Ólafsson tónlistarmaður.

FYRIR ÍSLENDINGA

Allt frá því að fyrstu Subaru-bílarir komu hingað til lands hafa þeir notið mikilla vinsælda. Jeppi í líki fólkabíls segir sölumaður Ingvars Helgasonar.



PÁSKALEGAR ÞÍUR

Nokkrar af helstu stjörnunum eiga gula kjóla sem þær geta skartað um páskana.

TÍSKA 4



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ PÁKSAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT FYRIR JEPPAFERÐINA

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ...

HÁTALARAR 6x9" - 280W
TILBOÐSVERÐ 6.990,-

KRAFTMAGNARI 4 RÁSA
TILBOÐSVERÐ 9.990,-

DEKA
RAFGEYMAR & KAPLAR

IPF KASTARAR
FRÁBÆR VERÐ

K&N SIUR
PÆR BARA VIRKA...

DEKKJAVIÐGERÐARSETT
VERÐ AÐUR 4998,- / 20% AFSL
VERÐ NÚ 3.988,-

OME
GORMAR & DEMPARAR

K&N
HIGH-FLOW AIR FILTER & INTAKE KITS

MAGLITE - LÍFTÍÐARÁBYRÐ
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ

ARB
LOFTLÆSINGAR
FRÁ KR. 79.990,-

HI LIFT 60 TOMMU
DRULLUTJAKKUR
KR 9.900,-

Bilabúð Benna

Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23 - 110 Reykjavík - Sími 590 2000 - www.benni.is



Saga segir Volvóinn liggja vel á vegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pabbi veit að Volvó er bíll sem eldist mjög vel

Saga Svavarsdóttir líffræðinemi ekur um á gömlum en glæsilegum Volvó sem vekur athygli á götum borgarinnar. Hún hefur líka brunað á honum vestur í Dali og í maí er stefnan sett á Neskaupstað.

„Þessi væri flottur í páskablað,“ var það fyrsta sem blaðamaður hugsaði þegar hann sá fjólubláan Volvo station bruna eftir götunni. Hann gladdist því þegar ökumaðurinn Saga Svavarsdóttir varð fúslega við beiðni hans um viðtal og mynd. „Volvóinn er bara æðislegur,“ segir hún brosandí. „Ég fékk hann í hendur í haust, nýsprautaðan og yfirfarinn, og tek eftir að hann vekur talsvert mikla athygli.“

Þó Saga sé viðræðugóð stúlka þá er henni saga fjólubláa Volvósins hulin að nokkru leyti. Eitt veit hún þó með vissu. Bíllinn er 1988 módel en ber aldurrinn með þryði. „Það hefur greinilega verið hugsað vel um gripinn,“ segir hún og upplýsir að fyrri

eigandi sé formaður Volvo-verkstæðis í Kópavogi og var búinn að nostra mikið við hann.

Reyndar kveðst Saga ekki vera eigandi bílsins heldur faðir hennar, Svavar Garðarsson sem býr vestur í Búðardal. „Pabbi er svo almennilegur að skaffa mér bíl meðan ég er í námi. Hann var búinn að lána mér annan sömu gerðar áður en sá fjólublái kom til sögunnar. Þegar hann sá svo þennan auglýst-an stóðst hann ekki mátið heldur keypti hann. Pabbi veit líka að þetta eru bílar sem eldast vel. Hann á tvo Volvóa af árgerð '87. Annar er ekinn 400 þúsund kílómetra en gengur eins og klukka. Hann veit líka að þótt svona bílar bili þurfa þeir ekki að fara í tölvu til að hægt sé að finna út hvað amar að þeim.“

Saga kveðst finna sig örugga á hinum sænska farkosti og segir hann liggja vel á vegi. En spurð hvort hann sé kraftmikill svarar hún. „Kraftmikill? Ég segi það nú ekki. Hann er auðvitað þungur og maður er ekkert að gefa í á ljósum ef maður ætlar ekki á hausinn!“

gun@frettabladid.is

Notagildi í fyrirrúmi

Ótrúlega rúmgóður, og snyrtilega hannaður bíll...

Aveo LS 1,4 16v beinskiptur 1.674.000,-

Bilabúð Benna
www.benni.is

Reykjavík
Bilabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bilasalán 05
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bilasalán Vesturlands
Sölbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bilasalán Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bilahornid hjá Sissa
Brekkestig 38
Sími 420 3300

AVEO Hönnun bílsins gerir það að verkum að þú situr hærra en þú átt að venjast. AVEO er með mikið innra rými, og er innréttingin hönnuð með þægindi þín í fyrirrúmi. Gott að setjast inn og fara út úr bílnum, enda má segja að Aveo sé óvenju stór bíll. Þér liður vel í Chevrolet AVEO Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

GÆÐI OG FRÁBÆRT VERÐ



CHEVROLET



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Harðbotna gúmmibátar

Harðbotna gúmmibátar á vagni, með Yamaha utanborðsmotor F150AETX, ásamt nauðsynlegum aukahlutum. Framleiddir í Kína. Áætlað verð til afgreiðslu í Reykjavík **kr. 5.650.000.-** Tilboðsverð á fyrstu 4 bátum með vél og vagni kr. 5.650.000

Króli

Króli ehf - S: 565 6315 - 660 9503 - www.kroli.is

Fólk heldur tryggð við Subaru

Frá því að fyrstu Subaru-bílar komu hingað til lands á áttunda áratug síðustu aldar hafa þeir notið mikilla vinsælda meðal landsmanna, enda hentar þeir íslenskum aðstæðum vel.

„Ingvar Helgason byrjaði að flytja Subaru-bíla inn árið 1976 og þá komu um 40 bílar til landsins,“ segir Bjarni Ólafsson sölumaður hjá Ingvari Helgasyni og bætir við. „Þetta voru fyrstu fjórhjóladrifnu fólksbílar sem voru fáanlegir hér á landi. Það var hátt undir þá og þeir voru duglegir, bæði í ósléttu landslagi og slæmri færð, ekta bílar fyrir íslenskar aðstæður og í raun ígildi jeppa. Síttengt fjórhjóladrif með háu og lágu drifi var þeirra höfuðkostur.“ Bjarni segir því ekki tilviljun að stundum sé talað um að það sé Subaru-færi þegar akstursaðstæður séu erfiðar, enda séu drifeiginleikar Subaru vel þekktir.

Nafnið Subaru á sér ekki langa sögu ef miðað er við marga aðra bílaframleiðendur. Fyrsti bíllinn kom á markað árið 1954. Í kjölfar síðari heimstyrjaldarinnar var ákveðið að sameina rekstur fimm bílaframleiðenda í Japan undir nýju nafni. Fékk hinn nýi bifreiðafremleiðandi nafnið Subaru og hefur starfað undir því nafni við góðan orðstír allar götur síðan.

Nafn sitt dregur Subaru af stjörnuþyrpingu sem á íslenskri



Subaru hefur þróast mikið frá árinu 1965. Hér sést Subaru af gerðinni 360 á sýningu í Japan.

tungu nefnist sjóstirnið. Það kann því að koma einhverjum á óvart að í merki Subaru eru einungis sex stjörnur. Þetta á sér þó útskýringu. Subaru varð til við samruna fimm fyrirtækja í eitt stórt. Þannig eru fimm litlar stjörnur í merkinu og ein stór. Þá getur mannsaugað aðeins greint sex af sjö stjörnum sjóstirnins án aðstoðar sjónauka héðan frá jörð-

inni og eru stjörnurnar í merkinu því sex talsins.

Starfsmenn Ingvars Helgasonar eru stoltir af því að flestir Subaru-bílar seljast hérlendis ef miðað er við íbúafjölda. „Það má segja að það séu til fastir áskrifendur að Subaru, enda eru þetta traustir og góðir bílar og fólk heldur tryggð við þá,“ segir Bjarni

hnefill@frettabladid.is

Bíla- og hjólalyftur

Vökvadrifnar á góðu verði

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

NÝR IVECO TRAKKER

Til afhendingar strax!

Krókhálsi 16, Reykjavík
Gleráreyrar 2, Akureyri

Sími 588 2600
www.velaver.is

IVECO
ALL BLACKS
OFFICIAL GLOBAL SPONSOR

- Sparneytnari
- Hagkvæmari í rekstri
- Umhverfissvænni
- Kröftugri
- Liprari
- Þægilegri
- Vandaðari
- Íburðarmeiri

Hafðu samband við sölumenn okkar strax og tryggðu þér eintak.



Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitast að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthúsins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingar fyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjö hundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is



— ódýrari valkostur

Nesti þarf að hafa í alla lengri leiðangra. Heimasurðar samlokur bragðast best og enn betur ef þær eru borðaðar undir berum himni.



Væfir fiskar í ánni eins og sést.



Ýmsir furðufiskar komu á land.

Gott það eftir gönguferð

GENGIÐ VERÐUR Á ANNAN Í PÁSKUM UM NÁGRENNI GRINDAVÍKUR. ÞAÐ OG VATNSLEIKFIMI Í BLÁA LÓNINU ER Á TILBOÐI OG MATSEÐILL Á LAVA FREISTAR.

Tveggja til þriggja tíma ganga með leiðsögn hefst kl. 13 á annan í páskum við bílastæði Bláa Lónsins. Þátttökukostnaður er enginn og allir eru á eigin ábyrgð. Meðal annars verður farin forn þjóðleið, Skipstígur, og haldið með suðurhlíðum Þorbjarnarfells inn á Baðsvelli.



Gangan er hugsuð jafnt fyrir fullorðna og börn. Góður skófatnaður er æskilegur og gott er að taka með sér smá nesti. Í lok göngu verður tilboð, tveir fyrir einn í Bláa Lónið. Þar verður vatnsleikfimi kl. 16.30 og svo er spennandi páskamatseðill á veitingastaðnum Lava.

- gun

Ólíkt öllu hér heima

Ingólfur Davíð Sigurðsson járnamaður fór í ársbyrjun ásamt nokkrum félögum sínum í athyglisverða veiðiferð til Argentínu.

„Langvarandi snjór og kuldi varð til þess að við félagarnir fórum að íhuga það að fara eitthvert í sól og hita. Ég þekki til manns sem hafði farið til Argentínu í veiði og þekkti aðila úti sem sáu um veiðiaðstöðu. Við félagarnir erum miklir veiðimenn og slógu því til og drifum okkur út og upplifðum frábæra veiðiferð í sól og hita,“ segir Ingólfur.

Félagarnir flugu fyrst til Lond-

on og þaðan til Buenos Aires og það flug tók heila sautján klukkutíma. Haldið var upp í hérað sem heitir Capita Mini. „Í Capita Mini gistum við í veiðihúsi og var öll aðstaða til fyrirmyndar,“ segir Ingólfur.

Þarna eyddu félagarnir sex dögum í stanslausri veiði. Fiskurinn dorado finnst á veiðisvæðinu sem þeir voru á og er hann talinn vera skemmtilegasti sportfiskur sem finnst í ferskvatni. „Ég hef veitt mikið og fegið marga stóra en pund fyrir pund þá sprengir dorado alla skala. Hann er svo mikið rándýr að maður finnur það vel þegar hann er að taka fluguna og þá er hann að drepa, ekkert að narta. Enda eru flugurnar handó-

nýtar eftir hvern fisk.“ útskýrir Ingólfur.

Félagarnir fengu líka nokkra píranjafiska og það nokkuð stóra. „Ég var ekki með puttana nálægt munnum á þessum kvikindum og lét leiðsögumanninn sjá um þá. Enda sást vel á höndunum hans að þær höfðu áður lent í tönnunum á þessum fiski,“ segir Ingólfur.

Áin sem sem Ingólfur veiddi í er að hans sögn á sem menn vilja ekki vaða mikið í enda krókóðilar og píranjafiskar á svamli um hana. Þessa sex daga sem félagarnir voru á veiðisvæðinu veiddu þeir mikið og merkilegt þótti þeim að koma í svona náttúrufegurð sem er svo ólík því sem sést hérna á Íslandi.

mikael@frettabladid.is

GISTING Í HÖRPUHÚSI
Kaupmannahöfn
<http://surprizetravel.is/gistingdk.html>
Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Montreal

í Kanada

frá kr. **37.317**

Beint flug
- vikulega í allt sumar

Heimsferðir bjóða beint vikulegt flug til Montreal í Kanada í allt sumar. Þetta er frábært tækifæri til að njóta lífsins í þessari stórkostlega spennandi borg. Í borginni mætast gamli og nýi tíminn, rík sagan og iðandi nýbreytnin á einstaklega skemmtilegan hátt. Það er frábært að skoða sig um, versla og njóta lífsins í Montreal; fallegar byggingar, endalaust úrval verslana og veitingastaða og mjög hagstætt verðlag. Griptu tækifærið og smelltu þér til Montreal og njóttu þess besta sem þessi spennandi heimsborg hefur að bjóða.

Ekki missa af!

- Ólympíugarðinum
- Mount Royal Park
- LaRonde - skemmtigarðinum
- Grasagarðinum
- Insectarium - skordýrasafninu
- Casino Montreal
- Biodome safninu

Verð kr. 37.317

Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára. Fargjald B.

Verð kr. 58.515

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, á Hotel Les Suites Labelle m/morgunverði í 7 nætur (brottför 22. ágúst).

Bókaðu beint á
www.heimsferdir.is

Spennandi heimsborg!

- Fjölbreytt menning
- Himnaríki sælkerans
- Fjörugt næturlíf
- Frábært að versla
- Gott veðurfar



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb...“
- ÚFÓ, Stuðmenn, Höf, Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson

Nýr vefur - Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

Á FERÐ UM HEIMINN

Ógleymanleg ævintýri

KILIMANJARO
7. - 22. júní

Mt. BLANC
21. - 29. júní

UMHVERFIS Mt. BLANC
1. - 9. Júlí

SUÐUR GRÆNLAND
18. - 25. júlí
25. júlí - 1. ágúst örfá sæti laus
1. - 8. ágúst

MAROKKÓ
6. - 13. september

NEPAL
18. október - 10. nóvember

www.fjallaleidsogumenn.is
sími: 587 9999

Auglýsingasími
512 50 50

FRET TABLADIÐ

- Mest lesið



Glaðlegar í gulu



Sigga & Tímo
GULLSMÍÐI

STRANDGATA 19 · Sími 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Margir klæða sig í samræmi við árstíð og jafnvel í samræmi við hátíðisdaga.

Ekki er óalgennt að fólk klæðist dökku yfir háveturinn en velji ljósari liti þegar vorar.

Sumir ganga jafnvel svo langt að klæða sig í samræmi við ákveðna hátíðisdaga og eru þá í rauðu á jólum og gulu á páskum. Hér má sjá nokkrar páska-legar Hollywood-snótir.

vera@frettabladid.is

Leikkonan **Rose McGowan** minnir helst á svan í þessum gula og silfraða kjól. Rauðu skórnir í stíl við hárið.

Samkvæmisljónið **Paris Hilton** breiðir úr plíseraða pilsinu á þessum fallega kjól. Efri hluti hans er sérstaklega eftirtektarverður.

Ugly Betty-leikkonan **Vanessa Williams** í appelsínugulum síðkjól. Svart belt og fylgihlutir gætu ekki passað betur við.

MYND/GETTY

Leikkonan **Marion Cotillard** í sérdeilis páskalegu dressi sem undirstrikar hversu vel svart og gult fer saman.

Ekki gætu allir borið gulan síðkjól með slóða. En söngkonan **Beyoncé** á ekki í nokkrum vandræðum með það.

Pökkadísín **Catherine Zeta-Jones** skartar sænsku fánalitunum.

Full búð af nýjum vörum

Allt það nýjasta frá
London
París
Amsterdam
Mílanó

COSMO
Kringlunni



Um páska minnst kristinir menn helstu viðburða í lífi Jesú Krists. Hátíðin á hins vegar uppruna sinn hjá Ísraelum og gyðingum sem minntust frelsunar forfedra sinna úr ánaud í Egyptalandi.

Upphaf páskanna

Páskahátíðin var hátíð Ísraela og gyðinga löngu fyrir daga Krists.

Á upphafsdögum kristinnar taldi kirkjan páskahátíð gyðinga og kristinna tengdar. Gyðingar fögnuðu frelsun undan ánaud Egypta og kristnir menn undan syndinni. Fljótlega urðu þessar hátíðir þó aðskildar og páskarnir urðu helsta hátíð kristinna manna. Páskar gyðinga eru hins vegar alltaf haldnir á sérstökum mánaðardegi samkvæmt tímatali þeirra. Kristnir menn minnst hins vegar ætíð upprisu Krists á sunnudegi og miðuðu hátíðina við fyrsta sunnudag eftir fyrsta fulla tungl eftir jafndægur á vori. Páskarnir urðu því færanleg hátíð.

Í dag minna páskarnir á söguleg tengsl trúarbragðanna.

Kristni er sprottin úr gyðingdómi og var í upphafi gyðinglegur söfnuður með sérstakar áherslur. Mikið af trúariðkun kristinna manna er því sótt til gyðingdóms og þessi trúarbrögð eiga fleira en páskahátíðina sameiginleg, tildæmis bækur Gamla testamentisins. Einnig er sjálf hugmyndin um frelsarann til í báðum trúarbrögðum. Orðið Kristur er í raun grísk orðmynd af hebræska orðinu Messías.

Páskarnir eru því eitt dæmi um hvernig kristni hefur túlkað eldri hugmyndir í nýju ljósi með nýju inntaki. Enda þessi nýttúlkun páskahátíðarinnar afar eðlileg vegna þeirra tímategsla sem voru á milli hátíðarhalda gyðinga og mikilvægustu viðburða í lífi Krists.

Heimild: Vísindavefur Háskóla Íslands www.visindavefur.is

Litrík laukblóm

Hvað gleður meira en guli liturinn eftir svart/hvítan vetur?
Svar: Fátt, nema ef vera skyldi sá blái.

Gaman er að færa vorið inn á heimilið með því að kaupa forræktaðar páskafljur í pottum. Fleiri tegundir laukblóma fást líka í búðum á þessum tíma árs, til dæmis perluliljur sem eru fagurbláar og frískandi.

Flott er að setja laukana í annað og huggulegra ílát en þeir eru seldir í og þar koma körfur undan kaffi og ostum sterkar inn. Eins geta fallegar skálar sem til eru á heimilinu gert sama gagn. Svo má ekki gleyma að vökva. Náttúrulegur mosi sem efsta lag viðheldur vel rakanum í moldinni.

- gun



Páskaliljurnar eiga vel við á þessum tíma.

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálfu.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

HÚSGAGNA LAGERSALA

allt að **70%** afsláttur

ALLTAF BESTA VERÐIÐ

LEÐUR SÓFASETT

TAU SÓFASETT

LEÐUR HORNSÓFAR

TAU HORNSÓFAR

TUNGUSÓFAR

TUNGUHORNSÓFAR

STAKIR SÓFAR

BORÐSTOFUSTÓLAR

BORÐSTOFUHÚSGÖGN

ELDHÚSBORÐ

RÚMGAFLAR JÁRN

RÚM 120-150-180X200

Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



TRANS FAT **LO SALT** **MSG**

Við kappkostum að notast við lífrænt ræktað hráefni og högum innkaupum okkar í samræmi við það.

Heilsuréttir Nings

Fullir af trefjum, próteinum og góðum kolvetnum. Kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og chilli.

60. Tofukjöt og blandað grænmeti með sósu að eigin vali.

62. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með túnfiski, eggjum og grænmeti.

nýtt! 64. Ristaðar Green tea núðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

66. Lífrænt ræktað brún hrísgrjón með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

68. Ristaðar hrísgrjónanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

61. Heilar grillaðar kjúklingabringur með ristuðum brúnum hrísgrjónum, eggjum og grænmeti.

nýtt! 63. Ristaðar bókhveitinúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

65. Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi, eggjum og grænmeti.

67. Ristaðar kjúklingabringur með tofu og grænmeti.

nýtt! 69. Ristaðar Konnyaku núðlur með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

NING

SUBURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899



Saga film óskar eftir áhuga- og aukaleikurum - 18-80 ára

Saga film óskar eftir áhuga- og aukaleikurum á aldrinum 18 - 80 ára. Til að leika í nýjum sjónvarpsþáttum sem taka á upp í vor. Leikreynsla er æskileg en ekki skilyrði. Einnig leitum við að íbúðum af öllum stærðum og gerðum til að taka upp í.

Áhugasamir sendi póst á netfangið sjonvarp@sagafilm.is með mynd, símanr. og helstu uppl.



Aðstoðarmenn óskast

Aðstoðarmann á réttinga- og sprautuverkstæði óskast til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.



PROTOCOL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Protocol Assistant lausa til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 30. Mars 2008. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Protocol Assistant for the Executive Office. The closing date for this position is March 30, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov



ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vinnmenningu og draga úr neyslu tóbaks. Vínbúðir ÁTVR eru 47 talsins og staðsettar víðs vegar um allt land. Að jafnaði starfa um

350 manns hjá ÁTVR. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lífandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Sumarfólk óskast til starfa í vínbúðum ÁTVR

ÁTVR óskar eftir sumarstarfsfólki, bæði í heilsdagsstörf og í tímavinnu. Tímavinna fer einkum fram á föstudögum og laugardögum. Vinnutími getur verið breytilegur.

Upplýsingar veita:
Elísabet Sverrisdóttir og Arna Pálsdóttir.
Netföng: elisabet@hagvangur.is og arna@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is fyrir 30. mars nk.

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum er æskileg en ekki nauðsynleg
- Frumkvæði og metnaður, góð framkoma og rík þjónustulund eru eiginleikar sem leitað er að

Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Sakavottorðs er krafist. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmenn í eftirtalin störf:

Í ferðaafgreiðslu Kynnisferða á BSÍ

Um er að ræða sölu á ferðum, upplýsingagjöf, símsvörun og þjónustu við viðskiptamenn og starfsmenn. Viðkomandi þarf að hafa vald á ensku og helst einu öðru tungumáli fyrir utan íslensku. Tölvukunnátta er skilyrði, þar sem allar bókanir eru unnar í tölvum. Unnið er á vöktum – framtíðarstarf eða sumarvinna.

Bílstjórar

Bílstjórar með aukin ökuréttindi, helst ökuritakort. Um er að ræða vinnu virka daga eða vaktir; dagvaktir, eftirmiðdagsvaktir og næturvaktir, enda eitthvað um að vera allan sólarhringinn. Kunnátta í ensku er mikill kostur, en ekki skilyrði. Um alls konar vinnufyrirkomulag getur verið að ræða; fullt starf, hlutastarf og útkallavinnu. Framtíðarstarf eða sumarvinna.

Verkstæðismaður

Starfsmaður á bifreiðaverkstæði félagsins í Vesturvör 34 í Kópavogi. Óskað er eftir bifvélavirkja eða manni með sambærilegt próf eða starfsreynslu. Vegna mikilla anna er óskað eftir mönnum til að vinna á kvöldin og um helgar, auk sumarflýsingamanna.

Starfsmaður í þvottastöð

Bílaflotinn er þveginn á nóttunni, vinnutími frá kl. 17:00 til 05:00 næsta morgun, unnið er á vöktum. Framtíðarstarf eða sumarflýsingar. Umsækjendur verða að hafa aukin ökuréttindi.

Skálaverðir í Þórsmörk

Vantar skálaverði í Húsadal í Þórsmörk til að taka á móti ferðamönnum og aðstoða við þrif, eldamennsku, þvotta og önnur tilfallandi störf. Reynsla af þjónustustörfum, góð hæfni í mannlegum samskiptum og kunnátta í erlendum tungumálum, einkum ensku skilyrði. Ráðningartími frá 15. maí til 15. september, eða eftir samkomulagi, unnið er á vöktum.

Viðhaldsmaður í Þórsmörk

Trésmiður eða mjög vanur og laghentur maður til að sinna viðhaldi húsa og annarra mannvirkja. Ráðningartími frá 15. maí til 15. september, eða eftir samkomulagi, unnið er á vöktum.

Bílstjóri í Þórsmörk

Bílstjóri með aukin ökuréttindi til starfa í Þórsmörk með aðsetur í Húsadal. Reynsla af hálendisakstri mjög góður kostur. Starfstími getur verið allt sumarið, eða hluti þess.

Leiðsögumenn

Óskað er efr tvítyngdum leiðsögumönnum með full leiðsöguréttindi. Tungumál sem sóst er eftir eru enska, norðurlandamál, þýska, franska og ítalska. Ekki er um fullt starf að ræða, en mest er óskað eftir leiðsögumönnum í dagsferðir.

Umsóknir sendast til Kynnisferða ehf.

Vesturvör 34, 200 Kópavogi fyrir kl. 17:00, 7. apríl 2008.

Einnig er hægt að senda umsóknir á netfangið sigrídur@re.is

Umsækjendur fá senda nánari starfslýsingu, ef þeir óska þess.

Haft verður samband við alla sem sækja um.

Fullum trúnaði heitið.

www.re.is - www.flugrutan.is - www.thorsmork.is

Kíktu á Vinna.is



Verkefnisstjóri frístundastarfs í Efra-Breiðholti

Alþjóðahúsið auglýsir eftir verkefnastjóra í félagsstarfi í Efra-Breiðholti. Sérstök áhersla verður lögð á starfsemi fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Verkefnið er tilraunaverkefni í eitt ár og verður unnið í náninni samvinnu við þjónustumiðstöð Breiðholts auk annarra borgarstofnana í hverfinu og hagsmun- og félagasamtaka. Starfsemin verður jafnframt mótuð í nánú samráði við íbúa í Efra Breiðholti.

Vinnutími verður að öllu jöfnu kl. 17-21 fjóra daga vikunnar, að öðru leyti er viðvera samkomulagsatriði. Starfsstöð verður í Efra Breiðholti.

Leitað er að jákvæðum og opnum einstaklingi sem hefur háskólamenntun við hæfi, reynslu af skipulagningu frístunda- og félagsstarfs og af starfi í fjölmennningarlegu umhverfi, framúrskarandi samskiptahæfileika og kraft og sjálfstraust til að hrinda hugmyndum í framkvæmd. Gott vald á íslensku talmáli nauðsynlegt og önnur tungumálakunnátta mikilvæg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, netfang: enar@ahus.is, sími 530 9310.

Umsóknir, með greinargóðum upplýsingum um umsækjanda, berist til ofangreinds netfangs eða á skrifstofu Alþjóðahússins í síðasta lagi þann 3. apríl 2008. Æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar. Í starfsmannastefnu Alþjóðahússins er lögð sérstök áhersla á að fólk af mismunandi þjóðerni komi að starfi þess. Fólk af erlendum uppruna er því sérstaklega hvatt til að sækja um störf. Nánari upplýsingar um Alþjóðahúsið er að finna á vefsíðunni www.ahus.is.



www.hrafnista.is

Viltu vinna með okkur?

Sumarstörf við allra hæfi

Við bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og aðlögun að þínum þörfum. Starfshlutfall samkomulag. Hægt er að sækja um á www.hrafnista.is

Upplýsingar gefur:
Magnea, sími: 585 9529
magnea@hrafnista.is



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilstaðir | Viðines

JetX

JetX ehf. – Primera Air er íslenskt leiguflugfélag sem flýgur til áfangastaða víðsvegar í Evrópu, Asíu og Norður-Ameríku. Starfsstöðvar eru á Íslandi, Svíþjóð, Finnlandi og Írlandi. Starfsfólkið er vel menntað, áhugasamt, árangursdrifið og fara samskipti að mestu fram á ensku. Við hlökkum til að deila með þér því áhugasama vinnuumhverfi sem við hrærumst í.

JetX ehf. – Primera Air is an Icelandic charter airline operating flights to various destinations in Europe, Asia and North-America. We have bases in Iceland, Sweden, Finland and Ireland. The employees are well educated, motivated, result oriented and communicate mostly in English. We are already looking forward to sharing an inspiring working environment with you.

FLUGVIRKI TÆKNIDEILD

Tæknideild JetX er ábyrg fyrir flughæfni MD80 flugvélaflotans og ört stækkandi B737-800 flota félagsins. Næsti yfirmaður er deildastjóri verkfræðideildar. Vinnustaðurinn er aðalaskrifstofu okkar í Kópavogi.

Starfssvið:

- Skipulag viðhaldsmála til skemmri og lengri tíma.
- Eftirfylgni viðhaldsgagna.

Umsækjendur þurfa að:

- Hafa gilt flugvirkjaskírteini og/eða verkfræðimenntun.
- Hafa minnst þriggja ára viðhaldsreynslu hjá flugfélagi eða viðurkenndu viðhaldsfyrirtæki.
- Kunna góð skil á kröfum um flughæfni flugvéla.
- Tala og skrifa ensku með ágætum.
- Hafa góða þekkingu á almennum tölvukerfum og kunna að fara með tölvutækar upplýsingar tengdar viðhaldsmálum.
- Geta unnið sjálfstætt og skipulega.
- Vinna vel í hóp og hafa sterka kostnaðarvitund.

Áhugasamir sækja um beint á heimasíðu www.jetx.is undir **careers** og hengi við ferilskrá á ensku og mynd. Umsóknarfrestur er til **30. mars 2008**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Vinsamlega hafið samband ef frekari upplýsinga er þörf.



Please apply on our website www.jetx.is under **careers** and attach a detailed CV in English and a picture. The application deadline is **30 March 2008**. All applications will be answered and considered confidential. Should you have additional questions, feel free to contact us.

MAINTENANCE ENGINEER/PLANNER TECHNICAL DEPARTMENT

The Technical department is responsible for Continuing Airworthiness tasks for the MD80 fleet and the fast growing B737-800 fleet. You would work under the supervision of the Engineering Manager. The working place is in our Head Offices in Kópavogur.

Areas of Responsibilities:

Það var kannski ágætis lausn hjá mér að fara ekki í myndatöku og klæðast einhverju praktisku sem erfitt væri að hlæja að seinna meir. En það er samt óborganleg og ómetanleg skemmtun að hlæja að fermingarmyndunum af vinkonunum sem voru ekki eins praktískar og klæddust ljósbleikum dressum eða hvítum, dragsiðum, hekludum kjólum sem ég vona fyrir hönd allra verðandi fermingar barna að komist aldrei í tísku aftur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





ÖRFÁ EINTÖK Á GAMLA GENGINU
4.890.000

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 9,8 ltr á 100 km.

Alvöru dísil jeppar

fyrir íslenskar aðstæður...



ÖRFÁ EINTÖK Á GAMLA GENGINU
3.990.000

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 ltr á 100 km.

Reykjavík
Bílabúð Benna
Tangarhofna 8-12
Sími 590 2000

Akureyri
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

Borgarnes
Bílasala Vesturlands
Sólbakka 2
Sími 437 2100

Egilsstaðir
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

Reykjanesbær
Bílahornid hjá Sissa
Brekustíg 38
Sími 420 3300



ACTYON SPORTS



KYRON



REXTON II

Bílabúð
Benna
www.benni.is

☆ ... eru betri
en aðrar

JÓNSSON & LEHMANN • J115

**Kl. 16**

Býsna athyglisvert erindi verður flutt í Sögusetrinu á Hvolsvelli í dag kl. 16 sem óhætt er að benda öllu áhuga-fólki um sögu og bókmenntir á. Þar fjallar Bjarni E. Sigurðsson um Hallgerði langbrók, eina helstu kvenhetju Njálu, á breiðum grundvelli. Meðal annars mun Bjarni ræða um ástir og afbryði í lífi Hallgerðar. Allir eru velkomnir.

> Ekki missa af ...

Þættinum Brot af íslenski menningarsögu: Ólympíuleikar myndlistarinnar sem er á dagskrá Rásar 1 í dag kl. 15.20. Í þættinum fjallar Halldóra Ingimarsdóttir um þátttöku Íslendinga í myndlistarhátíðinni Feneyjatvíringnum. Eins og kunnugt er hafa íslenskir listamenn vakið mikla lukku á hátíðinni, en næsti fulltrúi okkar verður Ragnar Kjartansson sem tekur þátt árið 2009.

menning

menning@frettabladid.is

Tímamótatónleikar Guðnýjar

Guðný Guðmundsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stendur á þeim tímamótum að verða sextug á árinu. Af því tilefni heldur hún glæsilega tónleika í Salnum á fimmtudagskvöld kl. 20.

Guðný er einn af okkar fremstu tónlistarmönnum og á að baki glæsilegan feril sem fiðluleikari og konsertmeistari. Að auki er Guðný afar farsæll kennari og hefur sinnt tónlistarlegu uppeldi margra af helstu fiðluleikurum þjóðarinnar.

„Það er viðeigandi þegar ég er við það að komast á sjöunda tuginn að sýna fólki að ég er ekki dauð úr öllum æðum,“ segir Guðný og hlær. „Því er tilvalið að slá upp glanstónleikum þar sem ég kem fram bæði ein og með frábærum tónlistarmönnum sem sumir eru fyrrverandi eða núverandi nemendur mínir.“

Á efnisskrá tónleikanna er margt um dýrðir. „Ég hef hóað saman landsliði fiðluleikara, þeim Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Auði Hafsteinsdóttur og Sif Tulinius, og við leikum saman konsert fyrir fjórar fiðlur eftir Vivaldí. Þessi konsert var upphaflega saminn fyrir fiðlunema, en það er gaman að heyra reynda tónlistarmenn spreyta sig á honum. Ég frumflyt jafnframt nýtt verk eftir Karólínu Eiríksdóttur sem nefnist Eintal. Verkið er svo nýtt að blekið er líklega að þorna á síðunum í þessum töluðum orðum. Ég þarf því að læra það í snatri svo ég geti komið því til skila á fimmtudag,“ segir Guðný. Á efnisskránni eru jafnframt verk eftir Bartók, Dvorák, Rachmaninov og fræg sónata eftir Cesar



GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR Fagnar tímamótum með glæsilegum tónleikum í Salnum á fimmtudag.

Frank. Enn eru ónefndir margir góðir gestir sem koma fram á tónleikunum, en þeirra á meðal eru píanóleikarinn Shoshana Rudiakov og sellóleikarinn Gunnar Kvaran, en hann er eiginmaður Guðnýjar.

Fólk vill gjarnan nota tímamót til þess að líta um öxl, en Guðný er ekki í þeim hópi. „Ég er ekki mikið fyrir að velta mér upp úr því sem er liðið. Ferill minn hefur þó veitt mér tækifæri til að sjá marga af færustu tónlistarmönnum heims koma fram og eru þeir tónleikar mér afar minnisstæðir.“

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr., en eldri borgarar, öryrkjar og námsmenn fá miðann á 1.600 kr. Miða má nálgast í miðasölu Salarins.

vigdis@frettabladid.is



Komdu í frí – með RSÍ



Sumar 2008



**Umsóknarfrestur um orlofsaðstöðu
er til 26. mars.**

Sækið um stafrænt á orlofsvef RSÍ, www2.rafis.is



RAFIDNADARSAMBAND
ISLANDS

Stórhöfða 31, 110 Reykjavík
Sími: 580-5200. Fax: 580-5220. Vefpóstur: rsi@rafis.is

Kynnið ykkur orlofsvefinn á www2.rafis.is

SUMAR FERÐIR



sumarferdir.is




SALTFÉLAGIÐ

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Facebook, Instagram, Twitter, YouTube, Email, Lightbulb icon

KLASSÍSKAR FERMINGARGJAFIR



Te & kaffi opið alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

FRAMTÍÐAR FJÁRFESTING

Fermingagjafir í Bókabúð Máls og menningar



Verð áður 14.990 kr

12.990 kr.

Íslenk orðabók



Verð áður 8.490 kr

6.980 kr.

Ensk-Ísl orðabókin

- opið til kl. 22.00 öll kvöld

BOKABUÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



HVERSDAGUR Í NÝJU SAMHENGI Eitt af verkum Erin Glover.

Málað á ljósmyndir

Sýning á verkum kanadíska myndlistarkonunnar Erin Glover opnaði á skírdag í Gallerí Boxi á Akureyri. Þar má sjá myndir sem Glover vann út frá fatnaði, húsgögnum og persónulegum munum ýmiss konar.

Glover tekur þessi kunnuglegu og hversdagslegu fyrirbæri og kemur þeim fyrir í myndum sínum þannig að þau öðlast nýtt samhengi. Hvert verk hennar byrjar sem ljósmynd sem hún bætir svo við með málningu og teikningum. Sýningin stendur til 6. apríl næstkomandi. Opið er á laugardögum og sunnudögum frá 14 til 17.

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN PERLUNNI Í FULLUM GANGI 20. mars - 6. apríl

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR

ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KÁNTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST OG AÐ SJÁLFSÖGDU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRI VERÐI EN ÞÚ ÁTT AÐ VENJAST



MIKID ÚRVAL AF
GEISLADISKUM
FRÁ KR. 99

MESTA ÚRVAL AF TÓNLISTAR-DVD Á LANDINU!



Frábært verð
á tónlistar dvd
frá 799 kr



MYNDIR
FRÁ
190 KR


GERÐU FRÁBÆR KAUP Á DVD, TÖLVULEIKJUM OG MYNDBÖNDUM

TÖLVULEIKIR
FRÁ KR. 90

Aðeins lokað á
Föstudaginn langa
og Páskadag

Opið alla daga
frá 10-18
Sími: 561-4114

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR



SAGAN AF DIMMALIMM Sigild íslensk barnasaga.

Ævintýri fyrir börn og fullorðna

Kómedíuleikhúsið sýnir barnaleikritið Dimmalimm í Tjörúhúsinu á Ísafirði á morgun kl. 14. Leikritið byggir á samnefndu ævintýri eftir listamanninn og Búddælinginn Mugg sem er flestum Íslendingum að góðu kunnur fyrir falleg verk sín. Gaman er að geta þess að leikarinn í verkinu, Elfar Logi Hannesson, er líka frá Búddal. Dimmalimm er bráðfjörugt leikrit fyrir börn á öllum aldri; börnin skemmta sér yfir frásögninni og hinir fullorðnu fá tækifæri til að hitta fyrir æskuvini. Miða á sýninguna má nálgast á heimasíðu Kómedíuleikhússins: www.komedía.is

Fjalakötturinn
Veitingastaður
í gömlu Reykjavík



Aðalstræti 16, sími 514 6060

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"



RÚSSNESKIR TÓNAR Kórinn kemur fram á fimm tónleikum hér á landi nú um páskana.

Páskatónleikar frá Moskvu

Sextán manna kór frá Moskvu heldur fimm tónleika hér á landi nú yfir páskahátíðina í boði rússneska sendiráðsins. Vel má vera að íslenskir tónlistarunnendur kannist við kórinn, sem nefnist á ensku The St. Nicholas Choir, eða Kór heilags Nikulásar, þar sem hann heimsótti Ísland í desember 2006 og hélt þá tónleika í Dómkirkjunni og í Seltjarnarneskirkju.

Íslandsferð kórsins að þessu sinni hefst með tónleikum í Dómkirkjunni í kvöld kl. 18. Á morgun, páskadag, kemur kórinn fram kl. 10 í húsnæði rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar á Sólvalldagötu 10. Annan í páskum kemur kórinn fram kl. 9.30 um morguninn í Gleráarkirkju á Akureyri og svo aftur sama dag kl. 15 í Akureyrarkirkju. Á þriðjudaginn kemur kórinn svo fram í Reykholtskirkju í Borgarfirði kl. 20.

Á efnisskrá kórsins er bæði tónlist Rétttrúnaðarkirkjunnar og hefðbundin rússnesk og úkraínsk lög. Aðgangur að tónleikum er ókeypis.

- vp

Hinn guðhræddi Job í norskri túlkun

Rás 1 heldur áfram flutningi sínum á verðlaunuðum erlendum útvarpsþáttum í þáttaröðinni Á hljóðbergi í kvöld kl. 22.15. Þá verður flutt norsk leikgerð Jobsbókar eftir Carl Henrik Gröndahl, sem hann vann fyrir norska ríkisútvarpið árið 1999. Bókin um Job, réttláta, þrjúská manning frá Ús-landi hefur um aldri verið mönnum ráðgáta og um leið innblástur til skilnings á sambandi manns og guðs hans. Job átti sjö þúsund sauði og þrjú þúsund úlfalda og var guðhræddur og grandvar. Guð ákvað þó að láta á trú hans reyna með því að taka af honum allt. Viðbrögð Jobs við raununum hafa lengi verið mönnum íhugunarefni og hafa




ÆVAR KJARTANSSON Flytur formálsorð að norskri leikgerð Jobsbókar sem er á dagskrá Rásar 1 í kvöld.

orðið kveikjan að heimspekiritum og listaverkum svo öldum skiptir.

Umsjón með þættinum hefur Evar Kjartansson, en hann flytur jafnframt formálsorð.

- vp



THE HOBBIT Fyrsta útgáfa af þessari skemmtilegu sögu reyndist býsna verðmæt.

Hobbíti selst á metverði

Frumútgáfa af bók mest seldu bók J.R.R. Tolkien, Hobbítanum, seldist fyrir metverð á uppboði í London á þriðjudag.

Kaupandinn vildi ekki gefa upp nafn sitt og bauð í bókina í gegnum síma. Bókin var svo slegin á 60.000 pund, eða rúmlega níu og hálf milljón íslenskra króna.

Bókin kom fyrst út árið 1937 og var eintakið sem seldist í gær áritað af sjálfum höfundinum.

Eintakið var gjöf til vinkonu hans að nafni Elaine Griffiths, og ritaði Tolkien stutt þakkarskilaboð til hennar fremst í bókina. Þó svo að árituð eintök af Hobbítanum hafi áður selst nokkuð háu verði sló salan í gær nýtt met.

Varla óraði Bilbo Baggins fyrir því þegar hann lagði af stað í för sína að frásögn hans af ævintýrinu gæti orðið svo verðmæt.

- vp

Söknuður

- í minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar

Aukatónleikar Salnum Kópavogi

laugard. 29. mars kl. 16.00

Miðasala á www.salurinn.is og frá 25. mars einnig í miðasölu Salarins Hamraborg 6 Kópavogi sem er opin virka daga frá kl.10.00 – kl.18.00 Sími 5 700 400

Miðaverð kr.4.900-

Fram koma söngvaranir Stefán Hilmarsson, Pálmi Gunnarsson, Friðrik Ómar og Guðrún Gunnarsdóttir.



Tónleikarnir eru Samvinnuverkefni umboðsskrifstofunnar Rigg, Icelandair og N1



umboðsskrifstofa Sími 898 1010 rigg@simmet.is

ÁRSFUNDUR ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2008

Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 á Nordica Hótel, sal I, kl. 17.15.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2007 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

NÝJUNG

Bylting í þjónustu við sjóðfélaga

Á ársfundinum mun Almenni lífeyrissjóðurinn kynna nýjung sem felur í sér byltingu í þjónustu við sjóðfélaga.



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is

> TÍSKUFRETTIR VIKUNNAR

Fimmta lína Kate Moss fyrir Top Shop Fyrirsætan Kate Moss hefur hannað sína fimmту fatalínu fyrir bresku tískukeðjuna Top Shop. Nýja línan er innblásin af ferðum Moss til Indlands, Ibiza og Miami og er eins konar blanda af hippatísku og lúxus. Meðal fatnaðarins má finna silkikjóra og blússur með Astekamynstri, blúnduskokka og kjóla í „twenties“ stíl og síð fin pils fyrir kvöldið.



stíll

utlit@frettabladid.is



Glanskreimí „Ombre Glacé“ frá Lancome sem lífgar upp á kinnbein, enni og augnlok.

OKKUR LANGAR Í ...

LOMO myndavél til að fanga öll augnablik páskaanna á meira „avant-garde“ hátt en með digital-vélinni. Fæst í Hans Petersen.



Dásamlega vorlegt og gamaldags nærfatasett í „pinup“ stíl frá Systrum, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Með ofnæmi fyrir gulu

Eins og mörgum öðrum krökkum leiddist mér föstudagurinn langi alltaf óskaplega mikið. Þá var lítið hægt að hafa fyrir stafni og foreldrarir gerðu mann þunglyndan með sorglegum sálumessum á fóninum. Á páskunum fékk ég oft marsípangrís að þýskum síð (bjó þar í nokkur ár) og tímdi aldrei að borða hann. Ég vorkenndi honum alltaf svo mikið eftir að hafa bitað af honum rófuna að grísinn fékk bara að dýsa inni í skáp þar til næstu páskar komu og mamma fann hann uppþornaðan og henti honum í ruslið. Páskar hafa alltaf verið tengdir einhvers konar annarlegu hugarástandi hjá mér. Svona ofgnótt af frí, sorg, nammí, leiðinlegum fermingarveislum og gulum lit, allt í einum graut. Gulur litur hefur nefnilega alltaf farið í taugarnar á mér. Meira að segja þegar ég var lítil stelpa fannst mér þetta gula ungaflóð á vorin ekkert sérstaklega smart og hreinlega fara verulega illa með flestu. Ég hef aldrei keypt það þegar tískuhúsin æpa „Gult, gult“ annað slagið. „Neu rave“-tískan og neongult síðasta sumar fór alveg með mig. Ég verð hreinlega að viðurkenna að mér hefur alltaf þótt gulur litur alveg víðurstyggilegur. Mér finnst hann vemmilegur og óklæðilegur. Samt get ég auðvitað dáðst að honum á öðrum konum sem bera hann. Gulur á jú að vera litur hamingjunnar, hann er hlýr og sérlega áberandi. Áberandi já. Svona dálítið eins og viðvörunarskilti. Og það er einmitt kannski punkturinn í þessu hjá mér, sumar konur vilja kannski líta út eins og viðvörunarskilti en aðrar ekki. Samt er gulur litur sólarinnar og vorsins og á að færa manni innri hlýju og vellíðan. Krakkar eru sætir í gulu. Í sumar verður gult áberandi hjá mörgum tískuhúsum þar sem hippalúkkíð er allsráðandi en gulur er auðvitað einn af þessum skynörvandi litum ásamt bláum, grænum og brúnum. Ég gerðist af einhverjum ástæðum svo frókk að kaupa heiðgulan stuttan batik-kjól úti í Tógó í febrúar þegar Afríkusólin brenglaði allt mitt innra litaskyn. Kjóllinn er dásamlegur en ég á örugglega aldrei eftir að fara í hann. Því meira að

segja páskaliljur fara í taugarnar á mér. Þær gera nákvæmlega ekkert fyrir heimili mitt nema að vera algerlega út úr sätteringu við innbúid og svo er líka vond lykt af þeim. Nú kann einhverjum að þykja þetta einstaklega ópaskalegt og geðvonskulegt en ég hef bara sætt mig við það að gulur hefur aldrei og mun aldrei verða minn litur. Við nánari athugun er þessi neikvæðni mín út í gula litinn kannski ekkert svo klinkuð. Á miðöldum var guli liturinn litur dauðans, og í Egyptalandi ber fólk ennþá gul klæði til að votta hinum látnu virðingu sína. Tengingin við dauðann er ef til vill önnur augljós ástæða þess að við berum þennan lit á páska auk þess að fagna hækkandi sól. Gulur litur hefur nefnilega neikvæða merkingu í vissum löndum og táknar stundum meira að segja bleyðuhátt. Svo hefur til dæmis hugtakið „gula pressan“ ekkert sérlega jákvæða merkingu. Á páska skreyti ég mitt heimili með krókusum og vott af uppáhaldslitnum mínum, grænum. (Að undanteknu páskaskrauti búnu til af ungvíðinu sem er auðvitað bara krúttlegt). Ég veit að þessi fýla mín út í gula litinn er bara einhver meinloka í mér. Get því mælt eindregið með því að smekkvíst fólk noti gula litinn óspart ásamt til dæmis fjólubláum, ólflugrænum, brúnum eða appelsínugulum. Næsta haust eru til dæmis karrígular sokkabuxur aðalmálið og þá við einhvern af ofangreindum litum. Eins er ég fullviss um að karrígular púðar myndu poppa upp hvaða heimili sem er. Bara ekki mitt.



KVENLEGT Svartur blúndukjól með mjaðmastykki frá Prada.



KÁPA Dásamlega falleg síð kápa með belt í mittið frá Dolce et Gabbana fyrir haust/vetur 2008.



ÍTALSKIR HÖNNUÐIR SÆKJA Í ÍTALSKAR HEFÐIR Dásamlegar blúndur

Miuccia Prada segist alltaf hafa hatað blúndur en ákvað að storka sjálfri sér og byggja alla línu næsta veturs á þessu kvenlega efni. „Þetta er jú efnið sem allar konur nota á mikilvægustu augnablikum ævi sinnar,“ sagði hún að lokinni sýningu fyrir veturinn 2008 í Milanó. „Konur klæðast blúndum þegar þær eru skírðar, giftar og í jarðarförum.“ Fleiri ítalskir hönnuðir léku sér með blúndur, þar á meðal Dolce & Gabbana, Etro, Alessandro dell Aqua og La Perla og útkoman var hreint unaðsleg - kvenlegt, sexy og klassískt.

-amb

BLÁTT Skemmtileg blanda af settlegri karlmannlegri bómullarskyrtu og svörtum blúndum frá Prada.



EINFALT Fallegur blúnduskokkur með skærappelsínugulum klút í hálsinn hjá Prada fyrir vetur 2008.



GAMALDAGS Klassískur blúndukjól með stuttum ermum frá Prada.



FJADRIR Kvenleg blóm, fjaðrir, silki og svört blúnda hjá Etro fyrir vetur 2008.

Culiacan
MEXICAN GRILL


HÍÐASMÁRA 15 & FAXAFENI 9
SÍMI 533 1033 www.culiacan.is

**HOLLUR
& GÖÐUR**

SADDUR

...ÁN SAMVIKUBITS

LÍNAN



Eins og þér hentar...



Coffee línan: 180 tegundir af áklæðum og 50 tegundir af leðri | Verð: 2ja sæta frá 88.000 kr. í áklæði og 138.000 kr. í leðri

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16

> DÆMIR Í FEGURÐAR-SAMKEPPNI

Heather Mills verður dómari í keppni um Ungfrú Bandaríkin. Keppnin fer fram í Las Vegas 11. apríl. Heather fékk fyrr í vikunni tæpa fjóra milljarða vegna skilnaðar síns og Pauls McCartney.



fólk

folk@frettabladid.is

Flýtt um eina viku

Frumskýningardegi Quantum Solace, nýjustu myndarinnar um njósnara hennar hátignar, James Bond, hefur verið flýtt um eina viku. Myndina átti upphaflega að sýna sjöunda nóvember en verður nú á hvíta tjaldu 31. október.

Upptökur á myndinni hafa staðið yfir í Panama og í eyðimörk í Kaliforníu. Breska Bond-stúlkan Gemma Arterton segist hafa skemmt sér vel við tökurnar. „Það var frábært að starfa á götum Panama vegna þess að maður fann hvernig það er að búa þarna í raun og veru,“ sagði hún.

Pálmi Gests afmyndast í lýtaaðgerð

Eftir páska verður verkið Engispretturarnar frumsýnt í Þjóðleikhúsinu en það er Þórhildur Þorleifsdóttir sem leikstýrir. Pálmi Gestsson leikari þarf að ganga í gegnum mikið umbreytingarferli en í verkinu er hann hommi sem gengst undir lýtaaðgerð.

„Nei, það má til sanns vegar færa,“ segir Pálmi Gestsson stórleikari en hann á ekki sjö dagana sæla í sminkuherbergi Þjóðleikhússins. Þar fara fagmenn um hann höndum og afmynda í þágu listarinnar.

„Þetta er eina lýtaaðgerðin sem ég hef farið í. Í Engisprettunum leik ég lækni sem jafnframt er hommi. Hann er kominn þetta um fertugt og finnst hann ekki eiga glæsta daga fram undan. Og fer því í lýtaaðgerð. Sem þýðir að nota þarf á mig, vestfirski trölllið og hið veðurbarða nautshúðarandlit, slípurokk, grófan sandpappír og teppalím-band,“ segir Pálmi. Og dregur ekki úr því nema síður sé að þetta sé töluvert álag. Er þá mikið sagt því Pálmi, sem leikari bæði á sviði, í kvikmyndum og sjónvarpi á áratuga reynslu að baki sitjandi í stól sminkunnar þar sem honum hefur verið breytt í allra kvikinda líki.

En hvað segir Dilly um þessi ósköp?



PÁLMI GESTSSON SEM AFMYNDAÐUR HOMMI

Eftir að sminkurnar hafa farið um hann höndum er Pálmi Gestsson óflegur að sjá. Pálmi hefur aldrei upplifað annað eins og er þó ýmsu vanur eftir að hafa verið breytt í allra kvikinda líki í gegnum tíðina.

(Sigurlaug Halldórsdóttir, eiginkona Pálma.)

„Jahh, hún ætlar ekki til sama lækis og ég. Það er ábyggilegt. Skurðlæknir sem Guðrún Gísladóttir leikur er vinkona þessa manns. Hún hefur lofað að gera þetta ókeypis fyrir hann í sumarfríinu. Og hann Freddy, en það heitir persónan, segir að hún sé ljót og leiðinleg kerling á breytingaskeiðinu. En mjög flink. Ég held að hún sé nú ekki mjög flink þegar allt kemur til alls.

Það verður engin sérstök hamingja með afraksturinn.“

Pálmi segir verkið sérdeilis frábært en það er eftir Biljana Srbljanovic. „Já, serbneska konu á miðjum aldri. Og kom mér svona líka skemmtilega á óvart. Ekki að serbneskar konur á miðjum aldri geti ekki verið skemmtilegar. Ég er ekki að segja það. En... hvar var ég? Já, þetta er „all-star cast“ og verður frábær sýning,“ segir Pálmi.

jakob@frettabladid.is

Nýtt í bíó

OPIN KERFI
VERSLUN

HEIMUR ÞEIRRA ER NÆR EN ÞIG GRUNAR

NICKELODEON MOVIES PRESENTS

THE SPIDERWICK CHRONICLES

FRÁBÆR ÆVINTYRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

7



STEREO HYPNOSIS Hljómsveitin Stereo Hypnosis spilar á Organ í kvöld ásamt fleirum.

Rafræn hátíð

Fjöldi listamanna kemur fram á hátíðinni Electric Ethics (Red Symphony-Live) sem verður haldin á skemmtistaðnum Organ í dag á vegum Nýju samvinnuhreyfingarinnar.

Hljómsveitirnar Gjöll, Klive, Bacon, Inferno 5, Digital Madness og Stereo Hypnosis stíga þar á svið ásamt Snorra Ásmundssyni, Peter Mlakar frá Slóveníu og Dj Magga Lego. Nýja samvinnuhreyfingin stóð síðast fyrir tónleikum hljómsveitarinnar Laibach sem voru haldnir hérlandis sama mánaðardag, 22. mars, fyrir tveimur árum. Organ verður opnað klukkan 20 í kvöld og er miðaverð 1.500 krónur.



GÚSTI HRAUNDAL Gústi Hraundal hefur gefið út sína fyrsta sólóplötu.

Fyrsta platan frá Gústa

Fyrsta plata trúbadorsins Gústa Hraundal, Sýn, er komin út.

Á plötunni nýtur Gústi aðstoðar þeirra Mána Hraundal, Jóns Kr. Guðjónssonar og Ágeirs Óskarssonar.

Gústi hefur grúskað í tónlist lengi og spilað með fjölda hljómsveita. Frægust þeirra er vafalítið pónksveitin goðsagnar-kennnda Sjálfsfróun. Textar plötunnar er einlægir þar sem Gústi segir frá ýmsu sem á daga hans hefur drifið.

Konungar nördanna keppa

Heimildarmyndin óborg-anlega The King of Kong verður tekin til sýninga hjá Græna ljósinu á næstunni í Regnboganum. Freyr Bjarnason talaði við tölvuleikjanjörðinn Steve Wiebe og framleiðanda myndarinnar, Ed Cunningham.

The King of Kong fjallar um kennarann Steve Wiebe og sósuframleiðandann Billy Mitchell sem eiga í hatrammri baráttu um heimsmetid í tölvuleiknum Donkey Kong, sem var hvað vinsælastur á níunda áratugnum. Ýmislegt gengur á og mætir Wiebe miklum mótbyr á leið sinni að metinu. Hinn hrokafulli heimsmestari Mitchell ætlar ekki að gefa sitt eftir svo glatt og beittir óhefðbundnum aðferðum til að klekkja á sínum helsta áskoranda.

Gerðu ekki grín að okkur

Steve Wiebe segist hafa skemmt sér vel við gerð heimildarmyndarinnar.

innar. „Við fengum þarna tækifæri til að segja okkar sögu, þannig að ég tók vel í það þegar þeir töluðu um að gera myndina,“ segir Steve, sem er mjög ánægður með útkomuna. „Mér fannst kvikmyndagerðarmennirnir passa sig á því að gera ekki grín að þeim sem komu fram í henni. Þetta er fyndin mynd en þeir bera virðingu fyrir viðfangsefninu. Tölvuleikjakeppni er líka álíka lögmæt og hver önnur keppni á borð við golf, pílukast eða ruðning.“

Spilað í bílskúrnum

Steve segir að allt sem sést í myndinni hafi gerst í raun og veru og enginn sé með látalæti. „Ég var bara ég sjálfur en ég var samt ekkert alltof stoltur af sumum augnablikum,“ segir hann og hlær. Á hann þar við atriði þar sem hann er upptekinn við að bæta heimsmetid í bílskúrnum heima hjá sér þegar sonur hans kallar á hjálp, án árangurs.

Steve játar að vinsældir myndarinnar hafi komið sér á óvart. „Ég vissi ekki hvernig fólk myndi taka

svona tölvuleikjamynd. Þetta er samt í raun hefðbundin keppni og maður þarf ekki að vera tölvuleikjaáhugamaður til að kunna að meta hana.“

Justin og The Rock-aðdáendur

Eftir að myndin kom út í Bandaríkjunum fyrir um þremur árum hefur hinn hógværi Steve notið töluverðra vinsælda, sérstaklega á meðal fræga fólksins. Hann hefur hitt stjörnur á borð við Justin Timberlake og The Rock auk þess sem hljómsveitin Matchbox 20 bauð honum á tónleika sína í Seattle og tileinkaði honum eitt lag. Einnig kom hann nýverið fram í kvikmyndinni Four Christmas sem skartar Reese Witherspoon og Vince Vaughn í aðalhlutverkum. „Margir ótrúlegir hlutir hafa gerst. Ég fór í þrjár vikur til Hollywood og það var mjög gaman. Ég hefði aldrei trúað því að eitthvað svona gæti gerst í framhaldi af því að spila Donkey Kong.“

„Rokkstjarnan“ Billy

Framleiðandinn Ed Cunningham

segist hafa sannfærst um að The King of Kong hefði möguleika á að verða góð eftir að hann hitti hinn sérlundaða Billy Mitchell. „Þegar hann var sautján ára lifði hann hálfgerðu rokkstjörnulífi. Á þessum tíma voru leikjasalirnir mjög vinsælir og sá sem var bestur í erfiðasta leiknum naut mikillar virðingar. Hann komst því í sviðsljósið mjög ungur, lenti á forsiðu tímaritsins Life, og það hefur eðlilega áhrif á þig,“ segir Ed.

„Við höfum talað nokkrum sinnum við Billy síðan myndin kom út og hann er ekki ánægður með þá mynd sem er dregin upp af vinum hans. En honum er alveg sama þótt hann sé „þorparinn“. Hann sér að þetta er góð saga og að hún þurfi að hafa ákveðið jafnvægi. Steve Wiebe er kannski hetja myndarinnar en þegar fólk fer út úr bíóinu talar það fyrst og fremst um Billy.“

Að sögn Eds stendur til að búa til kvikmynd byggða á The King of Kong en ekki hafi verið ákveðið hvenær hún fari í framleiðslu.



COLDPLAY Hljómsveitin Coldplay gefur út sína fjórðu plötu í júní.

Spænskt nafn á plötu Coldplay í júní

Nafn fjórðu hljóðversplötu bresku sveitarinnar Coldplay sem kemur út í júní verður Viva la Vida. Söngvarinn Chris Martin sá þennan spænska frasa í málverki eftir Fridu Kahlo og heillaðist af honum. „Mér fannst frábært hversu ógrandi hann var,“ sagði hann. Játáði Martin jafnframt að auðvelt sé að rugla nafninu saman við lag Rickys Martin, Livin' la Vida Loca. „Allir halda að nafnið komi frá Ricky Martin, sem er bara í góðu lagi.“

Á meðal laga á plötunni verða Lovers in Japan og Strawberry Swing. Síðasta plata Coldplay, X&Y, kom út árið 2005 og hefur selst í um tíu milljónum eintaka.



STEVE WIEBE Steve spilar Donkey Kong undir vökulum augum dómarans undarlega, Walter Day.



BILLY MITCHELL Sósuframleiðandinn Billy er vafalítið minnstæðasta persónan úr heimildarmyndinni The King of Kong.



EIGNAÐIST DÓTTUR Á SUNNUDAGINN Halle Berry er hæstánægð að vera orðin mamma. Hún þykir í engu hafa tapað þokka sínum.

Halle Berry búin að nefna dóttur sína

Íðilfagra leikkonan Halle Berry eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum. Nú hefur fjölmiðlafulltrúi hennar upplýst um nafn dótturinnar, hún heitir Nahla Ariela Aubry.

Þabbinn er 32 ára fyrirsæta, Gabriel Aubry. Hann og Halle, sem er 41 árs, kynntust þegar þau léku saman í Versace-auglýsingu í Los Angeles. Halle sannfærðist um að móðurhlutverkið væri eitthvað fyrir sig þegar hún lék foreldri í síðustu mynd sinni, Things we lost in the fire.

Halle Berry er frægust fyrir hlutverk sitt í Monster's Ball sem hún hlaut Óskarsverðlaun fyrir. Þá varð hún kunn fyrir að leika í X-Men-myndunum og Bondmyndinni Die Another Day. Á þessu ári verða frumsýndar þrjár nýjar kvikmyndir með henni.

LEGSTEINAR - ÍSLENSK SÉRSMÍÐI



Blágrýti
grágrýti
gabbró
líparít
granít
marmari
- allt eftir
þínum óskum



Legsteinar úr íslensku grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti - einnig úr graníti eða marmara. Sérsmíðum eftir óskum hvers og eins.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira. Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband við verslun okkar og fáðu bækling sendan heim.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kópavogur sími 557 6677 www.shelgason.is

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

BÍÓPÁSKAR Glöðlega bíópáska

ALFABAKKA			KRINGLUUNNI			KEFLAVÍK		
HANNA MONTANA	kl. 2 - 4 - 6	3D-DIGITAL	HANNA MONTANA	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	DIGITAL	10.000 BC	kl. 8 - 10:20	L
10.000 BC	kl. 6 - 8 - 10:30	DIGITAL	10.000 BC	kl. 10	DIGITAL	HORTON HEARS A WHO	kl. 4 - 6	L
10.000 BC	kl. 8 - 10:30	VIP	SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 1-3:20 - 5:40 - 8 - 10:20	7	KITE RUNNER	kl. 8	L
HORTON M/ISL TALI	kl. 2 - 4 - 6	L	UNDRAHUNDURINN ISL TALI	kl. 2 - 4	L	DARK FLOORS	kl. 10:20	16
THE BUCKET LIST	kl. 8:20 - 10:30	7	JUNO	kl. 6 - 8 - 10:10	7	UNDERDOG M/ISL TALI	kl. 4	L
THE BUCKET LIST	kl. 3:40 - 5:50	VIP	SELFOSS			MR. MAGORIUMS	kl. 6	L
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL TALI	kl. 2	L	SEMI PRO	kl. 8 - 10:10	12	AKUREYRI		
P.S. I LOVE YOU	kl. 8	L	THE BUCKET LIST	kl. 6 - 8	7	LARS AND THE REAL GIRL	kl. 6 - 8	12
THERE WILL BE BLOOD	kl. 10:30	16	JUNO	kl. 10:10	7	SHUTTER	kl. 10	L
UNDRAHUNDURINN M/ISL TALI	kl. 2 - 4	L	UNDRAHUNDURINN ISL TALI	kl. 4 - 6	L	UNDRAHUNDURINN ISL TALI	kl. 6	L
LARS AND THE REAL GIRL	kl. 6 - 8:20 - 10:40	L	ÁSTRÍKUR ISL TALI	kl. 3:45	L	10.000 BC	kl. 8 - 10	12
STEP UP 2	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8	7	SAMBÍÓIN ERU OPIN ALLA PÁSKANA					
NO COUNTRY FOR OLD MEN	kl. 10:30	16						



Fjölskyldugrín

Horton Hears a Who er þriðja nýlega kvikmyndin sem gerð er eftir barnabók rithöfundarins Dr. Seuss, á eftir hinni ágætu How the Grinch Stole Christmas með Jim Carrey frá 2000 og hinni best gleymdu The Cat in the Hat frá 2003. Í þetta skipti er gerð tölvuteiknuð mynd í stað leikinnar, sem er kannski sniðugra í ljósi þess hversu frumandi sagnaveröld hans er. Framleiðendur hennar og tölvuteiknarar, Blue Sky Studios, eru þeir sömu og voru á bak við Ice Age.

Sagan sem Horton Hears a Who byggir á er nú yfir fimmtíu ára gömul, en hún segir frá flínum ærslafulla Horton sem heyrir rödd koma frá litlu korni á blómi. Á korninu mun þá agnarlitíð fólk, sem Horton ætla sér að finna samastað fyrir. En ein regluföst kengúra trúir honum ekki, og einsetur sér að hindra för hans.

Horton Hears a Who verður að teljast að mörgu leyti vel heppnuð og ánægjuleg affreyning. Það eru margir skemmtilegir karakterar í myndinni, með filinn Horton í fararbroddi, sem ná að halda uppi gríninu án þess að það verði sérstaklega barnalegt. Sem dæmi um gríntóninn kemur upp úr þurru í myndinni frábær sena sem gerist í hugarheimi Hortons, og er teiknuð hefðbundnið í anime-stíl. Tölvuteikningin er frábær og

KVIKMYNDIR

Horton Hears a Who

Leikstjórn: Jimmy Hayward og Steve Martino. Aðalhlutverk: Jim Carrey, Steve Carell.

★★★

Fín fjölskyldumynd sem höfðar til ungra sem aldinna.

stíll Dr. Seuss kemur afskaplega vel út á því formi.

Það er Jim Carrey sem sér um talsetninguna fyrir aðalpersónuna, Horton, og tekst honum mætavel upp. Hann nær til að mynda að dempa sig niður og einblína á persónuna, án þess að minna stöðugt á að röddin sé hans. Steve Carell, Carol Burnett og Will Arnett ljá myndinni einnig raddir sínar með söma og í stuttum gestahlutverkum eru nöfn á borð við Seth Rogen, Dan Fogler, Isla Fisher, Jonah Hill og Amy Poehler.

En það er fyrst og fremst sagan í Horton Hears a Who sem stendur fyrir sínu, en hún nær, líkt og barnasögur gera jafnan, að fjalla um víðfeðm málefni á auðskiljanlegan hátt. Þannig nær myndin auðveldlega að heilla stóran áhorfendahóp, bæði unga sem alda, og auðvelt er að mæla með henni í fjölskylduferðina.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 bara lúxus **GLEÐILEGA PÁSKA**

LAUGARÁSBÍÓ - SYNINGARTÍMAR		
SPIDERWICK	kl. 2, 4, 6 og 8	7
10.000 BC - POWER	kl. 5:50, 8 og 10:10	12
HORTON - ISLENSKT TAL	kl. 2, 4 og 6	L
SEMI-PRO	kl. 4, 8 og 10:10	12
RAMBO	kl. 10	16
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1:45	L

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar mörktar með rauðu!

OPID ALLA PÁSKANA PÁSKABÍÓ! GLEÐILEGA PÁSKA

Páskamyndin í ár! Með íslensku og ensku tali

Fyllinn Horton sem leggur mikið á sig til að bjarga hverjum bæjarstjóra í æðislega skemmtilegri teiknimynd.

ATH: Á undan myndinni verður trumsýnt frábært myndskoti úr

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000			HÁSKÓLABÍÓ Sími 530 1919		
SHUTTER	kl. 8 - 10	16	THE SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	7
SHUTTER LÚXUS	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10		HORTON	kl. 4 - 6 ISLENSKT TAL	7
THE SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 1 - 3:15 - 5:30 - 8 - 10:15	7	HEIDIN	kl. 6 - 8	7
HORTON	kl. 2 - 4 - 6 - 8 ENSKT TAL		THE KITE RUNNER	kl. 8 - 10:30	12
HORTON	kl. 2 - 4 - 6 ISLENSKT TAL		INTO THE WILD	kl. 10	7
SEMI PRO	kl. 3:30 - 8 - 10:10	12	ATONEMENT	kl. 3:30	14
BE KIND REWIND	kl. 10		BRÜÐGUMINN	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7
27 DRESSES	kl. 5:40	5%			
ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPIULEIKUNUM	kl. 1				
REGNBÓGINN Sími 551 9000			BORGARABÍÓ Sími 462 3500		
IN BRUGES	kl. 3 - 5:45 - 8 - 10:10	16	THE SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2 - 4 - 6 - 8	7
HORTON	kl. 3 - 6 - 8 - 10 ENSKT TAL		HORTON	kl. 2 - 4 - 6 ISLENSKT TAL	12
THE ORPHANAGE	kl. 3 - 6 - 8 - 10	16	SEMI PRO	kl. 10	
BE KIND REWIND	kl. 10:30		HEIDIN	kl. 10	
27 DRESSES	kl. 3 - 5:30 - 8	5%			

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SYNINGAR ALLA PÁSKANA

HORTON M/ISL TALI KL. 2 Í ALFABAKKA

UNDRAHUNDURINN M/ISL TALI KL. 2 Í ALFABAKKA

SPIDERWICK KL. 11 KRINGLUUNNI

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ALFABAKKA

450 kr. HÁSKÓLABÍÓ REGNBÓGINN 450 kr.

kl. 3:30 í Háskólabíó kl. 4 í Háskólabíó kl. 3 í Regnbogann kl. 3 í Regnbogann kl. 3 í Regnbogann

Ódyrt í bíó Sími: 553 2075 bara lúxus

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Efnilegur rímnasmiður

Chicago-rapparinn Wasalu Muhammad Jaco eða Lupe Fiasco eins og hann kallar sig er einn af efnilegustu nýliðunum í bandarísku rappi síðustu ár. Hann á að baki margar mix-snældur og meðanjarðarútgefur en hann sló ekki í gegn fyrr en með fyrstu plötunni sinni fyrir Atlantic-plötufyrirtækið, Food & Liquor, sem kom út haustið 2006 og hlaut m.a. þrjár Grammy-tilnefningar. The Cool er plata númer tvö. Hún kom út í Bandaríkjunum um miðjan desember en í Evrópu fyrir nokkrum vikum.

Tónlist Lupe er frekar poppuð og textarnir eru skemmtilegir. Lupe er góður sögumaður og eflaust einn af efnilegustu nýju rímnasmiðunum vestanhafs. Lagið Superstar sem hann flytur með aðstoð Matthews Santos hefur notið mikilla vinsælda enda sérlega grípandi. Það eru samt mörg flottari lög á The Cool, t.d. Hi-Definition sem Snoop Dogg rappar í, Hip-Hop Saved My Life og The Coolest.

The Cool er á heildina lítið frísklegt innlegg í bandaríska rappið sem er reyndar í hálfgerðri lægð þessi misserin. Platan nær samt engan veginn að halda athyglinni í þessar sjötíu mínútur sem hún varir og Lupe verður að gera betur



TÓNLIST

The Cool

Lupe Fiasco

★★★

Ein helsta vonarstajarna bandaríska rappheimsins fylgir eftir afburðaplötunni Food & Liquor með frísklegri en nokkuð misjafnri plötu.

næst ef hann ætlar halda sig í framlínunni. Það verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni og líka spennandi að sjá hvort hljómsveitin sem hann stofnaði með Kanye West og Pharrell Williams, Child Rebel Soldier, sendir frá sér plötu.

Trausti Júlíusson

Hanagal á Bítlaæfingu

Heather Mills fékk 23,4 milljónir punda út úr skilnaði þeirra Pauls McCartneys í vikunni. „Þetta er dágott tímakaup hjá henni, hvað voru þau lengi saman, 3-4 ár?“ spyr Jón Ólafsson, einn af fjölmörgum aðdáendum Pauls McCartney á Íslandi. Það þarf ekki að spyrja að því með hverjum hann er í liði. „Þetta er vel af sér vikið hjá henni fjárhagslega. Maður spyr sig hvort þetta hafi verið undirbúið hjá henni frá byrjun?“ bætir hann við, þungur á brún.

Jón æfir nú upp stórkotalið poppara sem ætlar að spila Sgt. Peppers í heild sinni auk annarra Bítlalaga með Sinfóníunni á tvennum tónleikum í

Háskólabíói í dag. Jón segir æfingar ganga vel. „Þetta er farið að hljóma mjög vel enda hafa menn unnið heimavinnuna sína. Hljóðheimur Sgt. Peppers er náttúrulega alveg einstakur svo stór hluti af vinnunni er að finna réttu sáðin. Í morgun var til dæmis allt vaðandi í búfénaði á æfingu, hanagali og geltandi hundum. Það verða öll smáatriði á hreinu.“

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og 21 og enn eru til miðar.

DÁGOTTÍMAKAUP HJÁ HEATHER Jón Ólafsson er í liði með Paul McCartney.



Í TJARNARBÍÓI UM HELGINA –TRUFFAUT HELGI

LAU

22 MAR

15.00 Síðasti metróinn
17.30 Húðmýkt
20.00 Konan í næsta húsi
22.00 Jules og Jim

SUN

23 MAR

15.00 Jules og Jim
17.00 Ensku konurnar og meginlandið
20.00 Síðasti metróinn
22.30 Konan í næsta Húsi

MÁN

24 MAR

15.00 Ensku konurnar og meginlandið
17.30 Síðasti metróinn
20.00 Jules og Jim
22.00 Húðmýkt



Allar upplýsingar er að finna á WWW.FJALAKOTTUR.IS

Á ÞRIÐJUDAGINN FJÖLGAR ÍSLENSKUM MILLJÓNAMÆRINGUM UM 30

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

Næsti útdráttur verður
25.03.2008



HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

> Örn í áttunda sæti

Sundkappinn Örn Arnarson úr SH náði áttunda sæti í 50 metra baksundi á EM í Hollandi í gærkvöld. Örn synti þá á 25,88 sekúndum sem er rétt yfir Norðurlandametinu sem hann setti í undanúrslitasundinu í fyrradag. Örn var sémilega sáttur þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. „Það hefði auðvitað ýmislegt getað gengið betur og alltaf eitthvað sem maður er ekki 100% sáttur með en svona á heildina lítið þá var þetta alls ekkert slæmt,“ sagði Örn sem var 0,75 sekúndum á eftir Grikkjanum Aristeidis Grigoriadis sem sigraði í sundinu. Örn keppir í 50 metra skriðsundi á morgun.

sport
sport@frettabladid.is



JÓHANNES ÁRNASON OG IGOR BELJANSKI ÞJÁLFARAR: MÆTAST ÞEGAR KR HEIMSÆKIR GRINDAVÍK Í RÖSTINA Í DAG

Þetta verður sannkallaður háspennuleikur

Grindavík og KR mætast í fjórða leik liðanna í úrslitakeppni Iceland Express-deildar kvenna í Röstinni í Grindavík kl. 16 í dag. Liðin sigruðu hvort um sig tvo heimaleiki í deildinni í vetur en í úrslitakeppninni náði KR að vinna heimaleik og svo að brjóta mynstrið upp og vinna loks útleik og Grindavík svaraði svo með því að vinna í DHL-höllinni í Vesturbænum á miðvikudag og staðan er því 2-1 fyrir KR í einvígi liðanna þar sem þrjú sigra þarf til sigurs.

Jóhannes Árnason, þjálfari KR, var brattur þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær og var á fullu að undirbúa lið sitt fyrir átökin.

„Þetta verður sannkallaður háspennuleikur og undirbúningurinn gengur vel hjá okkur og ég vona bara að spennustigið verði rétt þegar leikurinn hefst. Liðin eru náttúrulega farin að þekkjast gríðarlega vel á þessu stigi og jafnvel farið að kunna inn á kerfi mótherjanna þannig að þetta snýst um það hvort liðið nær í raun að framkvæma betur viss tækniatriði. Þú reynir að framkvæma þau atriði sem farið er yfir í undirbúningnum fyrir leikina og ef framkvæmdin tekst

ekki upp þá taparðu einfaldlega. Í fyrstu tveimur leikjunum spiluðum við miklu betur en þær og í síðasta leik spiluðu þær miklu betur en við en þegar einvíginu er lokið kemur í ljós hvort liðið er betra,“ sagði Jóhannes.

Igor Beljanski, þjálfari Grindavíkur, hlakkaði mjög til leiksins þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið og var bjartsýnn fyrir hönd liðs síns.

„Þetta verður gríðarlegur baráttuleikur og liðið sem verður hungraðra í sigur á eftir að vinna leikinn og vonandi verður það Grindavík. Við erum að spila á heimavelli og ég á von á frábærrí stemningu og frábærum körfubolta,“ sagði Igor.



SYSTURNAR Fjögur systurþórir eru í U-20 ára kvendandsliðinu, en það eru aðstoðarþjálfararnir Hafdis og Guðríður Guðjónsdætur sem standa á endunum, Sunneva og Hildigunnur Einarsdætur sem standa hlið við hlið, önnur og þriðja frá vinstri, Stella og Sara Sigurðardætur sem eru fjórða frá vinstri og önnur frá hægri og svo Rut og Auður Jónsdætur sem standa hlið við hlið, fjórða og þriðja frá vinstri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Baráttusigur hjá Íslandi

U-20 ára kvendandslið Íslands sigraði Serbíu 29-27 í Digranesi í gær. Íslenska liðið lagði grunninn að sigri með frábærum leikkafla í upphafi seinni hálfleiks.

HANDBOLTI Kvendandslið Íslands skipað leikmönnum undir 20 ára vann glæsilegan 29-27 sigur á Serbíu í undankeppni EM í Digranesi í gær.

Íslensku stelpurnar byrjuðu leikinn af miklum krafti og komust fljótlega í 4-1 en þá kom hávaxið lið Serbíu til baka og staðan var jöfn 7-7 þegar stundarfjórðungur var liðinn af fyrri hálfleik. Leikurinn var gríðarlega harður og greinilegt að leikmenn liðanna ætluðu að selja sig dýrt. Lið Serbíu var komið með tveggja marka forskot þegar lítið var eftir af fyrri hálfleik en íslensku stelpurnar gáfust ekki upp og náðu að jafna leikinn 15-15 á lokasekúndunum með marki frá Söru Sigurðardóttur. Karólína Gunnarsdóttir var atkvæðamest í fyrri hálfleiknum með fjögur mörk en Hildur Þorgeirsdóttir kom næst með þrjú mörk. Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir var frábær í marki Íslands og varði tólf skot, þar af tvö víti, í fyrri hálfleik og gaf liðinu tóninn þegar ekki gekk sem best á síðustu mínútum hálfleiksins.

Ísland-Serbía 29-27 (15-15)

Mörk Íslands (skot): Karólína Gunnarsd. 7 (9), Stella Sigurðard. 6/4 (11/4), Rut Jónsd. 5 (9), Hildur Þorgeirsd. 3 (8/1), Sara Sigurðard. 2 (2), Hildigunnur Einarsd. 2 (2), Karen Knútsd. 2 (4), Arna Sif Pálsd. 1 (1), Auður Jónsd. 1 (6).
Varin skot: Ólöf K. Ragnarsdóttir 19/3 (46/5), 41%.
Hraðauppflaup: 5 (Hildigunnur 2, Karólína 2, Rut).
Fiskuð víti: 5 (Karen 2, Stella 2 Arna).
Utan vallar: 10 mínútur.



ÖFLUG Stella Sigurðardóttir átti finan leik fyrir Ísland í gær og skoraði sex mörk og þar af voru fjögur úr vítum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri þar sem íslensku stelpurnar fóru á kostum og hreinlega keyrðu yfir Serbíu og eftir aðeins tju mínútur var staðan orðin 17-21. Íslensku stelpurnar héldu upp-teknum hætti og komust mest í sjö marka mun í stöðunni 27-20 þegar um tíu mínútur lifðu leiks en lokatölur urðu 29-27. Þrátt fyrir að íslensku stelpurnar hafi misst aðeins taktinn á lokamínútunum

var sigurinn aldrei í hættu. Ólöf Kolbrún var valin maður leiksins í leikslok en hún varði 19 skot. Stefán Arnarson, þjálfari Íslands, var ánægður í leikslok. „Við spiluðum góðan handbolta og ég get ekki verið annað en sáttur. Við vildum sýna sjálfum okkur og öllum öðrum hvað liðið er í raun og veru orðið gott og mér fannst við gera það,“ sagði Stefán.

omar@frettabladid.is

Boltinn er hjá okkur

West Ham - Derby

18.-20. apríl

Verð á mann í tvíbýli

57.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur á hóteli með morgunverði og miði á leikinn.

Barcelona - Valencia

2.-5. maí

Verð á mann í tvíbýli

79.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 3 nætur á hóteli með morgunverði og miði á leikinn.

Liverpool - Man. City

2.-4. maí

Verð á mann í tvíbýli

89.900 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 2 nætur á hóteli með morgunverði og miði á leikinn.



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



SKAFÐU

Taktu þátt í páskaleik á næstu bensinstöð Shell

Þú gætir unnið utanlandsferð

Íslenska U-20 ára karlalandsliðið sigraði Belgíu:

Með fullt hús stiga eftir tvo leiki

HANDBOLTI U-20 ára landslið karla sigraði Belgíu 36-29 í öðrum leik sínum í undankeppni EM sem fer fram í Þýskalandi þessa dagana.

Samkvæmt heimasíðu Handknattleikssambands Íslands náði íslenska liðið góðri forystu strax í upphafi og komst fljótlega í 6-1 og svo 14-11 en staðan var 17-12 Íslandi í vil í hálfleik.

Í seinni hálfleik hélt Ísland áfram og jók forystu sína jafnt og þétt en lokatölur urðu eins og segir 36-29.

SÁTTUR Þjálfarinn Heimir Rikarðsson getur verið sáttur með strákana. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



Rúnar Kárasson skoraði 8 mörk, Oddur Grétarsson 6, Aron Pálmarsson 6, Ólafur Gústafsson 5, Guðmundur Árni Ólafsson 4, Ásbjörn Friðriksson 2, Hjálmar Arnarsson 2 og Þröstur Þráins-son, Anton Rúnarsson og Þrándur Gíslason skoruðu 1 mark hver. Sveinbjörn Pétursson varði 8 skot í markinu.

Ísland hefur þar með unnið báða leiki sína í riðlinum til þessa en liðið lagði Norðmenn að velli í fyrradag. Í dag mæta íslensku strákarnir Þjóðverjum.

- 6p



Iceland Express



vörður



enski boltinn



BARCLAYS
PREMIER LEAGUE

RISASUNNUDAGUR!

Á MORGUN KL. 13:30

MAN. UTD. – LIVERPOOL



Á MORGUN KL. 16:00

CHELSEA – ARSENAL



Á morgun kl. 13:10 og 15:40 - aukabáttur af 4 4 2. Guðni og Heimir fjalla um stórleiki dagsins.



Í DAG

KL. 12:35 Tottenham - Portsmouth



KL. 14:45 Bolton - Man. City



KL. 14:55 Reading - Birmingham



KL. 14:55 Newcastle - Fulham



KL. 14:55 Aston Villa - Sunderland



KL. 14:55 Blackburn - Wigan



KL. 17:05 Everton - West Ham



KL. 19:10 4 4 2 með Guðna Bergs





HEIMTAR VIRÐINGU Capello vill að leikmenn Englands sýni virðingu innan vallar sem utan. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fabio Capello þjálfari:

Ætlar að innprenta virðingu

FÓTBOLTI Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, er sagður vera mjög óánægður með hegðun Ashley Cole, John Terry og Frank Lampard í garð dómarsins Mike Riley í leik Chelsea gegn Tottenham á miðvikudaginn en leikmennirnir umkringdu dómarsinn eftir að Cole hafði tæklað Tottenham-manninn Alan Hutton. Capello ætlar að halda fyrirlestur fyrir leikmannahóp Englands sem mætir Frakklandi 26. mars þar sem hann mun fara yfir herferð sem enska knattspyrnusambandið er að leggja í undir yfirskriftinni „virðing“ sem Capello mun leggja mikla áherslu á.

Capello tilkynnti 30 manna leikmannahóp sinn í fyrradag þar sem endurkoma David Beckham vakti mesta athygli en hann gæti hugsanlega spilað sinn 100. landsleik fyrir England gegn Frakklandi. David Wheeler, Middlesbrough, var valinn í fyrsta skiptið og Gabriel Agbonlahor, Aston Villa, gæti leikið sinn fyrsta landsleik en hann þurfti að draga sig úr leikmannahópnum gegn Sviss á dögnum vegna meiðsla.

Capello mun skera hópinn niður í 23 leikmenn í dag. - óþ

Stórliðin mætast í enska boltanum

Topplið Manchester United fær erkifjendur sína í Liverpool í heimsókn á Old Trafford en United hefur unnið fjórar síðustu viðureignir liðanna og Chelsea og Arsenal mætast í rosalegum Lundúnaslag á Stamford Bridge en Avram Grant hefur ekki enn náð að vinna eitt af toppliðunum í stjóratíð sinni hjá Chelsea.

